skoðun 14

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Flugeldar

Til Abu Dhabi

Sigurvegarar Vodafone Cup munu keppa á alþjóðlegu móti í Sameinuðu arabísku furstadæmunum.

allt 4

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Þriðjudagur
28. desember 2010
304. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000

Úrval bestu ljóðanna

Skólaljóð hafa verið endurútgefin á 30 ára afmæli Námsgagnastofnunar.

tímamót 16

Stórt ár fram undan

Árni Hjörvar í bresku hljómsveitinni The Vaccines býr sig undir mikla vinnu.

fólk 34

Mikilvægt hjá Arsenal

Arsene Wenger var sigurvegari gærkvöldsins eftir 3-1 sigur Arsenal á Chelsea.

sport 30

veðrið í dag

HÆGLÆTISVEÐUR Í dag má búast við 3-8 m/s en heldur hvassara verður á Snæfellsnesi og á Vestfjörðum. N- og NA-til verður bjart með köflum en horfur á lítilsháttar úrkomu allra vestast.

VEÐUR 4

Fréttablaðið er nú með **187%** meiri lestur en Morgunblaðið.



Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í ágúst til október 2009 og 2010.

Lilja íhugar að segja sig úr þingflokki VG

Viðbrögð forystu VG við hjásetu Lilju Mósesdóttur og tveggja annarra við afgreiðslu fjárlaga eru þess eðlis að hún veltir því fyrir sér að kveðja þingflokkinn.

STJÓRNMÁL „Ef það er almennt skoðun stjórnarliða að við séum steinar í götu þeirra sé ég ekki annað en að við þurfum að bjóðast til að yfirgefa stjórnarliðið svo það geti haldið störfum sínum áfram.“

Þetta eru viðbrögð Lilju Mósesdóttur, þingmanns VG, við nokkrum orðum í jólakveðju Steingríms J. Sigfússonar, formanns VG, til flokksmanna. Í henni skrifaði Steingrímur: „Steinum sem velt er í götuna fylgir mikil ábyrgð.“

Í Fréttablaðinu í dag bregst Lilja líka við greinargerð Árna Þórs Sigurðssonar, starfandi formanns þingflokks VG, frá því fyrir jól.

> Ég velti fyrir mér hverjir það eru sem virkilega þrá að sprengja þessa vinstri stjórn.
>
> LILJA MÓSESDÓTTIR ÞINGMAÐUR VG

„Það þarf tvo til að deila og það var von okkar að það væri hægt að setjast niður og ræða málin… Eftir hjásetuna er það svo bara harkan sex og ég velti því fyrir mér hverjir það eru sem virkilega þrá að sprengja þessa vinstri stjórn.“ Segir hún málflutning Árna Þórs ganga út á að þau þrjú eigi að biðjast afsökunar á hjásetunni. Slíkur málflutningur auki ekki líkurnar á að sættir takist.

Lilja segir að eftir hjásetuna hafi það alls ekki verið ætlun hennar, Atla Gíslasonar og Ásmundar Einars Daðasonar, að yfirgefa flokkinn. Í framhaldi af yfirlýsingum forystumanna í flokknum sé sá möguleiki nú fyrir hendi. - bþs / sjá síðu 6

HANDAGANGUR Í ÖSKJUNNI Sjálfboðaliðar Landsbjargar voru í óða önn að raða upp vörum á sölustað Hjálparsveitar skáta í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Sviðsstjóri hjá Landsbjörgu segir flugeldasölu mikilvægustu fjáröflun ársins:

Sala á flugeldum hefst í dag

VERSLUN Flugeldasölustaðir Landsbjargar verða opnaðir um allt land í dag, en sala flugelda er mikilvægasta einstaka fjáröflun björgunarsveitanna ár hvert, að sögn Gunnars Stefánssonar, sviðsstjóra hjá Landsbjörgu.

Gunnar vonast til þess að almenningur sýni björgunarsveitunum stuðning í verki.

„Fólk hefur stutt við bakið á okkur í gegnum tíðina. Ég trúi því að fólk geri það áfram í ár og láti eftir sér að kaupa flugelda af okkur og styðji gott málefni.“

Gunnar segir árið sem er að líða hafa verið sérstaklega viðburðaríkt fyrir björgunarsveitir.

„Það hefur verið mikið álag á okkur í ár. Það var hvellur í janúar og mikið annríki við að koma alþjóðasveitinni út til Haítí og svo voru það auðvitað eldgosin tvö þannig að þetta er örugglega eitt af okkar allra stærstu árum frá upphafi.“

Gunnar segir að sitthvað nýtt verði á boðstólum en fjölskyldupakkarnir séu alltaf vinsælir.

Sölustaðir verða opnir til klukkan fjögur á gamlársdag. - þj

Ostakarfa frá Ostahúsinu

Ostahúsið býður upp á fjölbreytt úrval af ostakörfum ásamt glæsilegum gjafaöskjum.

www.ostahusid.is, sími 565 3940

ÞEKKING • REYNSLA • GÆÐI
Osta HÚSIÐ
STOFNAÐ 1992

Flutningabílar rákust á:

Þyrla sótti slasaðan ökumann

SLYS Alvarlegt bílslys varð þegar tveir flutningabílar rákust saman á þjóðvegi 1 um Langadal, vestan við Húnaver, í gærkvöldi. Ökumaður annars bílsins var fluttur alvarlega slasaður á Landspítalann í Fossvogi með þyrlu Landhelgisgæslunnar.

Samkvæmt upplýsingum lögreglu varð slysið með þeim hætti að annar bíllinn missti stjórn á tengivagni sínum og missti farminn. Hinn bíllinn lenti á vagninum. Þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöld var þyrlan í þann mund að lenda með annan ökumanninn í Fossvogi. Með þyrlunni fóru slökkviliðsmenn með klippibúnað. Þær upplýsingar fengust þegar blaðið fór í prentun að maðurinn væri mjög alvarlega slasaður.

Veginum var lokað bæði við Blönduós og Varmahlíð og umferð beint um Þverárfjallsleið. - þeb

Tæp 80 mál hjá sérstökum:

Von á ákærum eftir áramót

LÖGREGLUMÁL Sérstakur saksóknari hefur nú tæp áttatíu mál til rannsóknar og hefur þeim fjölgað mjög á þessu ári. „Síðan er slatti af kærum sem við vitum af á leiðinni frá Fjármálaeftirlitinu og víðar,“ segir Ólafur Þór Hauksson.

ÓLAFUR ÞÓR HAUKSSON

Búið er að taka skýrslur af á þriðja hundrað manns frá því að embættið var sett á laggirnar.

Í Fréttablaðinu í dag er farið yfir það sem á daga sérstaks saksóknara hefur drifið á árinu sem nú er senn á enda.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins má eiga von á að nokkrum smærri rannsóknum embættisins ljúki með útgáfu ákæra mjög fljótlega eftir áramót. - sh / sjá síðu 8

Uppgötvun breskra lækna:

IKEA blýantar í skurðaðgerðum

BRETLAND IKEA blýantar eru betur til þess fallnir að merkja fyrir skurðum á beinum en hefðbundnir tússpennar. Þetta segja tveir skurðlæknar í jólahefti breska læknablaðsins, British Medical Journal.

Karen Eley starfar við læknadeild Oxford-háskóla og Stephen Watt-Smith hjá John Radcliffe-spítalanum í Oxford. Þau segja að þrátt fyrir að þau hafi vitað að blýantarnir væru vinsælir hafi komið þeim á óvart að vera réttur einn slíkur í miðri skurðaðgerð. Blýantarnir reynist þó mun betur en tússið, sem á það til að nuddast af. - þeb

SPURNING DAGSINS

Baldvin, ertu rándýr?

Nei, alls ekki. Ég fer hægt um og er því sennilega frekar lamadýr.

Kvikmyndagerðamaðurinn Baldvin Z er að framleiða sjónvarpsþætti um fjármálalæsi. Í þáttunum „verðmetur" hann nokkra Íslendinga, en reynist sjálfur „dýrastur" þegar upp er staðið.

Sitjum að verðmætum mörkuðum með fiskafurðir á kostnað Norðmanna:

Fiskveiðiárið gefur forskot

SJÁVARÚTVEGUR Norðmenn verða af verulegum verðmætum fyrir sjávarafurðir sínar og gætu lært af Íslendingum hvernig á að hlusta eftir þörfum markaðarins. Þetta segir Yannick Forget-Dugaret, forstjóri stærsta framleiðanda og dreifingaraðila ferskra sjávarafurða í Frakklandi. Fyrirtæki hans Pomona, sem er með höfuðstöðvar í Boulogne, rekur 18 dreifingarstöðvar þar í landi.

Haft er eftir Forget-Dugaret á heimasíðu LÍÚ að Norðmenn verði af verulegum verðmætum þar sem þeir veiða nánast allan sinn þorsk á fyrri hluta ársins. „Við borgum sex evrur á kíló fyrri hluta ársins en verðið fer allt upp í tólf evrur á kíló frá september og fram til ársloka," segir hann í viðtali við vefmiðilinn IntraFish.

Lykilatriði er að Norðmenn miða við almanaksárið í fiskveiðistjórn en á Íslandi hefst fiskveiðiárið 1. september. Síðustu mánuði ársins eru Íslendingar og Færeyingar því í góðri stöðu á markaði. Í ofanálag segir Forget-Dugaret Íslendinga sveigjanlegri þegar kemur að því að uppfylla kröfur kaupenda. Það komi vel í ljós í viðskiptum með saltfiskafurðir, þar sem Norðmenn haldi fast í eigin hefðir og hlusti ekki nægilega eftir þörfum markaðarins. - shá

SALTFISKVERKUN Íslendingar eru sveigjanlegri við að uppfylla kröfur kaupenda.

Mataræði Neanderdalsmanna:

Ekki svo ólíkir nútímafólki

VÍSINDI Mataræði Neanderdalsmanna virðist hafa verið fjölbreyttara en hingað til hefur verið talið.

Vísindamenn í Bandaríkjunum hafa fundið steingerðar leifar af soðnu grænmeti í tönnum Neanderdalsmanna en þetta er í fyrsta sinn sem staðfest er að þeir hafi neytt annars en kjöts.

Þykir það kollvarpa kenningum um að skortur á veiðidýrum hafi valdið því að þeir dóu út og bendir til þess að þeir hafi verið líkari nútímafólki en áður var talið. - þj

Heilbrigðisstofnun Suðurlands:

Niðurskurður hefur rík áhrif

HEILBRIGÐISMÁL Niðurskurður í fjárveitingum til Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (HSu) hefur mikil áhrif á rekstur og starfsemi stofnunarinnar. Framlög til hennar hafa skerst um 20 prósent á þremur árum og þrátt fyrir að verulega hafi verið dregið úr fyrirhugaðri lækkun útgjalda er um verulegan vanda að ræða á næsta ári.

Þetta segir Magnús Skúlason forstjóri í pistli á síðu HSu.

Ekki hefur tekist að ljúka gerð rekstraráætlunar vegna óvissunnar sem ríkti í haust og vetur, að sögn Magnúsar. Hennar er að vænta á nýju ári. - þþs

Prestur svaf af sér messuna:

Meðhjálparinn las guðspjallið

SVÍÞJÓÐ Kirkjuræknir íbúar borgarinnar Luleå í Norður-Svíþjóð fengu að heyra jólaguðspjallið með heldur öðru sniði en þeir áttu von á þegar þeir flykktust til kirkju klukkan sex að morgni jóladags. Í kirkjuna vantaði lykilmanninn þar sem presturinn hafði sofið yfir sig.

Prestleysið olli ekki messufalli því meðhjálparinn las jólaguðspjallið af innlifun og orgelleikarinn hélt kirkjugestum við efnið.

Presturinn syfjaði mætti í kaffi eftir messuna og bað söfnuðinn afsökunar. Kirkjugestir fyrirgáfu honum þessa yfirsjón, enda bara mannlegt að sofa yfir sig. - bj

HEILBRIGÐISMÁL

Annað tilfelli svínaflensu

Svínaflensan var greind sjúklingi hér á landi í gær og er það annað tilfelli flensunnar sem kemur upp á skömmum tíma. Fyrra tilfellið kom upp skömmu fyrir jólin. Frá þessu var greint í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöld.

Eitur mælist í mjólk vegna sorpbrennslu

Matvælastofnun hefur stöðvað sölu búfjárafurða frá býli í Skutulsfirði vegna mengunar frá sorpbrennslustöðinni Funa. Magn eiturefna í reyk hefur mælst margfalt yfir leyfilegum mörkum. Ísafjarðarbær mun loka stöðinni hið fyrsta.

UMHVERFISMÁL Mengun frá sorpbrennslustöðinni Funa á Ísafirði varð til þess að mjólk frá lögbýli í nágrenni stöðvarinnar var innkölluð og framleiðsla stöðvuð að kröfu Matvælastofnunar (MAST). Bæjaryfirvöld á Ísafirði hafa ákveðið að sorpbrennslu í stöðinni verði hætt en mengaðan reyk hefur lagt frá sorpbrennslunni árum saman.

Fyrir rúmri viku greindust þrávirk aðskotaefni yfir leyfilegum mörkum í mjólkursýni frá bæ í Engidal í Skutulsfirði, sem er í næsta nágrenni við sorpbrennslustöðina Funa. Af öryggisástæðum var vinnsla mjólkur á bænum og dreifing afurða sem rekja mátti þangað stöðvuð. Mjólkin frá bænum nemur þremur prósentum hjá MS á Ísafirði og því talið nær útilokað að efnin hafi verið yfir leyfilegum mörkum í framleiðsluvörum stöðvarinnar sem allar eru seldar vestra. Aðskotaefni í mjólk eru talin einskorðast við þennan eina bæ.

Sigurður Örn Hansson, forstöðumaður matvælaöryggis- og neytendamála hjá MAST, segir að framleiðsla mjólkur á bænum geti ekki hafist að nýju fyrr en líða tekur á janúar, eða þegar niðurstöður sýnatöku berast að utan. Efnin sem mældust í mjólkinni voru meðal annars díoxín sem myndast við bruna. „Það er þekkt að ef bruni við sorpbrennslu er ekki við nægilega hátt hitastig myndast þessi efni. Væntanlega er þetta loftborin mengun. Hún gæti hafa farið í drykkjarvatn en líklegra er að hún hafi borist í fóður," segir Sigurður.

Sorpbrennslustöðin hefur lengi verið til óþurftar og í bréfi Vernharðs Jósefssonar, stöðvarstjóra Funa, til bæjaryfirvalda sumarið 2009 kemur fram að þá hafi mælitæki verið úr sér gengin, engu nauðsynlegu viðhaldi hafi verið sinnt og vinnuaðstæður orðnar starfsmönnum hættulegar.

Í sumar sendi Umhverfisstofnun Ísafjarðarbæ áminningu vegna starfsemi sorpbrennslustöðvarinnar. Þá sýndu mælingar að í reyknum voru efni hátt yfir viðmiðunarmörkum. Sínk mældist rúmlega 24 sinnum meira en starfsleyfi stöðvarinnar heimilaði, díoxín sextán sinnum meira og þungmálmar fimmfalt meiri.

Bæjaryfirvöld á Ísafirði hafa haft sorpmál til skoðunar á árinu. Flutningur sorps og förgun var boðinn út í haust og viðræður við lægstbjóðanda standa yfir.

svavar@frettabladid.is

REYKMENGUN FRÁ FUNA Á sumrin hefur fjörðurinn ítrekað fyllst af illþefjandi reyk. MYND/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON

Þrávirk lífræn mengunarefni

Díoxín, fúran og díoxínlík PCB-efni eru þrjú af tólf þrávirkum lífrænum mengunarefnum sem eru sérstakt áhyggjuefni vegna áhrifa þeirra á umhverfið og heilsu almennings. Efnin geta borist í matvæli úr umhverfinu. Þau hafa ekki áhrif á heilsu okkar samstundis, en geta valdið vandamálum ef þau berast í líkamann í talsverðu magni yfir langt tímabil. Þau eru fituleysanleg með langan helmingunartíma sem þýðir að þau brotna hægt niður í náttúrunni og safnast þar af leiðandi upp í fituvefjum manna og dýra. Díoxín og fúran hafa aldrei verið framleidd viljandi. Efnin myndast sem aukaafurð við málmiðnað, ýmsan iðnað sem notar klór, bleikingu í pappírsiðnaði, framleiðslu varnarefna og brennslu, meðal annars sorpbrennslu.

Heimild: Matvælastofnun

Veðurofsi á Borgundarhólmi:

Neyðarástand vegna hríðar

DANMÖRK Neyðarástand ríkti á dönsku eyjunni Borgundarhólma í gær sökum gríðarlegs fannfergis sem lamaði þar allar samgöngur.

Skortur var á snjóruðningstækjum og vörubílum en einnig var vöruskortur farinn að gera vart við sig þar sem lyf, barnamatur og dýrafóður var orðið af skornum skammti.

Snjóað hafði í fimm sólarhringa og var snjórinn víða orðinn sex metrar að dýpt. Yfirvöld áætla að þau tæki sem þó eru á eyjunni geti rutt vegi að nokkru leyti, en herlið verður mögulega kallað út til að ryðja frá húsum með handafli. - þj

Ríkisskattstjóri í herferð:

40 prósent skila ekki ársreikningi

SKATTAMÁL Fleiri en tólf þúsund fyrirtæki, eða um þriðjungur allra lögaðila, skila ekki skattframtali á réttum tíma. Þá höfðu 40 prósent lögaðila ekki skilað ársreikningum hálfu ári eftir lok síðasta reikningsárs. Þetta kemur fram í nýjasta tölublaði Tíundar, fréttablaðs Ríkisskattstjóra.

SKÚLI EGGERT ÞÓRÐARSON

Ríkisskattstjóri birti auglýsingu í fjölmiðlum og skoraði á stjórnir félaga að skila ársreikningum fyrir árið 2009 til ársreikningaskrár. Ríkisskattstjóri segir embættið ætla að taka stöðuna á næstu dögum og beita sektum eða öðrum slíkum úrræðum. Hann sagði einnig í viðtali við Ríkisútvarpið að fyrirtæki sem ekki skili inn reikningum óttist líklega mörg að fjölmiðlar komist í upplýsingar sem í þeim leynist. - þeb

Ókeypis heyrnarmæling
úrvals heyrnartæki
og afbragðs þjónusta!
HEYRNARSTÖÐIN
Læknastöðin, Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

Sérfræðingar óttast að Norður-Kórea herði á ögrunum í aðdraganda valdaskipta:

Gæti beitt eldflaugaárásum

KÓREA, AP Norður-Kórea gæti beitt eldflaugaárásum gegn skotmörkum í Suður-Kóreu á næsta ári. Sérfræðingar reikna með að stjórnvöld í Norður-Kóreu herði á hernaðarlegum ögrunum í aðdraganda valdaskipta í landinu.

Augljós merki eru um að Kim Jong Il, leiðtogi Norður-Kóreu, ætli að láta son sinn, hinn óreynda Kim Jong Un, taka við völdum á næsta ári. Sérfræðingar í málefnum Kóreuskagans segja líklegt að hernaðarumsvif norðan landamæranna muni aukast enn á nýju ári til að þjappa hernum saman að baki arftaka Kim Jong Il.

Stjórnvöld í Suður-Kóreu svöruðu ögnunum norðanmanna með heræfingu og hótunum um tafarlaus og harkaleg viðbrögð við frekari árásum eftir að norður-kóreski herinn gerði stórskotaliðsárás á eyju sunnan landamæranna nýverið. Fyrir vikið dró heldur úr ögrunum stjórnvalda í Norður-Kóreu, en sérfræðingar telja það lognið á undan storminum. Búast má við stórskotaliðsárásum, eldflaugaárásum og jafnvel að norðanmenn geri þriðju kjarnorkutilraunina á nýju ári. - bj

Á VERÐI Spennan á Kóreuskaganum mun enn aukast á næsta ári að mati sérfræðinga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

Eignastýring Íslandsbanka mun heita VÍB á nýju ári

VÍB verður öflug eining með skýra aðgreiningu eignastýringar frá annarri starfsemi Íslandsbanka.

Eignastýring Íslandsbanka mun starfa aftur undir merkjum VÍB á nýju ári. Þessi breyting er gerð til að skerpa enn frekar á aðgreiningu eignastýringarstarfsemi frá annarri banka-starfsemi. Á sama tíma verður starfsemi og þjónusta einingarinnar efld enn frekar.

Áhrif á þjónustu

Eignastýring verður sem fyrr staðsett á Kirkju-sandi og engin röskun verður á þjónustu við viðskiptavini vegna nafnabreytingar.
Undir merkjum VÍB leitast eignastýringin við að veita viðskiptavinum afburða þjónustu á sviði sparnaðar, eignastýringar, verðbréfaviðskipta og lífeyrisþjónustu með langtímaárangur að leiðarljósi. VÍB verður einn stærsti og öflugasti aðilinn á markaðnum á sviði eignastýringar þar sem áhersla verður lögð á fagleg vinnubrögð og fræðslu til fjárfesta.

Endurvakið vörumerki

Eignastýringarstarfsemi Íslandsbanka var rekin undir merkjum VÍB á árunum 1986–2001. VÍB var frumherji á sviði eignastýringar og þekkt fyrir faglega nálgun með áherslu á fræðslu.

VÍB og síðar Eignastýring Íslandsbanka gaf meðal annars út bækur og önnur rit um eigna-stýringu, verðbréf og lífeyrismál sem var dreift meðal viðskiptavina og voru auk þess notaðar við kennslu í háskólum. Starfsemi VÍB einkenndist alla tíð af vönduðum vinnubrögðum í fjármálastarfsemi.

Aðgreining frá annarri starfsemi bankans

Tímasetning breytingarinnar er ekki tilviljun. Á síðastliðnum tveimur árum hafa verið stigin fjölmörg skref í því að styrkja undirstöður eignastýringarstarfsemi Íslandsbanka og byggja þannig umgjörð að traust geti ríkt um sjálf-stæði og fagmennsku á hverjum tíma. Samhliða því hefur mikil áhersla verið lögð á að styrkja skipulag, verkferli, viðskiptakerfi, innra eftirlit og áhættustýringu. Skýrari aðgreining eignastýr-ingarstarfsemi Íslandsbanka frá annarri banka-starfsemi er enn eitt skrefið í þessari þróun.

Við hvetjum þig til að hafa samband við Eignastýringu í síma 440 4900 eða senda okkur tölvupóst á eignastyring@islandsbanki.is ef spurningar vakna.

Eignastýring Íslandsbanka 440 4900
eignastyring@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is/fjarfestingar

Íslandsbanki

GENGIÐ 27.12.2010

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	116,07	116,63
Sterlingspund	179,11	179,99
Evra	152,69	153,55
Dönsk króna	20,486	20,606
Norsk króna	19,475	19,589
Sænsk króna	17,024	17,124
Japanskt jen	1,4002	1,4084
SDR	177,83	178,89

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
207,5969
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Viljayfirlýsing Landsvirkjunar um metanólverksmiðju við Króflurvirkjun:

Setur Bakkaálverið í uppnám

IÐNAÐUR Fyrirhuguð metanólverksmiðja við Króflu gæti slegið álver við Bakka endanlega út af borðinu, þar sem verksmiðjan, sem er á vegum íslenska fyrirtækisins Carbon Recycling, myndi þurfa alla orku sem Króflurvirkjun hefur að bjóða. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Landsvirkjun og Carbon Recycling hafa undirritað viljayfirlýsingu um samstarf en síðarnefnda fyrirtækið er nú að reisa í Svartsengi á Reykjanesi fyrstu verksmiðjuna af þessari tegund. Þar verður metanól til eldsneytis unnið úr koltvísýringi frá borholum HS-Orku, en verksmiðjan við Króflurvirkjun á að verða 20 sinnum stærri og krefst 50 MW.

Lengi hefur verið beðið eftir orkufrekum iðnaði til að lífga við atvinnulíf í Þingeyjarsýslum og er talið að ef af verði, muni verksmiðjan fullbúin veita 25 manns atvinnu. Forstjóri LV tók þó fram að yfirlýsingin væri ekki skuldbindandi og viðræður stæðu enn yfir við þá fjóra til fimm aðila sem hafa sýnt orkunni áhuga. Þar á meðal eru álrisinn Alcoa og kínverska stórfyrirtækið Bosai. - þj

FRÁ KRÖFLUVIRKJUN Fyrirhuguð metanólverksmiðja við Króflu gæti skapað 25 störf, en um leið setur hún áætlanir um álver við Bakka í uppnám.

Tveir hópar deildu á Selfossi:

Skallaði mann svo tönn losnaði

LÖGREGLUMÁL Maður um tvítugt skallaði mann í fyrrinótt. Atvikið átti sér stað á bílastæði við Eyrarveg á Selfossi en lögregla fékk tilkynningu um að tveir hópar ættu í útistöðum. Þegar lögreglan mætti á vettvang, til að róa mannskapinn, skallaði einn mannanna annan með þeim afleiðingum að framtönn losnaði.

Árásarmaðurinn var handtekinn og á honum fannst falsað greiðslukort. Hann gisti fangageymslur og var yfirheyrður í gær.

Brot í Hrunamannahreppi:

Ruddist reiður inn á heimili

LÖGREGLUMÁL Karlmaður ruddist inn á heimili í Hrunamannahreppi í óþökk húsráðanda í fyrrakvöld. Lögreglu- og sjúkralið var sent á vettvang.

Sá sem réðst inn í húsið hringdi í lögreglu eftir atvikið og sagðist hafa farið inn í húsið og sagðist bíða eftir lögreglu. Hann var fluttur á lögreglustöð þar sem hann var yfirheyrður. Húsráðandinn gaf einnig skýrslu en honum var mjög brugðið en var óslasaður.

Lögreglan segir að rannsókn málsins sé svo til lokið. Ástæða húsbrotsins mun hafa verið einhver pirringur árásarmannsins í garð hins en þeir þekkjast. - jhh

PÓSTKASSAR Verða læstir fram yfir áramót.

Skemmdarverk hindruð:

Póstkössunum verður læst

PÓSTUR Íslandspóstur mun læsa póstkössum fram yfir áramót til að koma í veg fyrir að kassarnir verði skemmdir með flugeldum.

Í tilkynningu frá fyrirtækinu segir að ítrekað hafi verið unnin skemmdarverk á póstkössum sem staðsettir eru utanhúss á þessum árstíma. Þess vegna verði kössunum læst; hægt verði að koma einu bréfi ofan í kassana í einu. Þeir sem vilja póstleggja þykkari bréf þurfa því að fara á pósthús eða finna póstkassa sem eru innandyra. - pg

Verðlaunanýyrði varð til í eldgosinu

Eyjafjallajökull og eldgosið sem í vor truflaði flug dögum saman er áberandi í upprifjun frétta á helstu fréttamiðlum nú þegar nálgast áramót. BBC notar nafn fjallsins í fréttagetraun og í Noregi er gosinu eignað nýyrði ársins 2010.

JARÐVÁ Orð sem sprottið er upp úr gosinu í Eyjafjallajökli í vor hefur verið valið nýyrði ársins í Noregi. Orðið er „askefast“ eða „öskufastur“ og haft yfir þá sem komast hvorki lönd né strönd vegna loftmengunar af völdum eldfjallaösku.

Í umfjöllun norsku fréttaveitunnar NTB eru áhrifin á tungumálið sögð til marks um hversu gríðarlega víðtæk áhrif eldgosið hafi haft. Haft er eftir Sigfrid Tvitekkja, formanni norsku málnefndarinnar, að öskuorðið nýja hafi fjölda jákvæðra eiginleika. „Orðið er samsett úr tveimur velþekktum norskum orðum. Það er stutt, en segir jafnframt mikið,“ segir Tvitekkja. Orðsins hafi fyrst orðið vart á prenti, mögulega í fleiri en einu blaði samtímis. Þannig hafi 15. apríl staðið í Nordlys að fjöldi þátttakenda frá Norður-Noregi á Evrópuþingi í Brussel væru „öskufastir“ í höfuðstað Evrópusambandsins. Eftir fjóra daga af öskufréttum í fréttamiðlum heims mátti finna orðið á 22.600 stöðum með leitarvél Google.

NTB bendir á að eldgosið hafi víðar haft sambærileg áhrif. Þannig hafi bandaríska hljómsveitin Bear in Heaven verið öskuföst í Madríd á Spáni og til að drepa tímann tekið fram myndbandsupptökuvél og lagt á farangursbelti flughafnarinnar. Þar hafi orðið til dáleiðandi myndband við lag sveitarinnar sem nefnist „Dust Cloud“.

GOSIÐ Eyjafjallajökull er talinn upp með Mel Gibson, Julian Assange og vuvuzela-lúðrinum í upptalningu Telegraph í Bretlandi á helstu skúrkum líðandi árs. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Eyjafjallajökuls er annars getið í fjölda blaða og fréttamiðla um heim allan í yfirferð þeirra á stórfréttum ársins sem er að líða.

Í fréttagetraun spyr breska ríkisútvarpið BBC hvað nafn Eyjafjallajökuls þýði. Auk rétt svars er boðið upp á valmöguleikana „Turn kaldra elda“ og „Reið norn“. Breska dagblaðið Telegraph hefur valið Eyjafjallajökul sem einn af helstu skúrkum ársins 2010, en í þeirri umfjöllun er líka að finna leikarann Mel Gibson, Julian Assange hjá Wikileaks og vuvuzela-lúðurinn.

Í Independent er að finna pistlana „Augnablik sem skóku heiminn árið 2010“. Þar skrifar rithöfundurinn Fay Weldon um gosið og kveðst eftir það heimsækja jarðskjálftavef Veðurstofu Íslands á hverjum degi í leit að merkjum um frekari jarðhræringar. Hún hefur skrifað fjölda bóka, en hér þekkja margir bók hennar „Ævi og ástir kvendjöfuls“.

Fréttavefur DNA á Indlandi telur gosið í Eyjafjallajökli upp með öðrum stórviðburðum ársins og myndir frá gosinu er að finna í yfirliti allra helstu miðla um fréttaljósmyndir ársins.

olikr@frettabladid.is

LANDEYJAHÖFN Verður lokuð fram í miðjan janúar. Dýpkunarskipið kemst ekki frá Danmörku.

Dýpkun Landeyjahafnar:

Tafir á komu dýpkunarskips

LANDEYJAHÖFN Tafir verða á að dýpkunarskipið Scandia getið tekið til við dýpkun Landeyjahafnar. Verkið átti að hefjast í byrjun janúar næstkomandi en það tefst fram í miðjan janúar.

Í tilkynningu frá Íslenska gámafélaginu, eiganda Scandia, segir að töfum á viðgerð og skoðun skipsins í Danmörku sé um að kenna. Scandia henti hins vegar vel til dýpkunar við aðstæður eins og í Landeyjahöfn. Nýjustu viðgerðir og endurbætur auki enn frekar afkastagetu og notagildi skipsins til þess að halda Landeyjahöfn opinni. - pg

Byggðasamlag stofnað:

Samvinna um málefni fatlaðra

SVEITARSTJÓRNARMÁL Stofnfundur Byggðasamlags um málefni fatlaðs fólks var haldinn í fundarsal Þróunarsetursins á Ísafirði á Þorláksmessu. Á fundinum var samþykktur samningur um stofnun samlagsins sem hafa mun yfirumsjón með málaflokknum þegar hann færist frá ríki til sveitarfélaga um áramót.

Aðilar að Byggðasamlaginu eru; Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur, Strandabyggð, Kaldrananeshreppur, Árneshreppur, Reykhólahreppur, Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur. - shá

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

RÓLEGT Í dag og næstu daga má búast við rólegu veðri. Vindur verður hægur víðast hvar og hitastigið rétt neðan frostmarks norðan og norðaustan til en annars 1-5°C yfir hádaginn. Horfur fyrir gamlársdag eru ágætar, hægviðri og víða þurrt en það skýrist betur er líður á vikuna.



HEIMURINN

Alicante	16°
Basel	2°
Berlín	-9°
Billund	-3°
Frankfurt	-2°
Friedrichshafen	2°
Gautaborg	-4°
Kaupmannahöfn	-4°
Las Palmas	22°
London	7°
Mallorca	15°
New York	2°
Orlando	14°
Ósló	-10°
París	3°
San Francisco	12°
Stokkhólmur	-5°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

ÁRAMÓTASTEIKIN
FÆST Í HAGKAUP

þetta eina sanna!

SMJÖRSPRAUTAÐ KALKÚNASKIP
2.836kr/kg.

Kemur í verslanir Á MORGUN

PEKINGÖND 2,4 KG
1.798kr/stk.

KALKÚNN FERSKUR
1.498kr/kg.

ÚRBEINAÐ OG FYLLT LAMBALÆRI
2.698kr/kg.

Kemur í verslanir Á MORGUN

HAMBORGAR HRYGGUR
1.698kr/kg.

Kemur í verslanir Á MORGUN

LÍFRÆNN LAMBAHRYGGUR
1.953kr/kg.

FRANSKAR ANDABRINGUR
3.148kr/kg.

LÍFRÆNT LAMBALÆRI
1.783kr/kg.

Kemur í verslanir Á MORGUN

Tilvaldar með áramótasteikinni!

Rjómasveppasósa Rauðvínssósa Piparsósa Púrtvínssósa

ALVÖRU SÓSUR
lagaðar frá grunni

Veislusósur sem eru lagaðar úr hágæða hráefni og tilbúnar beint í pottinn.

24 Hagkaup OPIÐ ALLAN sólarhringinn Skeifan & Garðabær

Gildir til 31. desember á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

KJÖRKASSINN

Fórst þú í jólamessu?

Já	16,6%
Nei	83,4%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Skilaðir þú einhverjum jólagjöfum í ár?

Segðu þína skoðun á vísir.is

Eftirlitsnefnd aðhefst ekki frekar vegna fjármála Kópavogsbæjar að svo stöddu:

Áfram fylgst með fjármálum

SVEITARSTJÓRNARMÁL Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) mun ekki aðhafast frekar vegna fjármála Kópavogsbæjar. Þetta kemur fram í bréfi EFS til bæjarstjórnar dagsettu 17. desember síðastliðinn. EFS ítrekar þó varnaðarorð til bæjarstjórnarinnar um skuldastöðu bæjarins og mun nefndin fylgjast með framvindu fjármála bæjarins á næstu misserum.

Guðríður Arnardóttir, formaður bæjarráðs, fagnar niðurstöðu nefndarinnar á heimasíðu sveitarfélagsins. Hún segir brýnt að stjórnendum bæjarins takist að vinda ofan af miklum skuldum sem muni létta reksturinn til lengri tíma. „Það er ljóst að ekkert má út af bregða og við þurfum að halda stíft í taumana," segir Guðríður.

Samkvæmt fjárhagsáætlun Kópavogs fyrir árið 2011 á rekstrurinn að skila einum milljarði til lækkunar skulda á því ári og svo áfram næstu árin. Bæjarstjórnin hefur jafnframt sett sér það markmið að skuldir sem hlutfall af tekjum verði undir 200 prósentum árið 2014. Áætlað er að þetta hlutfall verði 248 prósent vegna þessa árs og að það verði 214 prósent á næsta ári. - shá

KÓPAVOGSBÆR Skuldir og skuldbindingar bæjarins eru um 30 milljarðar króna. Skuldir á að greiða niður um milljarð næstu árin. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hvít jól í Bandaríkjunum:

Samgöngur víða í uppnámi

NEW YORK, AP Meira en 2.000 flugferðum var frestað og allar samgöngur voru í uppnámi vegna mikillar snjókomu á Austurströnd Bandaríkjanna í gær.

Neyðarástandi var lýst yfir í sex ríkjum á austurströndinni þar sem þúsundir manna voru án rafmagns. Í Massachusetts hvatti ríkisstjórinn fólk til að vera ekki á ferli og gaf þúsundum opinberra starfsmanna frí úr vinnu. Hvít jól voru í fyrsta skipti í meira en 100 ár í Georgíu og Suður-Karólínu. - pg

Missir húsið fyrir norðan:

Hús Jóhannesar til Landsbanka

EFNAHAGSMÁL Skilanefnd Landsbankans hefur leyst til sín einbýlishús Jóhannesar Jónssonar í Bónus á Norðurlandi. Húsið skipti um eigendur 10. desember síðastliðinn.

JÓHANNES JÓNSSON

Húsið var sett til tryggingar kröfum sem námu tæpum 280 milljónum króna árin 2006 og 2007, sem eru um hundrað milljónum meira á verðlagi dagsins í dag.

Húsið var byggt árið 2005. Það er rúmlega 420 fermetrar að stærð auk viðbygginga. Fasteignamat hússins er nú rúmlega 91 milljón króna, tæpum 200 milljónum lægra en upphaflegt virði krafna. Brunabótamatið er 325 milljónir. Það mun fara í hefðbundna sölumeðferð. - þeb

LÖGREGLUMÁL

Áframhaldandi varðhald

Þorvarður Davíð Ólafsson, sem réðst á Ólaf Þórðarson, föður sinn, á heimili hans um miðjan nóvember, hefur verið úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald til 21. janúar. Ólafur liggur á heila- og taugadeild Landspítalans.

RANNSÓKN Sérfræðingur ítölsku herlögreglunnar myndar sendiráð Sviss þar sem sprengja sprakk á aðfangadag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sprengja í sendiráði í Róm:

Ótti í sendiráði Danmerkur

ÍTALÍA, AP Sprengja var send með pósti til gríska sendiráðsins í Róm í gær. Starfsmenn sendiráðsins fundu sprengjuna áður en hún sprakk. Tveir slösuðust á aðfangadag þegar sams konar sprengjur sprungu í sendiráðum Síle og Sviss í Róm.

Óttast var í gær að sprengjur hefðu verið sendar sendiráðum Danmerkur, Venesúela og Mónakó, en pakkar sem þóttu grunsamlegir reyndust hættulausir.

Ítölsk samtök anarkista sem kalla sig Óformlega anarkistasambandið hafa lýst ábyrgð á sprengjunum sem sprungu á aðfangadag á hendur sér. - bj

Minni sáttalíkur eftir viðbrögð forystunnar

Lilja Mósesdóttir furðar sig á hörðum viðbrögðum forystu VG við hjásetu hennar og tveggja annarra við afgreiðslu fjárlaga. Svo geti farið að hún segi sig úr þingflokknum. Hún veltir því fyrir sér hverjir vilji sprengja ríkisstjórnina.

STJÓRNMÁL Lilja Mósesdóttir, þingmaður VG, furðar sig á viðbrögðum flokksforystunnar við hjásetu hennar, Atla Gíslasonar og Ásmundar Einars Daðasonar, við afgreiðslu fjárlaga fyrr í mánuðinum. Hún telur þau hörð og ekki til sátta fallin. Vísar hún til skrifa Árna Þórs Sigurðssonar, starfandi formanns þingflokksins, og Steingríms J. Sigfússonar formanns. Hún segir að svo kunni að fara að í það minnsta hún segi sig úr þingflokknum.

Á þingflokksfundi fyrir jól lagði Árni Þór fram greinargerð í fimmtán liðum þar sem hann svarar yfirlýsingu þremenninganna um hjásetuna. Í fáum orðum sagt vísar hann fullyrðingum þeirra um efnahagsáætlun, efnahagsforsendur, niðurskurð, tekjuöflun, forgangsröðun og vinnubrögð á bug.

Lilja segir þremenningana ætla að svara Árna efnislega í greinargerð sem lögð verður fyrir þingflokkinn á fundi hans á nýju ári.

Um orð hans almennt segir hún hins vegar að þau komi henni verulega á óvart. „Það þarf tvo til að deila og það var von okkar að það væri hægt að setjast niður og ræða málin. Reyndar vonuðum við fram að þessari hjásetu að það yrði sest niður með okkur og reynt að ná samkomulagi en það var ekki gert. Eftir hjásetuna er það svo bara harkan sex og ég velti fyrir mér hverjir það eru sem virkilega þrá að sprengja þessa vinstri stjórn. Við höfum verið sökuð um það með hjásetunni en það voru ekki við sem töluðu um vantraustsyfirlýsingu heldur flokksforystan. Það var eins og hún væri að kalla fram vantraustsyfirlýsingu frá stjórnarandstöðunni."

Í ELDLÍNUNNI „Beðin um að segja af sér" var fyrirsögn á viðtali DV við Lilju Mósesdóttur fyrir rúmu ári. Nú veltir hún fyrir sér úrsögn úr þingflokknum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Lilja segir þau Atla og Ásmund hafa viljað semja um endanlega útgáfu fjárlaga. Þau hafi rétt fram sáttahönd með því að bera upp þrjár misróttækar tillögur um minni niðurskurð og aukna tekjuöflun. Ekki hafi verið reynt að ná sátt um tillögurnar.

Lilja segir málflutning Árna Þórs ganga út á að þau þrjú eigi að biðjast afsökunar á hjásetunni, slíkur málflutningur auki ekki líkurnar á að sættir takist.

Í jólakveðju til flokksmanna skrifaði Steingrímur J. Sigfússon meðal annars: „Steinum sem velt er í götuna fylgir mikil ábyrgð." Þeim orðum er talið beint að þremenningunum.

„Margir túlkuðu þessa steina í götu ríkisstjórnarinnar sem valda einstaklinga í VG," segir Lilja. „Ef það er almennt skoðun stjórnarliða að við séum steinar í götu þeirra sé ég ekki annað en að við þurfum að bjóðast til að yfirgefa stjórnarliðið svo það geti haldið störfum sínum áfram."

Spurð hvort það geti orðið að niðurstöðu að þau segi sig úr þingflokknum, svarar Lilja – og tekur fram að hún svari fyrir sig eina: „Ef þetta er viðhorfið er sá möguleiki fyrir hendi. Það var ekki ætlunin eftir hjásetuna en sá möguleiki varð til eftir viðbrögð forystunnar."

Eins og sakir standi íhugi hún aðeins að segja sig úr þingflokknum, úrsögn úr flokknum sjálfum sé annað mál.

bjorn@frettabladid.is

FÉLAGSFUNDUR VM Í REYKJAVÍK
FYRIR SJÓMENN VM HÚSINU
AÐ STÓRHÖFÐA 25
29. DESEMBER KL. 17

DAGSKRÁ

- Kynning á árangri VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs
- Niðurstaða á netkönnun um kröfur VM í komandi kjarasamningum.
- Staðan í kjaramálum
- Önnur mál

Félag vélstjóra og málmtæknimanna

VM ▶ Stórhöfða 25 ▶ 110 Reykjavík ▶ sími 575 9800 ▶ www.vm.is

Verkaskipting á sviði atvinnu- og byggðaþróunar óljós segir ríkisendurskoðun:

Samvinnan ekki nægjanleg

STJÓRNSÝSLA Samvinna aðila sem styðja við atvinnu- og byggðaþróun er ekki næg og verkaskipting á milli þeirra óljós að mati Ríkisendurskoðunar. Stofnunin telur að endurskoða þurfi kerfið frá grunni og einfalda það.

Alls verður 1,1 milljarði veitt til málaflokksins samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir næsta ár. Féð rennur til Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Byggðastofnunar og byggðaáætlunar.

Féð fer meðal annars til sjö starfsstöðva Nýsköpunarmiðstöðvarinnar á landsbyggðinni og til svokallaðra vaxtasamninga við átta staðbundin atvinnuþróunarfélög, að því er fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Þar kemur fram að „flókið stuðningskerfi atvinnulífsins og ófullnægjandi skráning fjárhagsupplýsinga" torveldi skýra heildarsýn um fjárveitingar til atvinnu- og byggðaþróunar.

GREINING Meta þarf kostnað og ábata af stuðningi ríkisins við Byggðastofnun og öðrum stofnunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ríkisendurskoðun telur að bæta þurfi skipulag og eftirlit með þessum málaflokki og einfalda kerfið. Í kjölfarið verði að greina kostnað og ávinning af stuðningi við atvinnu- og byggðaþróun til að hægt sé að meta hvort fjármagn sem veitt er til málaflokksins hafi verið nýtt með hagkvæmum og árangursríkum hætti. - bj

Njóttu íbotn!

NÝ GÆÐAVARA FRÁ GUNNARS
- ÁN TRANSFITU

ÓMISSANDI
Í ÁRAMÓTAVEISLUNA

GUNNARS
1960

ÍSLENSK GÆÐAVARA

FRÉTTASKÝRING: Sérstakur saksóknari rannsakar tæp 80 mál í tengslum við bankahrunið

Sérstakur á hælum útrásarvíkinganna

Ólafur Þór Hauksson og samstarfsfólk hans hjá embætti sérstaks saksóknara hefur haft í nógu að snúast á árinu. Flestir aðalleikararnir í viðskiptalífinu fyrir bankahrun hafa verið kallaðir til yfirheyrslu vegna meintra misgjörða og fyrstu málin eru komin fyrir dóm.

Sérstakur saksóknari rannsakar nú tæplega áttatíu mál, að sögn Ólafs. Því til viðbótar hefur embættið fallið frá rannsókn á um þrjátíu málum. Málin hafa streymt inn á þessu ári. Um tveir þriðju hlutar þeirra hefjast með kæru frá Fjármálaeftirlitinu, en jafnframt er nokkuð um að mál berist frá skiptastjórum þrotabúa, segir Ólafur.

„Síðan er slatti af kærum sem við vitum af á leiðinni frá Fjármálaeftirlitinu og víðar," segir hann. Málin tengjast að einhverju leyti innbyrðis og því er ekki útilokað að þeim fækki við sameiningar áður en yfir lýkur.

Þrjú yfirheyrsluherbergi ekki nóg

Embættið flutti sig um set í ágúst af Laugavegi niður á Skúlagötu. Ekki veitti af stærra húsnæði, enda hefur starfsmönnum fjölgað úr 24 í sextíu á árinu og til stendur að fjölga þeim í áttatíu á fyrstu mánuðum nýs árs.

Í nýja húsnæðinu eru þrjú yfirheyrsluherbergi þar sem unnt er að taka upp yfirheyrslurnar með hljóði og mynd, en það hefur ekki alltaf verið nóg.

„Þegar mest lét höfum við verið að nota öll þrjú yfirheyrsluherbergin samtímis og auk þess herbergi víðar í bænum, hjá Ríkislögreglustjóra og lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu," segir Ólafur.

Það bar einnig til tíðinda á árinu að Eva Joly, sem verið hafði ráðgjafi saksóknara, lét af störfum fyrir embættið til að einbeita sér að forsetaframboði sínu í Frakklandi. Hún kvaddi með þeim orðum að við mættum vera stolt af áræðninni í rannsóknum hrunsmála. Embætti sérstaks saksóknara væri nú jafnfjölmennt og franska efnahagsbrotalögreglan í París.

stigur@frettabladid.is

MILESTONE-BRÆÐUR BERJAST

Yfirheyrsla yfir Steingrími Wernerssyni, öðrum bræðranna úr Milestone-samsteypunni, lak í fjölmiðla í janúar. Sérstakur saksóknari hafði farið af stað með rannsókn á málefnum Milestone og Sjóvár sumarið áður. Hún snýr einkum að meintri stórfelldri misnotkun á bótasjóði tryggingafélagsins.

Í yfirheyrslunni yfir Steingrími vandar hann **Karli Wernerssyni** bróður sínum ekki kveðjurnar, kallar hann siðblindan einræðisherra sem hafi stýrt Milestone með harðri hendi og kúgað sig. Lögmaður Steingríms og einn hans nánasti vinur sendi sérstökum saksóknara í kjölfarið bréf þar sem hann efaðist um andlegt heilbrigði Steingríms og sagði það rýra trúverðugleika vitnisburðarins.

Í yfirheyrslunni lýsti Steingrímur **Þór Sigfússyni**, sem þá var forstjóri Sjóvár, sem nytsömum sakleysingja í ráðabruggi Karls og Guðmundar Ólasonar, forstjóra Milestone. Sú lýsing fær nokkra stoð í orðum Þórs sjálfs, sem í viðtali við Stöð 2 sagðist hafa treyst fólkinu í kringum sig, hann hefði ekki getað lesið alla samninga sem hann skrifaði undir sökum lengdar og kviði niðurstöðu sakamálarannsóknarinnar.

Að sögn Ólafs Hauksonar hefur rannsókn málsins miðað áfram jafnt og þétt allt árið.

LANDSBANKINN NÆSTUR Í SIGTINU

Í október sendi Fjármálaeftirlitið til sérstaks saksóknara kæru vegna ætlaðrar allsherjarmarkaðsmisnotkunar Landsbankans fyrir hrun. Rannsóknin beinist einkum að bankastjórunum fyrrverandi, Sigurjóni Þ. Árnasyni og Halldóri J. Kristjánssyni.

Grunur er um tugmilljarða ólögmæt viðskipti sem hafi fyrst og fremst haft þann tilgang að halda uppi gengi bréfa í bankanum. Rannsókn málsins er stutt á veg komin.

KAUPÞINGSMENN Í VARÐHALD

Snemma í maí dró til tíðinda í rannsóknum sérstaks saksóknara. Þá voru þrír fyrrverandi stjórnendur Kaupþings, Hreiðar Már Sigurðsson forstjóri, Magnús Guðmundsson, forstjóri í Lúxemborg, og Ingólfur Helgason, forstjóri á Íslandi, allir hnepptir í gæsluvarðhald vegna gríðarlega umfangsmikillar rannsóknar á málefnum bankans, allsherjarmarkaðsmisnotkun, skjalafalsi og fleiru. Aldrei fyrr hafði sakborningur í rannsókn embættisins verið úrskurðaður í varðhald. Þar að auki var Steingrímur P. Kárason, fyrrverandi yfirmaður eignastýringar bankans, úrskurðaður í farbann. Því úrræði hafði saksóknari einungis einu sinni beitt áður. Þeim var sleppt frjálsum nokkrum dögum síðar.

Mál vönduðust þegar fyrrverandi æðstráðandi bankans, stjórnarformaðurinn **Sigurður Einarsson**, neitaði að verða við kalli saksóknara um að koma til landsins í yfirheyrslu. Við því var brugðist með því að gefa út alþjóðlega handtökuskipun, sem birtist meðal annars á vef alþjóðalögreglunnar Interpol. Eftir nokkurra mánaða þref féllst Sigurður loks á að koma til landsins í yfirheyrslu síðla í ágúst. Hann var hvorki handtekinn né úrskurðaður í farbann eða gæsluvarðhald.

GLITNIR UNDIR SMÁSJÁNNI

Um miðjan nóvember réðst embætti sérstaks saksóknara í einar allra viðamestu aðgerðir sínar frá upphafi vegna rannsókna á málum tengdum Glitni. Á fyrsta degi aðgerðanna var leitað á tæplega tuttugu stöðum, meðal annars á aðsetrum **Jóns Ásgeirs Jóhannessonar**, **Lárusar Welding** og Pálma Haraldssonar og skrifstofum Saga fjárfestingabanka. Tíu manns voru yfirheyrðir strax og yfirheyrslurnar héldu áfram næstu daga, meðal annars yfir Jóni Ásgeiri, Lárusi og Þorvaldi Lúðvík Sigurjónssyni, forstjóra Saga.

Til grundvallar húsleitunum lágu rannsóknir á fimm málum. Þeirra viðamest er svokallað Stím-mál, sem snýst um kaup félagsins Stíms, sem var að þriðjungi í eigu Glitnis, á hlutabréfum í Glitni og FL Group, gegn láni frá Glitni og FL Group. Einnig eru til rannsóknar lán Glitnis til Landic Properties, Baugs og 101 Capital til kaupa á danska fasteignafélaginu Keops og kaup Glitnis á bréfum í Tryggingamiðstöðinni.

BALDUR OG EXETER-MENN ÁKÆRÐIR

Sérstakur saksóknari gaf út sínar fyrstu ákærur á þessu ári. Fyrstir í röðinni voru þremenningarnir kenndir við félagið Exeter, þeir **Jón Þorsteinn Jónsson**, fyrrverandi stjórnarformaður Byrs, **Ragnar Z. Guðjónsson**, fyrrverandi sparisjóðsstjóri Byrs, og Styrmir Þór Bragason, fyrrverandi forstjóri MP banka.

Þeim var í júlí birt ákæra fyrir umboðssvik og Styrmi að auki fyrir peningaþvætti. Þeim er gefið að sök að hafa bjargað sjálfum sér og öðrum völdum hluthöfum í Byr frá tjóni með því að veita félaginu Exeter Holding eins milljarðs lán án heimildar til að kaupa af þeim stofnfjárbréf í Byr. Málið verður tekið til meðferðar á nýju ári.

Hin ákæran sem litið hefur dagsins ljós er á hendur **Baldri Guðlaugssyni**, fyrrverandi ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneytinu. Hann er ákærður fyrir nýta sér innherjaupplýsingar til að forða fjármunum sínum, sem voru bundnir í hlutabréfum í Landsbankanum, frá því að brenna upp í hruninu. Hann seldi bréfin hálfum mánuði fyrir hrun. Baldur hefur krafist þess að málinu verði vísað frá og úrskurður um það liggur ekki fyrir.

BAKKAVARARBRÆÐUR DAGLANGT Í YFIRHEYRSLU

Embættið réðst í umfangsmiklar aðgerðir í lok janúar, þegar gerð var húsleit á tólf stöðum á Íslandi og í Bretlandi samtímis, meðal annars hjá Existu, Bakkavör, Lýsingu, lögmannsstofunni Logos, endurskoðunarfyrirtækinu Deloitte og í híbýlum Bakkavarabræðranna **Ágústs og Lýðs Guðmundssonar**.

Í málinu er grunur um ýmis brot á hlutafélagalögum og auðgunarbrot, meðal annars skilasvik. Rannsóknin beinist að sölu á 40 prósenta hlut í Bakkavör frá Existu til Bakkavararbræðra haustið 2008, 50 milljarða hlutafjáraukningu í Bakkavör í desember 2008, niðurfellingu ábyrgða á lánum til starfsmanna fyrir hlutabréfakaupum í Existu og meintum undanskotum Sigurðar Valtýssonar, forstjóra Existu, á 160 milljónum til Tortóla.

Bakkavararbræður voru yfirheyrðir í heilan dag daginn eftir húsleitir. Þeir, auk forstjóranna Sigurðar og Erlends Hjaltasonar, eru meðal sakborninga í málinu. Bræðurnir stýra enn Bakkavör. Málið hefur ekki þokast mjög mikið á árinu, að sögn Ólafs Hakssonar, enda bíður embættið eftir gögnum frá Lúxemborg.

ENDURSKOÐENDUR TEKNIR TIL BÆNA

Í desember sögðu fjölmiðlar fréttir upp úr skýrslum um Glitni og Landsbankann, sem sérstakur saksóknari lét tvö erlend sérfræðingateymi vinna fyrir sig. Skýrslurnar sýndu fram á miklar brotalamir í eftirliti með starfsemi bankanna og voru ekki síst áfellisdómar yfir endurskoðunarfyrirtækinu PricewaterhouseCoopers, sem annaðist endurskoðun beggja bankanna. Sérstakur saksóknari hefur haft málefni endurskoðenda til rannsóknar um nokkurt skeið.

Von er á sambærilegri skýrslu um starfsemi Kaupþings og endurskoðunarfyrirtækið KPMG.

ERDF
European Regional Development Fund
EUROPEAN UNION
"A way of building Europe"

COMUNITAT VALENCIANA

BENIDORM

Benidorm

www.spain.info
www.comunitatvalenciana.com

*Hér lærði ég allt sem ekki stendur í bókum

I need Spain

ÚRVAL-ÚTSÝN

TRAUST SAMSTARF TRYGGIR GÓÐA ÞJÓNUSTU!

Úrval Útsýn - Stærsti íslenski samstarfsaðili ferðamálaráðs Valencia á Spáni.

Úrval Útsýn hefur árum saman sent lífsglaða Íslendinga til Benidorm og er stærsti íslenski samstarfsaðili ferðamálaráðs Valencia á Spáni. Áratuga reynsla Úrvals Útsýnar tryggir viðskiptavinum öryggi og framúrskarandi þjónustu sem er grunnurinn að góðu ferðalagi. Benidorm sameinar notanlegt strandlíf og fjörugt næturlíf. Þar mætast ungir sem aldnir í sátt og samlyndi og allir finna dægradvöl við sitt hæfi. Kynntu þér nánar ferðir Úrvals Útsýnar til Benidorm á **urvalutsyn.is.**

VINNINGSHAFI GLEÐST Hópur fólks á Spáni kættist verulega þegar dregið var í jólalottóinu vinsæla. Vinningshafarnir skiptu á milli sín rúmlega 350 milljónum króna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forseti gagnrýninn á aðgerðir Evrópusambandsins í deilu um makrílveiðar:

Segir ESB hóta og sýna hroka

UTANRÍKISMÁL Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, segir embættismenn Evrópusambandsins (ESB) sýna hrokafulla tilburði og nota hótanir í samskiptum sínum við Ísland í deilu um makrílveiðar. Slíkt sé ekki vænlegt til árangurs.

Forseti lét þessi ummæli falla í viðtali við fréttastofu BBC þar sem rætt var um árið 2010 á Íslandi þar sem hver slæma fréttin virtist fylgja annarri, öskuský frá Eyjafjallajökli, kyrrstaða í Icesave-málinu og yfirstandandi makrílveiðar við ESB og Noreg.

„Það er rétt að halda því til haga að Ísland er sennilega sú Evrópuþjóð sem hefur staðið sig best í verndun fiskistofna síðustu 30 til 40 árin. Við höfum á þeim tíma náð samningum við önnur ríki í Norður-Atlantshafi um fiskveiðar úr flökkustofnum. Okkar sjónarmið eru að þessi deila skuli leyst með sama hætti og í sama anda."

Eins og kunnugt er boðaði sjávarútvegsstjóri ESB löndunarbann á makríl frá Íslandi.

Forseti sagði annars að árið 2010 hafi hreint ekki verið Íslendingum svo slæmt þar sem alþjóðasamfélagið hafi fengið nýja sýn á málstað Íslands í Icesave-deilunni, gróska hafi verið á mörgum sviðum hagkerfisins og ferðamannaiðnaður hafi blómstrað. - þj

GAGNRÝNINN Á ESB Forseti deildi á framkomu embættismanna ESB í makríldeilunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Níu ákærðir í hryðjuverkamáli:

Eru sagðir hafa skipulagt árásir

BRETLAND, AP Bresk lögregluyfirvöld hafa ákært níu menn fyrir að hafa lagt á ráðin um sprengjuárásir í Bretlandi í aðdraganda jóla. Nímenningarnir voru handteknir fyrir viku í umfangsmiklum lögregluaðgerðum.

Talið er að mennirnir hafi skipulagt sprengjuárásir á fjölförnum stöðum í Englandi. Lögregla telur sig vita að undirbúningur undir árásirnar hafi staðið frá því snemma í október og allt til 20. desember, þegar þeir voru handteknir. - bj

Arion banki selur Heklu:

Friðbert og Franz valdir til viðræðna

VIÐSKIPTI Arion banki hefur ákveðið að ganga til samninga við Friðbert Friðbertsson og Franz Jezorski um sölu á bifreiðaumboðinu Heklu.

Viljayfirlýsing þess efnis hefur verið undirrituð og er gert ráð fyrir að niðurstaða fáist á fyrstu vikum næsta árs, segir í tilkynningu frá Arion banka.

Tólf tilboð bárust í Heklu eftir að bankinn auglýsti fyrirtækið til sölu í september. Fimm tilboð héldu áfram í söluferlinu, segir í tilkynningu frá Arion-banka.

Fram er komið í fjölmiðlum að auk Friðberts og Franz hafi Árni Pétur Jónsson, fyrrverandi forstjóri Teymis, og Erna Gísladóttir, fyrrverandi forstjóri B&L, verið í forsvari fyrir hópa bjóðenda í Heklu. - pg

Khodorkovskí sakfelldur aftur:

Mun líklega sitja áfram inni

RÚSSLAND, AP Mikhaíl Khodorkovskí var í gær fundinn sekur um þjófnað og fjárdrátt af dómstóli í Moskvu. Þessi fyrrverandi olíujöfur mun líklega sitja áfram í fangelsi, en hann er nú langt kominn með afplánun átta ára fangelsisdóms fyrir skattsvik.

MIKHAIL KHODORKOVSKY

Dómurinn féll aðeins tveimur vikum eftir að Vladimír Pútín, forsætisráðherra Rússlands, sagði Khodorkovskí glæpamann sem ætti ekki að sleppa lausum. Pútín var forseti þegar Khodorkovskí var fangelsaður árið 2005.

Búist er við að tilkynnt verði um refsingu Khodorkovskís á næstu dögum. - bj

Segja mikilvægt að ræða peningamálin

Tilrauninni með krónuna er lokið segir forseti ASÍ. Hann vill að leiðin að upptöku evru verði vörðuð í samstarfi við AGS. Framkvæmdastjóri SA segir mikilvægt að móta nýja peningamálastefnu. Aflétta verði gjaldeyrishöftum sem fyrst.

EFNAHAGSMÁL ASÍ og Samtök atvinnulífsins eru sammála um að umræða um nýja peningamálastefnu, sem Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, hóf í Fréttablaðinu í gær, sé afar mikilvæg. Forsvarsmenn samtakanna eru sammála um að botn verði að fá í umræðu um gjaldmiðlamálin.

„Þetta er mikilvæg umræða sem þarf að fara í gang," segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ. Hann bendir á að aðildarfélög ASÍ hafi ekki treyst sér til að gera kjarasamninga til langs tíma þar sem menn séu brenndir af óstöðugleikanum sem fylgi krónunni.

„En eins og menn vita verður ekki skipt hér um gjaldmiðil á næstu vikum eða mánuðum. Það sem skiptir máli núna er að setja niður hvernig við ætlum að varða leiðina að því vonandi að taka upp evruna," segir Gylfi.

„Ég lít svo á að tilrauninni með krónuna sé lokið," segir Gylfi. Nú þurfi að eiga samstarf við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og vonandi Evrópska seðlabankann til að losa um gjaldeyrishöftin.

„Við fögnum því að Árni Páll vilji hafa forgöngu um að setja í gang samráð eða umræðu um peningastefnuna," segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. Hann segir miklu skipta að móta nýja peningamálastefnu sem fyrst.

Samtökin voru gagnrýnin á Seðlabanka Íslands þegar bankinn hækkaði ítrekað vexti til að reyna að sporna við verðbólgunni í aðdraganda hrunsins. Vilhjálmur segir að þá strax hafi verið augljóst að framkvæmd peningastefnunnar hafi ekki verið að virka.

Hann segir mikilvægt að aflétta gjaldeyrishöftunum sem fyrst til að opna fjármagnsmarkaði. Þá geti gengi krónunnar byggst á raunveruleikanum, ekki gerviumhverfi sem gjaldeyrishöftin skapi.

Það er einsýnt að það þarf fleiri tæki til að viðhalda stöðugleika en stýrivexti Seðlabankans eina, segir Vilhjálmur. Til dæmis þurfi ábyrgð stjórnvalda á hagstjórninni að vera meiri en hún hafi verið.

brjann@frettabladid.is

Stefnan sett á stóran gjaldmiðil

„Því ber að fagna að menn fari að ræða hvernig við getum aflétt gengishöftunum og hvað tekur við þegar það gerist," segir Margrét Tryggvadóttir, þingflokksformaður Hreyfingarinnar.

Hún segir að stefna eigi að því að annaðhvort binda krónuna stórum erlendum gjaldmiðli eða taka upp annan gjaldmiðil, en í þeim efnum eigi ekki að einblína í blindni á evruna. Þótt hún hafi virst besti kosturinn strax eftir hrun séu nú teikn á lofti um að evran sé ekki sá trausti gjaldmiðill sem hann hafi virst vera á þeim tíma.

„Það er mjög mikilvægt að ræða þessa hluti og fá sem flesta að því borði," segir Margrét. Hún varar þó við því að leiðin sé mörkuð fyrirfram, það sé ekki rétta leiðin til að ná breiðri samstöðu.

GYLFI ARNBJÖRNSSON

VILHJÁLMUR EGILSSON

Meðalútsvar sveitarfélaga 2011 hækkar í 14,41 prósent úr 13,12 prósentum í ár:

Tíu fullnýta ekki heimild sína

SVEITARSTJÓRNARMÁL Af 76 sveitarfélögum á Íslandi leggja 66 þeirra á hámarksútsvar á næsta ári. Sveitarfélagið Álftanes nýtir einnig sérstakt fimm prósenta álag sem þýðir að útsvarshlutfallið verður 15,14 prósent. Tvö sveitarfélög, Skorradals- og Ásahreppur, leggja á lágmarksútsvar.

Öll sveitarfélög hækka útsvarshlutfallið frá því sem var á árinu 2010 enda hefur bæði lágmarkið og hámarkið hækkað um 1,20 prósent. Flest þeirra hækka um 1,20 prósent vegna tilfærslu á þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga en sveitarfélögin geta samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga ákveðið útsvar á bilinu 12,44 prósent til 14,48 prósenta í kjölfar nýsamþykktar tilfærslu málaflokksins. Sjö sveitarfélög hækka útsvarið umfram það hlutfall. Ekkert sveitarfélag lækkar hlutfall útsvars. Af stóru sveitarfélögunum fullnýta ekki Reykjavíkurborg og Garðabær heimildir til hámarksútsvars. Prósentan er 14,40 prósent í borginni en 13,66 prósent í Garðabæ. Af þeim tíu sveitarfélögum sem ekki nýta heimild til að leggja á hámarksútsvar eru færri en 200 íbúar í fimm þeirra.

Meðalútsvar á árinu 2011 verður samkvæmt fyrirliggjandi ákvörðunum sveitarfélaga í 14,41 prósentum í stað 13,12 prósenta árið 2010. - shá

FRÁ SKORRADAL Í Skorradalshreppi eru íbúar 61 en í Ásahreppi búa 190.

KRÓNAN

fyrst og fremst ódýrt

20% afsláttur

958 kr. kg

Verð áður 1198 kr.
Grísahryggur m/pöru

45% afsláttur

1429 kr. kg

Verð áður 2598 kr.
Grísalundir, erlendar

598 kr. kg

Grísabógur, hringskorinn

VEISLUMATUR Í MIKLU ÚRVALI

FERSKT LAMBAKJÖT

1258 kr. kg

Lambalæri, ferskt eða kryddað

3998 kr. kg

Ungnautalund, erlend

50% afsláttur

949 kr. kg

Verð áður 1898 kr.
Krónu sænsk jólaskinka

2878 kr. kg

Sólfugl kalkúnabringa, fersk

1999 kr. kg

ÍM kjúklingabringur

999 kr. stk.

Krónuís, súkkul. eða vanillu, 5 l

1198 kr.

8 lítrar af Coca-Cola og 1 DVD mynd

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

EXPO • www.expo.is

KÍKTU Á kronan.is – meira fyrir minna

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

INNLENDIR VENDIPUNKTAR 2010

Hér skortir framtíðarsýn og stefnu

Sagnfræðingar eiga eftir að staldra við áhrif Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hér á landi þegar að því kemur að kryfja til mergjar árið 2010. Þetta segir *Ásta Dís Óladóttir* í grein sinni um þá þætti sem hvað mest áhrif höfðu á þróun efnahagslífs og viðskipta á þessu ári.

Þegar litið er um öxl við lok árs 2010 er ýmislegt sem kemur upp í hugann. Árið hefur í efnahagslegum skilningi verið gríðarlega erfitt, bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Atvinnuleysi er mikið, á íslenskan mælikvarða, og óviðunandi. Sum landsvæði koma verr út en önnur, og má nefna Suðurnes sem dæmi þar um. Þar er atvinnuleysi nú um 13%, það langmesta hér á landi. Fjöldi fólks hefur flúið land í leit að nýjum tækifærum og fyrirtæki hafa lagt upp laupana. Án þess að boða einhverja svartsýni má velta fyrir sér hvort árið 2010 sé upphaf að eins konar ragnarökum í íslensku athafnalífi, eða hvort þar verði, þegar til framtíðar er litið, horft til upphafs að löngum afturbata í íslensku atvinnulífi. Ástæða þess að ég nefni langan afturbata er sú að mikil hætta er á því að hann verði langur þar sem skortur er á framtíðarsýn og stefnumörkun fyrir land og þjóð. Stjórnvöld eru einfaldlega of upptekin við björgunarstörf, og enginn vill fara af brunastað fyrr en eldur er slökktur. Það er von mín að nú fari að gefast meiri tími til líta til framtíðar, þar sem börnin okkar verða við stýrið. Það er skylda okkar að láta þeim í té flothelda þjóðarskútu.

Einn atburður stendur að mínu mati upp úr á árinu 2010 og kalla mætti vendipunkt í íslensku atvinnulífi og í íslensku samfélagi. Sá vendipunktur varð þann 5.janúar 2010, þegar forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, neitaði að skrifa undir IceSave-lögin og færði valdið til þjóðarinnar, sem felldi svo samninginn í mars sama ár. Segja má að sá samningur sem nú liggur fyrir sé mun hagstæðari en sá fyrri, en gallinn á honum hins vegar sá að kröfulýsingin er í íslenskum krónum en eignirnar, sem eiga að standa undir greiðslum, erlendar. Endurheimtur gamla Landsbankans hafa verið að aukast en gengi íslensku krónunnar hefur einnig verið að styrkjast. Því má segja að gengisáhættan í þessum samningi sé mikil. Þetta er án efa vendipunktur fyrir íslenskt samfélag og komandi kynslóðir.

Þótt synjun forsetans hafi verið vendipunktur í íslensku samfélagi, má nefna til viðbótar nokkur atriði sem vakið hafa mikla athygli og ættu að vekja fólk til umhugsunar um hvert stefnir hér á landi.

FYRIR TÆPU ÁRI Ákvörðun Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands, um að vísa lögum um Icesave-skuldbindingar til þjóðarinnar í byrjun ársins segir Ásta Dís Óladóttir að hafi verið sá vendipunktur sem upp úr stendur í íslensku atvinnulífi og samfélagi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þjóðhagsspáin og horfur

Hagvaxtarspár Seðlabankans og Hagstofunnar gera ráð fyrir að einkaneysla muni standa undir þeim 2% hagvexti sem spáð hefur verið á árinu 2011. Það bendir hins vegar allt til þess að framlag einkaneyslunnar til hagvaxtar hér á landi verði mun minna en gert er ráð fyrir.

Erfitt er að sjá hvernig einkaneyslan á að ýta undir hagvöxt hjá jafn skuldsettu þjóðfélagi og því íslenska. Skuldsetning takmarkar einfaldlega ríkisumsvif, allar fjárfestingar sem og einkaneyslu til hagvaxtar. Það gefur auga leið að skuldsetning heimila gerir það að verkum að þau hafa minna aflögu og þurfa að auka sparnað á kostnað neyslu. Margir hafa nefnt að rýmkun heimilda varðandi séreignarsparnað geti ýtt undir einkaneysluna en hætta er á því að margir hafi nú þegar nýtt sér þær heimildir til þess að standa undir skuldabyrðinni. Því getum við varla búist við því að einkaneyslan standi undir miklum hluta hagvaxtar. Sé litið til fyrirtækjanna þá sést að staða margra þeirra kemur í veg fyrir nokkra fjárfestingu af þeirra hálfu. Ríkissjóður þarf einnig að draga saman seglin og því ekki hægt að búast við miklu þar. Hins vegar þurfa stjórnvöld að fara í sértækar aðgerðir hvað snertir atvinnulíf á Íslandi, og fyrirhugaðar stórframkvæmdir í vegamálum eru sannarlega lóð á þá vogarskál.

Einnig má velta fyrir sér þeirri hugsun sem býr að baki þeim forsendum sem eiga að drífa hagvöxtinn áfram, því gangi þessar spár eftir og hagvöxturinn muni aukast með einkaneyslu þá getur það haft neikvæðar afleiðingar í för með sér. Slíkt dregur úr sparnaði heimila og möguleika þeirra til að draga úr skuldsetningu og því gæti lengri tími liðið þar til hagkerfið færist nær einhvers konar jafnvægi.

Auka þarf útflutning

Verðmæti útflutnings á hátæknivörum og þjónustu á árinu 2009 nam um 37 milljörðum íslenskra króna, en það jafngilti um 5,5% af heildarútflutningstekjum þjóðarinnar. Íslendingar þurfa að auka útflutning sinn til styrktar hagkerfinu. Við getum litið til Danmerkur í þessu samhengi en Danir hafa náð að byggja upp hagkerfi sem byggir nær eingöngu á útflutningi. Það getum við Íslendingar tekið okkur til fyrirmyndar. Við þurfum að hætta að vera fyrst og fremst hráefnisframleiðendur og finna leiðir til að byggja hagkerfið upp á enn verðmætari útflutningi. Við höfum til að mynda ekki unnið nógu vel úr áli á Íslandi og ættum að skoða vel næsta þrep í þeim málum. Við höfum verið að byggja álver og fyrir liggur að byggja eigi fleiri slík á Íslandi, en við þurfum að frumvinna álið betur og mynda þannig auknar útflutningstekjur.

Einnig þarf að styðja við íslenska hönnun enda margir mjög frambærilegir hönnuðir á ýmsum sviðum á Íslandi. Mikil gróska er um þessar mundir í hinum ýmsu greinum, en það þarf að styðja vel við bakið á íslenskri hönnun og við frumkvöðla.

Stjórnarþingmenn styðja ekki fjárlög

Það er líklega einsdæmi að stjórnarþingmenn styðji ekki fjárlög ríkisstjórnar sinnar, eins og þrír þingmenn gerðu nú fyrir skömmu. Slík óeining í stjórnarflokki er ekki til þess fallin að efla og sameina þjóðina. Ég geri ekki ráð fyrir að nokkur alþingismaður hafi samþykkt niðurskurðarfjárlög með bros á vör, en fleira þarf að gera en gott þykir. Ég get ekkert neitað því að margt hefði ég viljað sjá öðruvísi í fjárlögum næsta árs, en líklega verður þessi hjáseta þingmannanna þriggja á sinn hátt einhvers konar vendipunktur í íslenskum stjórnmálum þegar til lengri tíma er litið.

Samþykkt fjárlaga í desember 2010 og skortur á framtíðarsýn

Fjárlögin fyrir 2011 hafa verið samþykkt og í þeim er margt sem vekur mann til umhugsunar um hvert á að stefna í íslensku samfélagi. Margt sem sést í fjárlögunum er með ágætum en annað virðist vera illa ígrundað og gjörsamlega tilgangslaust þegar litið er fram á veginn.

Eins og ég hef áður komið að skortir að mínu mati framtíðarsýn og skýra stefnumörkun fyrir land og þjóð. Við erum rík af auðlindum, mun ríkari en margar aðrar þjóðir, en okkur skortir stefnumörkun og framtíðarsýn um það á hverju við viljum byggja til framtíðar. Það vekur upp margar spurningar þegar litið er um öxl til þess kerfishruns sem varð hér á landi árið 2008. Hvað höfum við lært af þessu hruni og hvernig munum við þróast áfram og ná okkur upp úr þeirri lægð sem hér hefur síðan legið eins og mara á íslensku þjóðinni.

Mótuð skýr stefna fyrir samfélagið þarf að koma til. Hvers konar þjóð erum við og á hverju viljum við byggja þegar til lengri tíma er litið? Við veltum því fyrir okkur í dag hvað komandi kynslóðir munu þurfa að greiða fyrir IceSave samning þann sem nú verður gerður en það heyrist ekkert um það á hverju þær kynslóðir munu byggja.

Hvar er skýr stefna í skipulagsmálum á Íslandi? Hvers konar starfsemi viljum við hafa á Íslandi og hvar á sú starfsemi að vera staðsett. Ljóst er að það er enginn „Silicon Valley“ hér á landi ef svo má segja, en við þurfum að móta stefnu í skipulagsmálum um leið og atvinnumál og menntamál eru tekin enn fastari tökum en gert hefur verið.

> „Það verður að liggja fyrir hverjum kostum starfsmenn framtíðarinnar þurfa að vera búnir.“
>
> ÁSTA DÍS ÓLADÓTTIR

Hvernig starfsfólk mun Ísland þurfa eftir 10 ár, eða 20 ár? Verður skortur á hæfileikaríku og vel menntuðu fólki á Íslandi? Það virðist engin fyrirliggjandi stefna vera til um það hvaða atvinnugreinar við viljum byggja upp á Íslandi og þar af leiðandi vantar stóran hluta inn í stefnu stjórnvalda í menntamálum. Það eru greinar hér á landi, eins og hátækniiðnaðurinn, þar sem skortur er á tölvunarfræðingum og verkfræðingum. Sé litið til flugmála á Íslandi þá væri auðveldlega hægt að auka starfsemi á sviði flugsins, og þar skortir m.a. flugvirkja.

Ef Íslendingar byggju yfir skýrri sýn þess efnis hvert ætti að stefna í framtíðinni væri hægt að vinna markvisst að því að fjölga fólki með ákveðna þekkingu og reynslu á viðkomandi sviðum. Það er ekki nóg að það vanti atvinnutækifæri á Íslandi og nóg sé að byggja álver eða gagnaver svo dæmi séu nefnd, það verður að liggja fyrir hverjum kostum starfsmenn framtíðarinnar þurfa að vera búnir.

Að lokum

Þegar sagnfræðingar framtíðarinnar koma til með að kryfja árið 2010 til mergjar munu þeir án efa staldra við margháttuð áhrif Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á málefni Íslendinga. Þess verður minnst hve örðugt það hafi verið fyrir ríkistjórn að vinna sjálfstætt að ýmsum framfaramálum þjóðarinnar, þegar við hlið ráðherra situr ávallt „ökukennari“ sem tilbúinn er að kippa í AGS-neyðarhemilinn og benda á umferðarmerkið „framúrakstur bannaður“. En sögurýnendur munu samt greina ýmis jákvæð teikn á lofti í árslok 2010, og benda á heilladrjúgar vísitölur, s.s. þeirrar að ársverðbólga hafi verið komin niður í 2,5% og hafi ekki verið minni í 6 ár, og heildarvísitala þorsks, sem er líklega okkar helsta vísitala, hafi verið 20% hærri í svokölluðu „haustralli“ Hafrannsóknastofnunar en var á árinu 2009, og sú hæsta sem mælst hefur.

Við skulum því þrátt fyrir allt leitast við að horfa björtum augum fram til nýs árs 2011, sem mun meðal annars verða minnst sem ársins þegar Íslendingar fengu á ný fullt forræði yfir fjármálum sínum og kvöddu AGS. En minnumst þess samt að vandi fylgir vegsemd hverri. Megi stjórnvöld og Seðlabanki Íslands bera gæfu til að setja efnahagslífinu leikreglur í líkingu við þær sem bankastjórnin hefur nú skýrt frá að unnið sé að, og vill geta gripið til þegar „ökukennarinn“-AGS, hverfur af landi brott.

Ásta Dís Óladóttir er framkvæmdastjóri og formaður Atvinnuuppbyggingarnefndar á Suðurnesjum.

Innlendir vendipunktar 2010
Fréttablaðið gerir upp árið með greinum um innlenda vendipunkta eftir valda höfunda. Vendipunktarnir snúast um markverðar fréttir og atburði sem gerðust á árinu og gætu haft áhrif til frambúðar á Íslandi.

Fitnessbox
TRX Combó
Herþjálfun
World Class ICELAND

Alvöru FLUGELDAR

á alvöru verði

★★★★★ Margverðlaunaðir flugeldar

Opnum í dag kl. 10:00

Frábær tilboð - gríðarlegt úrval!

Hvellir
Tertur
Rakettur
Risabombur
Fjölskyldupakkar

Þessi terta sló heldur betur í gegn þegar hún bauðst í fyrsta sinn til sölu í fyrra. Einar sagði: **"þetta er klárlega flottasta terta sem ég hef séð!"** Nú fæst hún bæði 90 skota og 150 skota.

Alvöru FLUGELDAR

Ávísun

5.000 kr

Greiðið gegn tékka þessum: Handhafa

Krónur: Fimmþúsundkrónur 00/100

Dags. Gildir áramótin 2010/2011

Alvöru Flugeldamarkaðurinn

Ef þú kaupir fyrir 18.000 kr. þá færðu næstu 5.000 kr. frítt með því að framvísa þessari ávísun. **Gildir ekki af tilboðum.**

Kíktu við á einhverjum af sölustöðum okkar:

REYKJAVÍK **Mörkin1** Einar 899 6005	**REYKJAVÍK** **Stórhöfði 26, *við Gullinbrú*** Rúnar 660 0565	**REYKJAVÍK** **Malarhöfði, *hjá bill.is*** Óli 777 5700	**GARÐABÆR** HAFNFIRÐINGAR ATH. NÝJA STAÐSETNINGU **Miðhraun 2, *rétt hjá IKEA*** Guðni 618 4115 / Emil 694 4150
KÓPAVOGUR **Bæjarlind 14-16, *rétt hjá Players*** Jóhann & Ragnar 694 8201	**KÓPAVOGUR** **Smiðjuvegur 6c** Gunnar Ingi 662 8553 & Hanna 618 4115	**KEFLAVÍK** **Holtsgata 52, *við Grænásbrekku*** Óli 692 8770 / Pálmi 698 3521	**AKUREYRI** **Glerárgata 36, *(áður Dagsljós)*** Steinar 820 4801

Opið 28.-30. kl.10:00-22:00 og 31. kl. 10:00-16:00.

skoðun

greinar@frettabladid.is

Rétt er að efna til víðtæks samráðs og umræðu um nýja peningastefnu.

Agi óskast

Nýleg skýrsla Seðlabankans um peningastefnu eftir höft er ágætur grundvöllur fyrir umræður um þetta mikilvæga mál, sem því miður hefur ekki hlotið nægilega athygli eftir hrun krónunnar og gjaldþrot þeirrar peningastefnu sem fylgt hefur verið frá upphafi áratugarins. Raunar kemur ágætlega fram í skýrslu Seðlabankans að stjórn peningamála hér á landi hefur verið misheppnuð alveg frá upphafi. Frá því að íslenzka krónan hætti að fylgja þeirri dönsku fyrir um 90 árum hefur hún rýrnað um 99,95% að verðgildi miðað við dönsku krónuna.

Í skýrslu sinni benti Seðlabankinn á að verði horfið frá gömlu stefnunni um sjálfstæðan, fljótandi gjaldmiðil og verðbólgumarkmið og tekin upp fastgengisstefna, sé ákjósanlegast að tengja gengi krónunnar við evruna. Bankinn geldur varhug við að gera það með einhliða upptöku eða öðrum veikari formum tengingar, en telur að bezti kosturinn sé sá að taka upp evruna með inngöngu í Evrópusambandið og þar með Efnahags- og myntbandalag Evrópu. Þetta er í raun stefna ríkisstjórnarinnar, sem hefur sótt um aðild að Evrópusambandinu, en stefnuna skortir trúverðugleika og slagkraft vegna óeiningar í stjórnarliðinu.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Ísland þarf peningastefnu sem til skemmri tíma litið gerir afnám gjaldeyrishaftanna mögulegt og undirbyggir til lengri tíma upptöku evrunnar. Hins vegar þarf líka varaáætlun, sem hægt er að grípa til fari svo að Íslendingar samþykki ekki aðildarsamning við Evrópusambandið þegar þar að kemur.

Hver sem niðurstaðan verður um mótun peningastefnu og hvort sem Ísland fær nýjan, stöðugan gjaldmiðil eða missir af því tækifæri, er ljóst að eigi íslenzkt efnahagslíf að verða samkeppnisfært þarf miklu harðari aga í hagstjórninni. Það á ekki sízt við um ríkisfjármálin, sem sjaldnast hafa stutt við peningamálastefnu Seðlabankans sem skyldi. Ákvarðanir um launahækkanir á vinnumarkaði mega heldur ekki verða umfram þá innstæðu sem verðmætasköpun fyrirtækjanna skapar, ef menn geta ekki lengur gripið til þess ráðs að lækka laun almennings með því að fella gengið.

Það er rétt af Árna Páli Árnasyni, efnahags- og viðskiptaráðherra, sem skrifaði grein um peningastefnuna í Fréttablaðið í gær, að vilja efna til víðtæks samráðs og umræðu um mótun nýrrar stefnu. Hann bendir réttilega á í grein sinni að of margir stjórnmálaflokkar hafi til þessa komizt upp með að skila auðu þegar spurt hefur verið hvernig peningastefnu eigi að móta til framtíðar. Enginn hefur sýnt með sannfærandi hætti fram á hvernig íslenzku efnahagslífi á að vera betur borgið í framtíðinni með krónunni en með alþjóðlegum gjaldmiðli. Nú fer að verða tímabært að flokkarnir sýni á spilin.

Sömuleiðis hljóta bæði samtök atvinnurekenda og launþega að taka þátt í mótun nýrrar stefnu. Fyrirtækin sem búa við þá óþolandi óvissu sem fylgir litlum, sveiflukenndum gjaldmiðli og launþegar sem oft hafa þurft að sjá á bak kaupmætti sínum í gin gengisfellinga hljóta að vilja marka nýja stefnu sem dugir til framtíðar.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Stofnun saknar annarrar

Sérstakur saksóknari og hans undirmenn fá kveðju í nýjasta hefti Tíundar, tímarits Ríkisskattstjóra. Embætti sérstaks saksóknara var þar til í ágúst á Laugavegi 166, í sama húsnæði og Ríkisskattstjóri. Þá flutti hersingin sig niður á Skúlagötu enda hafði starfsmönnum fjölgað ört og húsnæðið beinlínis nánast sprungið utan af þeim. Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri þakkar Ólafi Hauksyni og félögum fyrir góð kynni og skemmtilegan félagsskap og kveðst vona að nærvera hans og annarra Ríkisskattstjóramanna hafi ekki sett embætti Ólafs skorður.

Feginn í aðra röndina

En einu er Skúli feginn. „Starfsmenn á Laugaveginum hlakka mikið til að geta í framtíðinni gengið um útidyr án þess að vera undir vökulum augum blaðamanna og ljósmyndara sem sitja um viðskiptamenn saksóknara," skrifar Skúli.

Nýir sambýlingar

Nú er Ólafur farinn með sitt hafurtask niður á Skúlagötu 17. Þar deilir hann húsnæði með hinum og þessum sem ekki endilega eru meira gefnir fyrir umsátur fjölmiðla, til dæmis indverska sendiráðinu og veitingastaðnum Kryddlegnum hjörtum. Hvort sem það er tilviljun ein þá er þar einnig til húsa Jón Þórisson, arkitekt og fyrrverandi aðstoðarmaður Evu Joly hérlendis. Þá má bæta því við að sá sem reisti húsið um aldamótin var Franz Jezorski, sem í gær eignaðist bílaumboðið Heklu.

stigur@frettabladid.is

HALLDÓR

Hugvekja við áramót

Skuldir heimilanna

Ari Trausti Guðmundsson
náttúruvísindamaður og rithöfundur

Merkileg er slagsíðan á samfélaginu. Og enn merkilegri er hagfræði sérgæskunnar. Ein hjón gambla hátt og hratt og stofna hlutafélag eða gæta þess á annan hátt að bera ekki persónulega ábyrgð á gríðarlega háum lánum sem þau telja sig þurfa, helst með veði í fallvöltum hlutabréfum. Önnur hjón og mun yngri taka 60% fasteignalán, með veði í nýrri fasteign, og skulda 25 milljónir króna í verðtryggðu láni. Ef skuldunauturinn er banki eignaðist hann líklega lánið á útsölu. Fyrri hjónin fá afskrifaðar 500 eða 1.000 milljónir króna, kannski enn meira, og standa auðvitað ekki í skilum við lánardrottnana. Tjónið er samfélagsvætt og ríkið og aðrir borga brúsann. Er það ekki svo? spyr námsmaður á fyrsta ári í hagfræði. Góð spurning, en erfið til svara, segir kennarinn.

Hin hjónin, í ágætri vinnu, standa í skilum með sitt lán sem nú stendur í 33 milljónum. „Geta greitt", eins og ráðherra segir stoltur. „Eru ekki í skuldavanda og þurfa ekki aðstoð" eins og annar ráðherra segir með vísifingurinn á lofti. Og þau spara þétt og greiða áfram af láni sínu, aðstoða þannig hin hjónin við að lifa lífinu, jafnvel í ábyrgðarstöðum. Á meðan saxast á eignarhlut seinni hjónanna í íbúðinni með hækkandi höfuðstól og lækkandi íbúðarverði og þau, sem ætluðu að nýta andvirðið einhvern tíma sem lífeyri, sjá skuldunautinn smám saman eignast fallegu íbúðina sína.

Bankinn eða Íbúðalánasjóður (með belti og axlabönd í lánveitingum eins og enn annar ráðherra kallaði þetta eitt sinn) gætir þess að taka ekki í mál að lækka höfuðstól lánsins. Talsmaður lífeyrissjóðs fólksins er enn hneykslaðri vegna krafna „svona fólks" og spyr mæðulega hvort „þetta fólk" ætlist virkilega til að sjóðurinn skerði lífeyrisgreiðslur til eigenda lífeyrisins svo lækka megi skuld „þessa fólks" sem getur borgað það sem það skuldar. Og allir ráðherrarnir, bankarnir og lífeyrissjóðstalsmennirnir benda loks hróðugir á að nýboðaðar aðgerðir til hjálpar ofskuldugum heimilum gagnist 50-60 þúsund slíkum. Í hverri viku bætast nokkrir tugir heimila í þann hóp meðan óánægja skilvísa fólksins eykst og traust á Alþingi og stjórnmálamönnum minnkar.

En hver á að borga kreppuna? spyr námsmaðurinn á fyrsta ári í hagfræði. Góð spurning, svarar kennarinn, ég get ekki svarað því með neinni vissu en veit þó að það er reynt að jafna byrðarnar og stefnt að friði í samfélaginu.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir arndis@frettabladid.is, Kristján Hjálmarsson, kristjan@frettabladid.is Trausti Hafliðason trausti@frettabladid.is og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) hdm@frettabladid.is HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir sigridur@frettabladid.is MENNING: Bergsteinn Sigurðsson bergsteinn@frettabladid.is ALLT OG SÉRBLÖÐ: Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson henry@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir kolbrun@frettabladid.is

Árið 2010

Í DAG

Sverrir Jakobsson
Sagnfræðingur

Að mörgu leyti var árið sem nú er á enda ár hinna óleystu vandamála. Icesave-deilan var í hnút allt árið og í alþjóðlegum viðskiptum er Ísland ennþá í gjörgæslu, líkt og áframhaldandi gjaldeyrishöft eru til marks um. Þetta er nátengt því að ekki er hægt að vænta þess að íslensk fyrirtæki njóti trausts erlendis fyrr en búið er að ganga frá eftirmálunum af gjaldþroti íslensku bankanna. Annar fortíðardraugur frá góðærinu, einkavæðing orkufyrirtækja, hefur ásótt stjórnvöld allt árið og sér enn ekki fyrir lausn þess máls. Fá mál eru líklegri til að reka fleyg í stjórnarsamstarfið – nema helst áframhaldandi ágreiningur um ESB-umsókn – en Magma-málið er þó enn hægt að leysa og líklega eru flestir kjósendur stjórnarflokkanna sammála um þær áherslur að vinda beri ofan af þessari einkavæðingu.

Ýmislegt fleira hefur valdið vonbrigðum. Lítill áhugi almennings á kosningum til stjórnlagaþings og hin dræma kjörsókn (einungis 35%) bendir til þess að það hafi ekki verið rétt greining á vanda þjóðarinnar að benda sérstaklega á stjórnarskrána og að stjórnlagaþingið sem kosið var til í nóvember sé ekki það sem almenningur hefur beðið eftir. Þetta þarf ekki að koma á óvart ef við viljum læra af reynslu annarra þjóða. Fyrir um tveimur áratugum reyndu margir að kenna kosningakerfinu á Ítalíu um landlæga spillingu þar í landi. Kerfinu var breytt en ekkert breyttist og Ítalir hafa setið uppi með Berlusconi í tæpa tvo áratugi. Það skiptir þannig máli að greina vandamálin rétt því að röng greining á þeim sóar bæði tíma og peningum auk þess sem að hin raunverulegu vandamál fá ekki næga athygli.

Á hinn bóginn hefur margt þróast betur á árinu 2010 en vænta mátti og gefur það góðar vonir um viðsnúning á árinu 2011. Í fyrsta lagi er verðbólga nú komin niður fyrir 2,5% og hefur ekki verið lægri í sjö ár. Þetta gefur stjórnvöldum tækifæri til afnema verðtrygginguna sem yrði byltingarkennd aðgerð í íslensku efnahagslífi. Þá hefur

> Varla getur nokkur stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar verið almennt sáttur við það hvernig til hefur tekist á árinu.

þróun í ríkisfjármálum orðið hagstæðari en búist var við í upphafi ársins. Í ljósi þess að helmingur íslenskrar fjölmiðlaumræðu snýst um að kvarta yfir skattahækkunum en afgangurinn eru umkvartanir yfir niðurskurði þá hlýtur betri staða ríkisfjármála að vera fagnaðarefni. Meira máli skiptir þó að reynt hefur verið að dreifa skattbyrðinni þannig að tekjulægstu hóparnir þurfi að taka minna á sig en hinir tekjuhærri og niðurskurðurinn til velferðarmála er langmestur. Hér er athyglisvert að bera saman frammistöðu ríkis og ýmissa sveitarfélaga, t.d. Reykjavíkurborgar. Þar eru enn ríkjandi kredda frá góðæristímanum um að ekki megi hækka útsvarið en þess í stað er verið að skera niður í leikskólunum.

Nokkrar breytingar til bóta hafa orðið á umgjörð ríkisvaldsins á árinu, einkum á sviði mannréttindamála. Breyttar reglur um skipan dómara draga úr valdi eins ráðherra á þessu sviði og er það raunverulegt skref til að draga úr samþættingu framkvæmdavalds og dómsvalds. Þá var hjúskaparlögum breytt á þann hátt að Ísland er skyndilega í fararbroddi ríkja þar sem fólki er ekki mismunað fyrir það eitt að vilja eiga maka af sama kyni. Hér skiptir breyttur þingmeirihluti verulegu máli þó að ofmælt sé að kalla ríkisstjórnina „hreinræktaða vinstristjórn“ eins og sumir stjórnmálafræðingar gera. Eftir stendur að stefna ríkisstjórnarinnar á málefnum innflytjenda hefur ekki tekið nógu róttækum breytingum frá því sem áður tíðkaðist.

Varla getur nokkur stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar verið almennt sáttur við það hvernig til hefur tekist á árinu. Það vantar félagslega valkosti í bankakerfinu, viðskiptalífinu og húsnæðiskerfinu, svo nokkur dæmi séu tekin. Efnahagurinn er grundvöllur allra umbóta og til langs tíma er jákvætt að ríkisfjármálin séu að ná jafnvægi fyrr en ætlað hafði verið, að vextir fari stöðugt lækkandi og að ríkisstjórnin hafi getað rekið sína stefnu í samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn en án þess að lúta valdboði hans. Til lengri tíma litið þarf þó meiri og róttækari breytingar ef Ísland á ekki að sigla aftur í sama far og fyrir hrunið.

Í byrjun sérhvers dags skyldi hugað að endanum. Með þeim orðum læt ég hér staðar numið.

Auðkennistákn í Reykjavík

Pistill

Valgarður Egilsson
læknir

Íslendingar hampa oft uppruna sínum frá víkingum. Óvíst er hvort margir landnámsmanna höfðu verið í víking í alvöru. En í lífsmáta víkinga örlar varla á heimspeki né húmanisma.

Gott væri að losa sig við það orð sem á okkur liggur, að við séum af víkingum komin. Slík var grimmd þeirra og villimennska, og slíkur var skortur á heimspeki og húmanisma hjá þeim.

> Legg til að skúlptúr verði reistur á Lækjartorgi, mætti tákna ritandi hönd, eða sýna seglskip, helst hvort tveggja …

Árásin á Lindesfarne árið 793: múnkar klaustursins yfir bókum sínum flytja þakkargjörð skapara sínum, í aðdáun og góðvild. Nú hafa læðst að klaustrinu vopnaðir menn – skyndilega stökkva upp 60 hrottar með öskrum og orgi: Drepum, drepum! Og ráðast á óviðbúna múnkana: Drepum, drepum!! orga þeir. Og brytja þá niður hlífðarlausa.

Og svo hrósa þeir sér af þessu víkingarnir. Og afkomendur hampa þessu sem afrekum.

Víkingar hafa að líkindum verið huglausir – samskonar flokkaárásir nota hýenur – en ránseðlið keyrir þá áfram og græðgin. Ja þvílík afrek! (óviðeigandi er orðið kúltúr yfir þvílíka bleyðimennsku). Svo spinna þeir upp sögur um drengskap og göfgi.

Afkomendur landnámsmanna unnu þó afrek sem maður getur verið stoltur af. Þeir skrifuðu bókmenntir og þeir sigldu til landkönnunar. Gott væri að ítreka þá minningu. Mætti reisa á Lækjartorgi mynd-skúlptúr sem minnti á ritun sagna og landkönnun.

Það vantar einmitt í miðju Reykjavíkur eitthvert auðkenni það sem ferðamenn okkar geti miðað við – auðkenni sem sé það áberandi að allir átti sig á því. Nú er staðan sú, að búi tveir ferðamenn hvor á sínu hótelinu þá vita þeir ekki hvar þeir geti mælt sér mót – ekkert örnefni er til í mið-Reykjavík nægilega þekkt til þess, enginn staður nægilega þekktur né áberandi til þess.

Legg til að skúlptúr verði reistur á Lækjartorgi, mætti tákna ritandi hönd, eða sýna seglskip, helst hvort tveggja. Skúlptúrinn skagi dáldið hátt upp svo sjáist langt að; efnið í myndina sé ekki massi, en minni heldur á strik. Beita má nýrri tækni: ljósi, breytileika, hreyfingu.

Ritandi hönd. Auðkennistákn Reykjavíkur. Writers and Seafarers. (Hefðum auðvitað átt að hafa torg í miðju borgar).

tímamót

timamot@frettabladid.is

56 DENZEL WASHINGTON leikari er 56 ára.
„Heppni er þegar tækifæri kemur upp í hendurnar á fólki og það er tilbúið að grípa það.“

NÁMSGAGNASTOFNUN: ENDURÚTGEFUR SKÓLALJÓÐ Á 30 ÁRA AFMÆLI SÍNU

Bók sem margir hafa saknað

„Skólaljóð er dýrgripur sem geymir úrval bestu ljóða færustu skálda þjóðarinnar fram yfir miðja síðustu öld. Því er vonandi að sem flestir njóti hennar nú þegar hún er aftur orðin fáanleg,“ segir Ingibjörg Ásgeirsdóttir, forstjóri Námsgagnastofnunar, sem í tilefni af 30 ára afmæli stofnunarinnar hefur endurútgefið Skólaljóð á ný, en bókin hefur verið ófáanleg í rúma tvo áratugi.

„Í gegnum tíðina hefur oft verið rætt um að gefa út Skólaljóðin aftur en útgáfa þeirra hefur ekki þótt aðkallandi og alltaf annað sem hefur haft forgang í þröngum fjárveitingum. Útgáfan nú er því hálfpartinn lúxusverkefni og sannkölluð afmælisgjöf, enda alltaf verið mikil eftirspurn og söknuður eftir Skólaljóðunum, og margir sem tekið hafa ástfóstri við bókina,“ segir Ingibjörg um Skólaljóðin sem flestum er ógleymanleg sem þykkur doðrantur í blárri kápu og myndskreytt stórkostlegum teikningum Halldórs Péturssonar.

Skólaljóð komu fyrst út 1964 og var mörgum sinnum endurprentuð þar til hætt var að gefa hana út 1976.

„Nýja útgáfan er algjörlega óbreytt, með upprunalegri stafsetningu, ljóðum og framsetningu, en færð voru inn dánarár þeirra skálda sem látist hafa frá síðustu útgáfu bókarinnar. Þá voru áður fyrr gefnar út skýringar við Skólaljóð sem nú má finna á vef Námsgagnastofnunar, www.nams.is,“ segir Ingibjörg sem einnig skrifar nýjan formála í Skólaljóð nú.

Ingibjörg kannast vel við háværa jafnréttisumræðu á tímabili vegna fárra kvenskálda í Skólaljóðum. „Og víst eru skáld bókarinnar allir karlar utan tveggja kvenna, en við því er lítið að gera því þannig var lífið fyrr á tímum þegar karlar ortu ljóð á kostnað tímaskorts kvenna,“ segir Ingibjörg.

Hún segir marga tengja dramatískar teikningar Halldórs við gömlu Skólaljóðin, enda hafi þær hjálpað börnum að læra þung ljóð utanbókar.

„Teikningarnar sitja í þeim sem lærðu á bókina. Þetta var bogið fólk, einhver sem sat einsamall og hnípinn, Skúli á fleygiferð á Sörla, Erla góða Erla í vöggunni sinni, kerlingin með sálina hans Jóns míns í poka og annað sem kveikti tilfinningar sem hjálpuðu minni barna. Bókin er því einstök en vissulega barn síns tíma því í henni er ekkert borgarlandslag heldur íslenskt sveitalíf, blóm, hestar, fjöll og náttúra í öndvegi,“ segir Ingibjörg um Skólaljóð sem nú þegar hafa verið pöntuð í marga skóla landsins.

„Strax fyrstu dagana fór bókin út í skólana í 1.400 eintökum. Skólastjórar vilja enda að hún sé til í skólunum þótt eftir eigi að koma í ljós hvernig hún verður notuð. Eftir að útgáfu Skólaljóða var hætt 1976 voru gefnar út þrjár minni ljóðabækur fyrir þrjú mismunandi skólastig grunnskólanna og eflaust henta þær enn betur til kennslu ákveðinna skólastiga. Gömlu skólaljóðin má hins vegar nota meðfram og á bókasöfnum, og svo eru margir sem vilja eignast þessa bók þótt orðnir fullorðnir séu því hún er fagurt uppflettirit ljóða og dýrgripur á hverju heimili.“

thordis@frettabladid.is

DÝRGRIPUR Hér situr Ingibjörg Ásgeirsdóttir forstjóri Námsgagnastofnunnar í góðu yfirlæti við notalegan lestur Skólaljóðanna góðu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

---

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Ástríður Oddbergsdóttir
frá Ási í Nesjum,

lést á Hjúkrunarheimili HSSA þann 22. desember. Útförin fer fram frá Hafnarkirkju þann 29. desember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hjúkrunarheimili HSSA. Þökkum auðsýnda samúð.

Ásdís Marteinsdóttir
Hrollaugur Marteinsson
Anna Elín Marteinsdóttir
Gísli Eymundur Hermannsson
Sigríður Elísa Jónsdóttir
Árni Sverrisson
barnabörn og þeirra fjölskyldur.

Ástkær móðursystir okkar,

Gyða Jónsdóttir,
Kleppsvegi 2,

verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 29. desember klukkan 13.00.

Skúli Már Sigurðsson
Gísli Jón Sigurðsson
Örn Sigurðsson

---

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Elín Jónsdóttir Dungal,
Grensásvegi 58, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum Fossvogi miðvikudaginn 15. desember, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 29. desember kl. 13.00.

Fyrir hönd aðstandenda,
Jón Þorvaldsson
Steinunn Kr. Þorvaldsdóttir
Hilmar Á. Hilmarsson
Vallý Helga Ragnarsdóttir
Finnur Geirsson
Guðfinna M. Sævarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærs eigimanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Þórhalls Magnússonar,
fv. flugstjóra, Asparási 6, Garðabæ,

Hafdís Guðbergsdóttir
Guðberg Þórhallsson
Hulda Þórhallsdóttir
Sigrún Stefánsdóttir
Jóhann Kristinsson
barnabörn og barnabarnabarn.

---

†

Elskulegi maðurinn minn, pabbi okkar, tengdapabbi og afi,

Erling Sigurlaugsson
bifvélavirkjameistari,
Nesbala 3, Seltjarnarnesi,

lést þriðjudaginn 21. desember. Útför hans fer fram frá Seltjarnarneskirkju, fimmtudaginn 30. desember nk. kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Parkinsonsamtökin á Íslandi.

Halldóra Sigurgeirsdóttir
Reynir, Rúnar, Ingilaug Erlingsbörn, Jóhann Kjartansson og fjölskyldur.

---

†

Elsku systir okkar,

Guðríður Sigurðardóttir
Florida, Bandaríkjunum,

lést þann 29. nóvember sl. Bálför hefur farið fram. Kveðjustund verður í Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 30. desember kl. 15.00 og síðan jarðsett í Hólabergskirkjugarði.

F.h. aðstandenda,
Sigurður Úlfar Sigurðsson
Ólöf Sigurðardóttir
Ásta Rán Sigurðardóttir

---

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðni Ágústsson,
Keilufelli 20, Reykjavík,

sem lést fimmtudaginn 16. desember á Landspítalanum Fossvogi, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 30. desember kl. 13.00.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Ólafía Þorsteinsdóttir

Merkisatburðir

1887 Bríet Bjarnhéðinsdóttir flytur fyrst kvenna hérlendis opinberan fyrirlestur í Góðtemplarahúsinu í Reykjavík, um „Kjör og réttindi kvenna“.

1894 Ofsaveður gerir af vestri með allmiklum skaða, miklu sjávarflóði og hafróti í Reykjavík.

1965 Eyja rís úr hafi skammt frá Surtsey og er nefnd Jólnir vegna þess að goshrinan hófst á annan í jólum.

1983 Vogur, sjúkrastöð SÁÁ við Grafarvog, tekur til starfa.

---

†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Ingibjörg Þóra Sigurgrímsdóttir,
Grænumörk 5, Selfossi, áður Heiðarbrún, Stokkseyri,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands að morgni 24. desember. Útförin fer fram frá Stokkseyrarkirkju fimmtudaginn 30. desember kl. 13.00.

Sveinbjörn Guðmundsson
Jóhann Sveinbjörnsson
Einar Sveinbjörnsson
Bjarki Sveinbjörnsson
Ólöf Bergsdóttir
Kristín Friðriksdóttir
Sigrún Kristinsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**. Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.

Nicorette Freshdrops munnsogstöflur

Ný leið frá nicorette® til að hefja reyklaust líf

- Setja skal eina munnsogstöflu í munninn og láta hana leysast upp. Reglulega skal færa töfluna frá einum stað til annars í munninum.
- Ekki skal tyggja eða kyngja munnsogstöflunni.
- Fæst í 24 stk. og 96 stk. pakkningum
  - Lítið vasahulstur fylgir með.

Með piparmyntubragði

nicorette®
Auðveldar þér að hætta að reykja

Nicorette Freshdrops 2mg munnsogstöflur innihalda nikótín. Munnsogstöflurnar eru fáanlegar án lyfseðils og eru notaðar til að draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt. Nota skal nægilegt magn munnsogstaflna hvern dag, venjulega 8-12 stykki, þó ekki fleiri en 15 á sólarhring. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfið. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins eiga ekki að nota Nicorette. Reykingafólk með nýlegt hjartadrep, óstöðuga eða versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall skal hvatt til að hætta að reykja án lyfjameðferðar. Nicorette Freshdrops innihalda mannitól sem getur haft væg hægðalosandi áhrif. Börn yngri en 18 ára mega ekki nota Nicorette Freshdrops nema í samráði við lækni. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við lækni. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.

nicorette® freshdrops nicotin

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför móður okkar,

Sigurbjargar Sigríðar Jónsdóttur,

Dvalarheimilinu Höfða,
áður Háholti 33, Akranesi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Höfða.

Guðný Guðjónsdóttir
Rúnar Guðjónsson
Hugrún Guðjónsdóttir
Kristín Guðjónsdóttir
og fjölskyldur.

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Grétar Áss Sigurðsson

viðskiptafræðingur,
Brúnastekk 11, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Hringbraut miðvikudaginn 22. desember.

Sigrún Andrewsdóttir
Sigurður Áss Grétarsson — **Árelía Eydís Guðmundsdóttir**
Andri Áss Grétarsson — **María Árdís Gunnarsdóttir**
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir — **Steinunn H. Blöndal**
Helgi Áss Grétarsson — **Ólöf Ingvarsdóttir**
og barnabörn.

Elskulegur sonur okkar, bróðir, mágur og frændi,

Gunnar Ellertsson,

lést umvafinn fjölskyldu sinni að heimili sínu, Bjarnastöðum, Vatnsdal, að kvöldi Þorláksmessu 23. desember 2010.

Ellert Pálmason — **Vigdís Theodóra Bergsdóttir**
Pálína Bergey Lýðsdóttir — **Bjarni Kristinsson**
Hekla Birgisdóttir
Pálmi Ellertsson
Oddný Rún Ellertsdóttir
systkinabörn og fjölskyldur þeirra.

Elskuleg föðursystur okkar,

Valgerður Jóna Andrésdóttir,

fyrrverandi kaupkona,

verður jarðsungin frá Fossvogskapellu miðvikudaginn 29. desember kl. 15.00.

Katrín A. Magnúsdóttir
Unnur Magnúsdóttir
Þórhildur Magnúsdóttir
Andrés Magnússon

Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við fráfall eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Elsu E. Guðjónsson,

textíl- og búningafræðings.

Þór Guðjónsson og fjölskylda.

Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Guðrún Kristín Erlendsdóttir

(Stína frá Hamragörðum)
Hlíðarvegi 16, Kópavogi,

andaðist að morgni Þorláksmessu. Útförin fer fram frá Digraneskirkju fimmtudaginn 30. desember kl. 13.00.

Guðjón Traustason
Sigríður Heiðrún Guðjónsdóttir — **Ágúst Ólason**
Trausti Guðjónsson — **Lísa María Karlsdóttir**
Erlendur Reynir Guðjónsson — **Guðfinna Björk Sigvaldadóttir**
Heiðrún, Óli, Hanna, Guðjón Leví, Brynjar Steinn, Jóna Kristín, Dagný Lind, Valdís Eva.

Ástkær unnusti minn, sonur, bróðir okkar, barnabarn og tengdasonur,

Brynjar Þór Ingason

Fjarðarstræti 2, Ísafirði,

lést sunnudaginn 19. desember. Jarðarförin fer fram frá Ísafjarðarkirkju miðvikudaginn 29. desember kl. 14.00.

Rannveig Jónsdóttir
Ingi Þ. Guðmundsson
Almar Þór Ingason
Fannar Þór Ingason
Birta Kristín Ingadóttir
Óttar Gunnarsson
Pálína Þórarinsdóttir
Margrét Gunnarsdóttir, Jón Sigurpálsson og aðrir aðstandendur.

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðmundur Jónatan Kristjánsson

málari,
Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund,
áður Heiðargerði 27, Reykjavík,

lést á Grund föstudaginn, 17. desember. Útförin fer fram miðvikudaginn 29. desember frá Grensáskirkju kl. 11.00.

Jóna Laufey Hallgrímsdóttir
Margrét Þóra Guðmundsdóttir — **Ólafur Þór Sigurvinsson**
Kristján Guðmundsson — **Margrét Jóhannsdóttir**
Ásta Vilhelmína Guðmundsdóttir — **Ásgeir Sigurvinsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Magnús Gunnarsson

vélvirki,
Öldugötu 14, Hafnarfirði,

sem lést 14. desember 2010 verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði miðvikudaginn 29. desember kl.13.00.

Olga B. Magnúsdóttir — **Stefán H. Sandholt**
Gunnar Magnússon — **Guðrún Björnsdóttir**
Guðrún Magnúsdóttir — **Guðmundur Hafliðason**
Björg Magnúsdóttir — **Eiríkur Páll Einarsson**
Guðmundur L. Magnússon — **Þorgerður Sigurðardóttir**
Elín Björg Magnúsdóttir — **Óskar Hallgrímsson**
Kári Magnússon
Helga Magnúsdóttir — **Atli Geir Friðjónsson**
Arnfríður Magnúsdóttir — **Magnús Helgi Jónsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Þórhildur Sigurðardóttir,

Suðurgötu 17-21, Sandgerði,

verður jarðsungin frá Safnaðarheimilinu í Sandgerði miðvikudaginn 29. desember kl. 14.00.

Steinunn Fríðhólm Friðriksdóttir — **Gunnlaugur Sigmarsson**
Sigurður Sævar Fríðhólm Friðriksson — **Sólrún Bragadóttir**
Rúnar Þórarinsson
Jón Fríðhólm Friðriksson — **Alma Jónsdóttir**
Friðrik Þór Friðriksson — **Marta Eiríksdóttir**
Fanney Friðriksdóttir — **Theodór Blöndal Einarsson**
Heiður Huld Friðriksdóttir — **Eiður Þórarinsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

Móðir mín,

Anna Vilborg Magnúsdóttir

frá Hraunholtum í Hnappadal,

lést á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni í Reykjavík á Þorláksmessu, 23. desember. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju, fimmtudaginn 30. desember kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarsjóð Sóltúns.

Fyrir hönd aðstandenda,
Reynir Ingibjartsson

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigurður Ágústsson

frá Vík
Tjarnarási 9a, Stykkishólmi,

verður jarðsunginn frá Stykkishólmskirkju fimmtudaginn 30. desember kl. 14.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög og orgelsjóð Stykkishólmskirkju.

Elín Guðrún Sigurðardóttir
Magdalena Sigurðardóttir — **Alfreð S. Jóhannsson**
Þór Sigurðsson — **Hallfríður Guðrún Einarsdóttir**
Oddný Sigurðardóttir — **Eiríkur Jónsson**
Dagný Sigurðardóttir — **Þorvaldur Jónsson**
Þorgerður Sigurðardóttir — **Kristján Már Unnarsson**
Sigríður Sigurðardóttir — **Ingjaldur Arnþórsson**
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Jón Erlendsson,

kennari og fv. framkvæmdastjóri HSÍ,
Hraunbæ 103, áður Rauðalæk 67,
Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Laugarneskirkju fimmtudaginn 30. desember kl. 11.00.

Ingileif Jónsdóttir — **Birgir Björn Sigurjónsson**
Anna Jóna Hauksdóttir
Kristín Jónsdóttir — **Þórarinn Eyfjörð**
Jón Erlendsson — **Eva Úlla Hilmarsdóttir**
Magnús Birgisson — **Hrafnhildur Hjaltadóttir**
Árni Birgisson — **Salvör Gyða Lúðvíksdóttir**
Sigrún Eyfjörð
Þorsteinn Eyfjörð
og barnabarnabörn.

Sunni kallast áramót múslima og eru þau haldin hátíðleg 1. muharram. Dagatal múslima byggir á tólf tunglmánuðum, um það bil 354 dögum og því er dagsetning þess í gregoríska tímatalinu aðeins fyrr á hverju ári.

friendtex

ÚTSALAN
ER Á FULLU

Opnunartími:
mánud. - föstud. kl.11.00 - 1800. Lokað á gamlársdag
Kíktu – það er þess virði

Bonito ehf. Friendtex,
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is

Patti Húsgögn
Landsins mesta úrval af sófasettum
Hægindastólar og sófar í úrvali

Opið : Mánud. - Föstud. frá 9 til 18 og Laugard. frá 11 til 16
Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Gildir til 31.desember

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI SKEMMTUN
Meiri Vísir.
visir.is

Arndísi Snorradóttur gekk illa að fóta sig í Noregi þar til hún fór að stunda líkamsrækt og fjallgöngur.

Fann gleðina í spinning

Arndís Snorradóttir, æskulýðs- og tómstundafulltrúi, flutti ásamt fjölskyldunni til Måløy á vesturströnd Noregs fyrir um áratug. Íslendingnum gekk ekki eins vel að fóta sig ytra og hann hafði vonast til og afleiðingarnar urðu þær að yfir Arndísi helltist smám saman vanlíðan og þunglyndi. Að lokum leitaði hún sér aðstoðar hjá lækni sem mælti með nokkuð óvenjulegri meðferð sem reyndist þó vel.

:HEILSA | 3

Arndís verður með spinning-tíma í World Class þar sem hún ætlar að sýna hvernig Norðmenn fara að. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Gleðileg jól

Heimili fasteignasala óskar viðskiptamönnum sínum og landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári.
Áfram sem áður tileinkum við okkur drengskap og gjörvileika í okkar vönduðu vinnubrögðum.
Með áreiðanleika og bjartzýni heilsum við nýju ári og nýjum og gömlum viðskiptamönnum.

heimili
FASTEIGNASALA
Skipholti 29a • Sími: 530 6500 • www.heimili.is

maggi@72og3.is

:ALLT
TÍSKA

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is
sími 512 5473

Henný Árnadóttir
henny@365.is
sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is
sími 512 5447

Fimmtudaga

Íþróttakona og -maður Hafnarfjarðar verða krýnd í Íþróttahúsinu við Strandgötu á miðvikudag. Við sama tækifæri verða veittar viðurkenningar til allra hafnfirskra íþróttamanna sem unnið hafa til meistaratitla á árinu 2010.

Heilsa er samkvæmt skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðisstofnuninnar (WHO) ekki einungis fólgin í að vera sjúkdómalaus heldur í almennri velferð einstaklings hvort sem er líkamlegri, andlegri og félagslegri.

www.wikipedia.org

Markahrókurinn og sósusnillingurinn Ian Wright veitti íslenska sigurliðinu verðlaun í Moskvu árið 2008, en þá var mótið haldið í tengslum við úrslitaleik meistaradeildarinnar.

Sigurvegarinn til Abu Dhabi

Vodafone Cup fer fram 7. til 8. janúar næstkomandi í Fífunni. Sigurvegararnir fara á alþjóðlegt mót sem fram fer í Sameinuðu arabísku furstadæmunum, auk þess sem þeir fá VIP-passa á stjörnum prýdda hátíð góðgerðasamtakanna Laureus. Íslendingar eiga titil að verja.

Á því herrans ári 2008 báru fulltrúar Íslands sigur af hólmi í alþjóðlega Vodafone-bikarnum sem fram fór í Moskvu. Nú er komið að því að endurtaka leikinn og verja titilinn.

Vodafone-mótið á Íslandi er að þessu sinni opið öllum áhugamönnum. Eina skilyrðið er að hafa náð tvítugsaldri auk þess sem leikmönnum sem spiluðu í efstu tveimur deildunum, bæði í karla- og kvennaflokki, tímabilið 2010 eða 2011, er ekki heimil þátttaka. „Það er ekki hægt að hringja í Eið Smára og Hermann Hreiðars og fá þá til að spila með," segir Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Vodafone. „En annars er mótið opið öllum þeim sem ná saman í sex manna lið. Ekki skemmir að komast í mesta skammdeginu til Abu Dhabi í Sameinuðu arabísku furstadæmunum og þar að auki er málefnið gott."

Málefnið sem Hrannar á við er starf góðgerðasamtakanna Laureus. Samtökin hafa það að markmiði að bæta líf barna um allan heim með því að gefa þeim aukin tækifæri til íþróttaiðkunar. Í febrúar standa samtökin fyrir mikilli hátíð í Abu Dhabi þar sem margir af bestu íþróttamönnum heims koma saman.

„Þetta er nokkurs konar Óskarsverðlaunahátíð íþróttafólksins. Meðal þeirra sem voru á síðustu hátíð voru spretthlauparinn Usain Bolt, tenniskonurnar Serena Williams og Kim Clijsters auk kappakstursheljunnar Jenson Button," segir Hrannar. „Í kringum þessa hátíð bjóða höfuðstöðvar Vodafone í Bretlandi sigurliðunum í Vodafone Cup frá ýmsum löndum, þar á meðal Íslandi, að taka þátt í alþjóðlegu móti, auk þess sem þeir borga alla farmiða, uppihald og VIP-miða á hátíðina sjálfa."

Þýski landsliðsmaðurinn Thomas Müller er á lista yfir nýliða ársins hjá Laureusstofnuninni og verður án efa meðal gesta á hátíð þeirra, ásamt sigurliði Vodafone Cup. MYND/AFP

Mótið fer fram sem fyrr segir dagana 7. til 8. janúar í Fífunni. Leikið verður á litlum völlum í fimm manna liðum, auk eins varamanns. Gert er ráð fyrir allt að 72 liðum. Þátttökugjald er 4.000 krónur á mann og fer skráning fram á www.vodafone.is. *tryggvi@frettabladid.is*

Jazzballett
Eigum laus pláss fyrir nýnema!
Innritun í síma 581 3730

FRAMHALDSNEMENDUR OG NÝNEMAR
Rafræn skráning er á www.jsb.is, upplýsingar í síma 5813730.

Jazzballett
- Skemmtilegt og fjölbreytt dansnám fyrir stelpur og stráka frá 7 ára aldri
- Góð og uppbyggileg líkamsþjálfun sem veitir mikið frelsi til tjáningar
- Allir nemendur taka þátt í glæsilegri nemendasýningu í Borgarleikhúsinu

Nám og kennsla
Danslistarskóli JSB er viðurkenndur af mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem listdansskóli á grunn- og framhaldsskólastigi. Nánari upplýsingar um nám við skólann er að finna á www.jsb.is undir Danslistarskóli JSB.

Kennslustaðir:
- *Danslistarskóli JSB í Kópavogi, Íþróttahúsi Digraness. Almenn braut.*
- *Danslistarskóli JSB í Reykjavík, Lágmúla 9 og Laugardalshöll. Almenn braut og listdansbraut.*

Kennsla hefst fimmtudaginn 6. janúar!

Danslistarskóli JSB er samstarfsaðili að Frístundakorti Reykjavíkurborgar

DANSLISTARSKÓLI JSB

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730
Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Hálsbólga er sýking í hálskirtlum og umhverfis þá en helstu einkenni hennar eru særindi í hálsi og eymsli við að kyngja. Ef sýkingin er af völdum bakteríu þarf stundum að gefa sýklalyf við henni. Sumir sjóða einnig saman engifer, lauk og hunang og drekka gegn hálsbólgu.

www.visindavefur.is

flugeldar

ÞRIÐJUDAGUR 28. DESEMBER 2010

Skotglaður

Nágrannar Vignis Hreinssonar eru löngu hættir að skjóta upp sjálfir.

BLS. 2

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hræða burt illa anda

Fyrstu heimildir um notkun flugelda eru frá tólftu öld í Kína. Þar voru þeir fyrst notaðir til að hræða illa anda svo þeir legðu á flótta, en einnig til að biðja fyrir hamingju og velsæld.

Smátt og smátt þróaðist gerð flugelda yfir í sjálfstæða atvinnugrein. Í Kína til forna nutu flugeldagerðarmenn mikillar virðingar fyrir þá hæfni sína að geta skapað stórkostlegt sjónarspil ljóss og hljóðs.

Síðan hefur merkisatburðum um allan heim verið fagnað með því að skjóta upp flugeldum. Afmæli, dauði, brúðkaup, krýning og gamlárskvöld urðu allt tilefni til flugeldasýninga.

Stórborgir víða um heim standa fyrir stórfenglegum flugeldasýningum á gamlárskvöld, þótt sú gamla hugsun að hræða illa anda frá því að komast inn í nýja árið hafi fallið í gleymsku. Samt sem áður eru það enn þeir flugeldar sem gefa frá sér mestan hávaða og skærustu ljósin sem njóta mestra vinsælda.

Í Vestur-Evrópu er almenn sala á flugeldum bönnuð nema síðustu viku ársins. Það kemur þó ekki í veg fyrir það að fólk birgi sig upp af flugeldum á þeim tíma og geymi til að nota við önnur tækifæri. - fsb

● SAGA FLUGELDA Flugeldur er nokkurs konar hylki eða rör úr pappír með púðri í. Uppruni þeirra er á reiki, sums staðar er því haldið fram að þeir hafi verið fundnir upp í Kína, aðrir segja á Indlandi. Þeirra er fyrst getið í skriflegum heimildum um 1200, þá voru þeir helst notaðir til að fæla burt illa anda og biðja guði um gæfu og hamingju. Fyrst var púður gert úr viðarkolum, brennisteini og saltpétri en framleiðendur flugelda nota önnur og kraftmeiri efni í dag, sterkju, sykur og efni unnin úr jarðolíu, og kalíumklórat er notað í staðinn fyrir saltpétur. Til að byrja með voru allir flugeldar hvítir á litinn. Seinna var farið að nota stál- eða járnflögur til að framkalla liti.

heimildir: wikipedia.org og visindavefur.hi.is

● ÞJÓÐTRÚ TENGD ÁRAMÓTUM

Ýmis þjóðtrú tengist áramótunum og þá sérstaklega nýársnótt og þrettándanum. Þá er talið að selir fari úr hömum sínum, kirkjugarðar rísi, álfar flytjist búferlum og kýr tali mannamál.

Í þjóðsögum Jóns Árnasonar er sagt frá ýmsum kreddum sem tengjast áramótum og veðurfari. Menn héldu að ef fyrsti dagur í janúar félli á sunnudag yrði veturinn spakur og staðvindasamur, sumarið yrði þurrt, heyskapur mikill, vöxtur góður í nautum, kerlingadauði, nægð og friður. Verra var ef fyrsti janúar féll á laugardag, eins og nú. Þá var talið að sauðfé myndi farast og að gamlir menn myndu deyja.

Vignir segir nágranna sína löngu vera hætta að kaupa flugelda sjálfir, enda hverfa sprengjur þeirra innan um herlegheitin hjá honum. Þess í stað njóta þeir bara skotgleði hans, sér að kostnaðarlausu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fékk skotáhugann eins árs

Vignir Hreinsson undirbýr skotgleði gamlárskvölds í marga mánuði. Nágrannarnir eru hættir að skjóta upp sjálfir og horfa frekar á „sýningu" Vignis.

Augljóst var í hvað stefndi á fyrstu áramótum Vignis Hreinssonar húsasmíðameistara. Móðir hans átti í mesta basli með að halda aftur af honum á gamlárskvöld, svo mikill var áhuginn á þessum dularfullu leiftrum og ljósum sem sprungu út með miklum hvelli. „Þetta er samt ekki í genunum," staðhæfir Vignir. „Ég er sá eini í fjölskyldunni sem er svona skotglaður, þannig að ég veit eiginlega ekki hvaðan þetta kemur."

Árin liðu og ekki minnkaði áhuginn á skothríðinni. Vignir óx úr grasi, fékk sér vinnu (eins og gerist og gengur með unga menn) og gekk loks í raðir stórskotaliðsins.

„Ég læt það nú vera að nefna einhverjar tölur en bíllinn er ansi vel hlaðinn þegar ég kem heim með flugeldana frá honum Magga í Gullborg," játar Vignir. „Þetta tekur líka dágott pláss í bílskúrnum allt fram að þrettándanum."

Gamlárskvöldi eyðir Vignir ásamt stórfjölskyldunni í Kópavoginum heima hjá foreldrum sínum. Flugeldafjall Vignis er ómissandi partur af kvöldinu og nýtur hann dyggrar aðstoðar annarra fjölskyldumeðlima við að kveikja í herlegheitunum. Að öðrum kosti entist honum ekki kvöldið þótt hann gerði fátt annað en að kveikja í.

„Ég hef ekki verið að fara út í neinn sjálfvirkan kveikjubúnað eða neitt slíkt, enda er skemmtilegast að kveikja í þessu sjálfur," segir Vignir og glottir. „Ef gamlárskvöldið dugar ekki, ef það er leiðindaveður eða eitthvað slíkt, þá geymi ég bara flugeldana fram á þrettándann og þá hefur þetta yfirleitt hafist og ég klára flugeldana."

Vignir ver miklum tíma ekki bara í sjálf skotin, heldur einnig í rannsóknarvinnu, ef svo mætti að orði komast.

„Ég er farinn að grúska í þessu marga mánuði fyrir áramót. Hvað á að kaupa, hvernig flugeldarnir virka og hvað fer best saman. Ég hef skoðað þetta mikið á netinu og svo hef ég komist yfir bækur um efnið einu sinni eða tvisvar," segir Vignir. „Þetta er áhugamál sem nær yfir miklu lengri tíma en bara gamlárskvöld og þrettándann."

tryggvi@frettabladid.is

Heimsmetin slegin

● Stærsta rellublys í heimi var 25,95 m í þvermál og var hannað af Newick Bonfire Society Ltd. Á því var kveikt 30. október 1999 í Village Green í East Sussex í Bretlandi.

● Í stærstu flugeldasýningu heims voru notaðir 66.326 flugeldar. Metið var sett af Macedo'S Pirotecnia Lda. á Madeira hinn 31. desember 2006.

● Lengsti blysfoss heims var „Niagara-fossinn" sem var 3.125,79 metrar að lengd. Á honum var kveikt 24. ágúst 2003 í Fukuoa í Japan.

● Í tíundu bresku flugeldakeppninni í Plymouth í ágúst 2006 var sett heimsmet í því hve mörgum flugeldum var hægt að skjóta á loft á hálfri mínútu. Metið setti Fantastic Firework sem skaut á loft 56.405 flugeldum á 30 sekúndum.

● Stærsta brenna heims var 1.401,6 rúmmetrar að stærð. Brennan var byggð af Colinc Furze í Leicester í Bretlandi í október 2006.

● Hæsta brenna heims var 37,5 metrar að hæð og stóð á átta fermetrum. Hún var alls 800 rúmmetrar að stærð. Kveikt var í brennunni í febrúar 2003 í Hiroshima í Japan. Var hún hluti af athöfn sem ætlað er að bæta heilsu og stuðla að góðri uppskeru.

Stærsta og lengsta flugeldasýning heims var haldin á eyjunni Madeira hinn 31. desember 2006. NORDICPHOTOS/GETTY

www.super-flugeldar . com

Super Flugeldar

Háamýri ehf.

0,8" 138 skota kaka
kr 8.600.-

Á SÚPER VERÐI

1,5" skotrör kr 1.950.-
Bengal blys rautt kr 550.-

www.super-flugeldar.com

0,8" 25 skota kaka (víti)
kr 1.200.- / 4 stk kr 4.000.-



1,2" 49 skota blævængur
kr 11.900.-

1,2" 138 skota kaka
kr 22.900.- frábær sýning

Rakettupakki
9 stk 1,2"–2" kr 4.900.-

GOS
nokkrar stærðir - flottar útkomur

Krakkapakki
yfir 100 stk af smádóti kr 6.900.-

Krakkapakki
Takmarkað magn

Rakettupakki
6 stk 2" - 3" kr 8.900.-

Stjörnuljós
70cm 6 stk í pk kr 400.-
50cm 10 stk í pk kr 350.-

Dúndur þrenna
3 vítiskökur á kr 14.900.-
(fullt verð kr 18.600.-)

Rakettupakki
9 stk 1,2" – 1,8" kr 3.900.-

1,2" 138 skota hringlaga kaka
kr 26.900.-

www.super-flugeldar.com - Sölustaðir okkar eru tveir:
Ögurhvarf 2 Kópavogi - Kjaransstaðir Hvalfjarðarsveit.

● **ELDUR Í HÖNDUM MARILYN MONROE** Að kveikja á flugeldum eða hvellettu er oft gert til marks um einhver tímamót. Þannig fögnum við nýju ári og þannig fagna Bandaríkjamenn þjóðhátíðardegi sínum, 4. júlí. Einnig hefur flugeldum verið skotið á loft við önnur hátíðleg tækifæri. Á myndinni sést leikkonan Marilyn Monroe með risastóra eldspýtu að kveikja í stórri knallettu í tilefni af opnun byggingarinnar Time-Life í New York.

● **HUGAÐ AÐ DÝRUNUM** Þegar sprengdir eru flugeldar þarf að hafa gæludýrin í huga. Halda skal þeim innandyra þar sem þau heyra sem minnst í sprengingunum. Hundar, kettir og hestar eru sérstaklega viðkvæmir fyrir miklum hávaða og geta orðið stressaðir og hræddir. Hægt er að fá róandi lyf fyrir dýrin en þess þarf ekki nema í fáum tilvikum.

Til að minnka álag á hross er gott að gefa þeim seint, hafa kveikt ljós í hesthúsum eða kveikt á útvarpi til að draga athygli hrossanna frá hávaðanum.

Sérblað um Heilsu og hreyfingu kemur út laugardaginn 8. janúar 2011

Auglýsendur vinsamlega hafið samband

Benedikt Freyr	benediktj@365.is	512 5411
Hlynur Þór	hlynurs@365.is	512 5439
Sigríður Hallgríms	sigridurh@365.is	512 5432

Þegar hin stórkostlega bygging Burj Dubai, sem er 824,55 metrar að hæð, var formlega vígð 4. janúar 2010 var ekki annað hægt en að hafa

Ljósin lita himininn

Á fimmtíu ára afmæli Disney World í maí 2005 var haldin stærsta flugeldasýning í sögu skemmtigarðsins. Hér sjást flugeldar springa fyrir ofan draumakastalann í Kaliforníu.

Fjöldi fólks kemur sér þægilega fyrir við bakka franskrar ár og fylgist með sjónarspili flugeldanna.

Flugeldar lita himininn við stærstu höfn Yangtse-

a jafn stórkostlega flugeldasýningu.

NORDICPHOTOS GETTY

fljóts í Kína þann 18. júní 2007.

● **HÁTÍÐAHÖLD** Íslendingar eru ekki einir um það að fagna nýja árinu með skoteldum og fögnuði á götum úti. Í flestum stærstu borgum á Vesturlöndum eru miklar flugeldasýningar á miðnætti á vegum borgarinnar, en á smærri stöðum er líka mikið um að vera. Aðrar heimsálfur láta heldur ekki sitt eftir liggja við hátíðahöldin og fagna ákaft á götum úti.

Í Skotlandi er haldin Hogmanay, fjögurra daga hátíð um áramótin, með götupartíum, flugeldum, brennum og endalausum endurtekningum á „Auld Lang Syne". Á Ítalíu er hátíð heilags Silvestros fagnað 31. desember og í mörgum bæjum eru haldnar útihátíðir með flugeldum, tónlist og dansi. Fólk er hvatt til að klæðast rauðum nærfötum til að verða lukkudrjúgur á nýja árinu. Í Rússlandi eru áramótin meiri hátíð en jólin. Margar borgir og bæir standa fyrir hátíðahöldum með flugeldasýningum og tónleikahaldi og útimarkaðir eru opnir til miðnættis á gamlárskvöld. Í Brasilíu kallast áramótagleðin Réveillon og á Copacabana er stærsta partí ársins í Ríó, sennilega stærsta partí í heimi. Í Mexíkóborg er haldin mikil götuhátíð „Feliz año nuevo" með mikilli flugeldasýningu og kínverjum springandi á hverju götuhorni. Og eins og á Ítalíu er þar talið verða til gæfu að klæðast rauðum nærfötum.

- fsb

● **EFNAFRÆÐI FLUGELDA** Flókin efnafræði liggur að baki flugeldagerð og ýmis frumefni notuð til að gera þá sem glæsilegasta.

- Ál og neistar framkalla silfurlita og hvíta loga.
- Baríum og kopar valda grænum litum í flugeldum.
- Kolefni er í svartpúðri sem nýtist sem drifefni í flugelda.
- Kalk er notað til að dýpka liti flugelda.
- Járn framkallar neista, en hiti járnsins ræður liti neistanna.
- Kalíum skýrir og styrkir bleika og fjólubláa liti.
- Lithíum gefur flugeldum rauðan lit.
- Magnesíum brennur mjög skærum hvítum lit og er notað til að bæta við ljóma flugelda.
- Natríum gefur flugeldum sterkan appelsínugulan lit.
- Fosfór veldur glóandi bjarma í flugeldum.
- Radíum skapar skærgrænan lit, en er alltof hættulegt til notkunar í flugelda.
- Silfurhvítur málmur er notaður til að framkalla glit í flugeldum.
- Strontíumsölt auka rauðan lit í flugeldum.
- Títaníum framkallar silfraða neista.
- Sink er bláhvítur málmur sem skapar reykbrellur í flugeldum.

Fjölskyldupakkar komu fyrst á markað á áttunda áratugnum.

● PAKKAR FYRIR FJÖLSKYLDUR

Á 8. áratugnum fóru flugeldasalar að selja hina svokölluðu Fjölskyldupakka þar sem ótal mismunandi gerðir flugelda, stórar og litlar rakettur, stjörnuljós, blys, rokeldspýtur og fleira var sett saman í einn kassa.

Ein fyrsta dagblaðaauglýsing um fjölskyldupakka er frá árinu 1976 þar sem 33 mismunandi gerðir flugelda eru auglýstar í pakkanum. Fjölskyldupakkarnir komu strax í nokkrum mismunandi stærðum og áttu að gefa góða mynd af því úrvali sem til var af flugeldavörum. - jma

Hlífðargleraugun varna slysum

Flugelda verður að umgangast með varúð ef vel á að fara. Til að fyrirbyggja slys hefur Ólöf Snæhólm, upplýsingafulltrúi Landsbjargar, nokkur góð ráð á reiðum höndum.

Landsbjörg hefur verið í samvinnu við Blindrafélagið og Póstinn og sent öllum tíu til fimmtán ára börnum gjafabréf á gleraugu," segir Ólöf Snæhólm. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Númer eitt er að fara eftir leiðbeiningum á flugeldapakkningunum," byrjar Ólöf Snæhólm sín varnaðarorð og upplýsir að flest slys kringum flugeldana verði þegar verið sé að gera annað við þá en ætlast sé til, svo sem taka þá í sundur og búa til sprengjur.

Gleraugun eru annað mikilvægt atriði. „Allir sem eru úti við, bæði að skjóta upp og horfa á, eiga að vera með flugeldagleraugu. Augnslysum hefur fækkað mikið undanfarin ár með aukinni notkun þeirra," segir Ólöf og tekur fram að hægt sé að kaupa þau á vægu verði á öllum flugeldasölustöðum. Auk þess segir hún Landsbjörgu vera í samvinnu við Blindrafélagið og Póstinn og hafa á hverju ári sent öllum tíu til fimmtán ára börnum gjafabréf á gleraugu.

Traustar undirstöður undir flugeldana eru nauðsynlegar og Ólöf mælir með fjórum tveggja lítra plastflöskum fylltum af vatni og límdum saman. Þannig verði til ágætur skotpallur sem hægt sé að skorða flugeldana í og á hann að standa að minnsta kosti 20 metra frá næsta húsi. Ullar- eða skinnhanskar verja hendur þannig að þeir sem eru að kveikja í ættu að nota þá, ráðleggur Ólöf og segir að aldrei megi beygja sig yfir flugelda heldur eigi að kveikja í þeim með útréttri hendi og flýta sér í burtu. „Svo má ekki fara að tékka á þeim ef ekki kviknar í þeim heldur skvetta vatni á þá, annars geta menn beinlínis fengið þá í andlitið," bendir hún á.

Börn yngri en sextán eiga ekki að meðhöndla flugelda nema eitthvert smælki og þá undir eftirliti fullorðinna að sögn Ólafar. Þeir eiga heldur ekki að kaupa flugelda. „Flest flugeldaslysin verða dagana fyrir áramótin og þar eru unglingsdrengir í mestri hættu. Þeir eru svo mikið fyrir að fikta við að búa til sprengjur," segir hún. „En þegar kemur að gamlárskvöldi sjálfu eru það virðulegir heimilisfeður sem eru að brenna sig, karlar á miðjum aldri," segir Ólöf. „Þar kemur áfengið oft við sögu," bætir hún við og áréttar að áfengi og flugeldar fari ekki saman.

Ólöf hvetur alla sem ætla að kveðja gamla árið og fagna nýju með flugeldum til að styrkja björgunarsveitirnar. „Svo óska ég að sjálfsögðu öllum landsmönnum slysalausra áramóta," tekur hún fram að lokum. - gun

„Flugeldar eru ómissandi liður í áramótahátíðinni rétt eins og matur og drykkur," segir Sigurgeir H. Sigurgeirsson í flugeldasölu Landsbjargar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Skynsamlegra val

Hin árlega flugeldasala Slysavarnafélagsins Landsbjargar hefst í dag kl. 10 víða um land og verður opið frá 10 til 22 alla daga fram að áramótum, nema á gamlársdag, þegar lokað er klukkan 16. Í Reykjavík verða fimm útsölustaðir: við Flugvallarveg gegnt Hótel Loftleiðum, að Grjóthálsi 1, í ÍR-heimilinu í Seljahverfi, við verslunarmiðstöðina Hólagarð og við Skátaheimilið í Árbæ. Auk þess verða aðrar sveitir með sölustaði víða.

Sigurgeir H. Sigurgeirsson í Flugbjörgunarsveitinni í Reykjavík segir áhersluna liggja á fjölskyldupökkum auk voldugra terta fyrir þá skotglöðu. „Svo má ekki gleyma miðnæturbombunni, sem er stór gamaldags raketta sem vinsælt er að skjóta upp á miðnætti gamlárskvölds þegar nýja árið gengur í garð."

Sigurgeir segir Landsbjörgu ekki hafa orðið vara við samdrátt í flugeldakaupum, en það hafi orðið áberandi strax um áramótin 2008/2009 að fólk sýndi meiri skynsemi í flugeldavali. „Það er minna um öfgar og fólk virðist vera á skynsamlegri nótum, en flugeldar eru ómissandi liður í áramótahátíðinni rétt eins og matur og drykkur."

Aðspurður segist Sigurgeir fagna aukinni samkeppni á flugeldamarkaðnum. „Samkeppni er alltaf skemmtileg og heldur mönnum á tánum," segir hann brosandi. „Það blæs manni bara meiri keppnisanda í brjóst að fleiri berjist um hituna." - fsb

STJÖRNULJÓS FLUGELDASALA

SÝNINGIN PÍN
HEFST HJÁ OKKUR

HEIMSKLASSA
FLUGELDAR

FRÁBÆRT
ÚRVAL AF
TERTUM
RAKETTUM OG
FJÖLSKYLDUPÖKKUM

OPNUNARTÍMI
28. - 30. DESEMBER
KL. 10.00 - 22.00
31. DESEMBER
KL. 9.00 - 16.00
OPIÐ FYRIR
ÞRETTÁNDANN

GLÆSILEGASTI SÖLUSTAÐUR
LANDSINS

SMIÐJUVEGI 9A KÓPAVOGI
NÚ EINNIG
DALSHRAUNI 15 HAFNARFIRÐI

ÆTLAR ÞÚ Á BRENNU UM ÁRAMÓTIN?

HORFI Á BRENNUNA ÚR BÍLNUM

Sigrún Hjálmtýsdóttir, Diddú, fer alltaf á brennu á gamlárskvöld, nema hvað hún stígur aldrei út úr bílnum. „Öll fjölskyldan mín er að spila í lúðrasveitinni Brak og brestir sem spilar hver áramót við brennuna í Mosfellsdal," segir Diddú. „Ég hins vegar horfi bara á úr bílnum og hef það notalegt á meðan aðrir blása."

Á gamlárskvöld syngur Diddú meðal annars nýárslög fyrir látna ástvini í kirkjugarðinum og endar svo heima með vinum og vandamönnum. Kvöldið kórónar svo Örn Árnason sem þekktur er fyrir allt annað en hófsemi er kemur að rakettum.

TÍU TIL FIMMTÁN KAMPAVÍNSFLÖSKUR

„Einu brennurnar sem ég fer á eru þjóðhátíðarbrennur, svo svarið er nei," segir Egill „Gillz" Einarsson rithöfundur og einkaþjálfari.

Áramótunum nú eyðir Gillz í faðmi fjölskyldunnar, eins og síðastliðin ár. „Það er engin ástæða til þess að breyta sigurformúlu. Ég verð heima hjá mági mínum Gunnleifi Gunnleifssyni með familíunni. Þar verð ég að drita upp tertunum og þamba svona tíu til fimmtán kampavínsflöskur. Ég er mjög hrifinn af þessari rútínu."

DÓTTIRIN HEFUR GAMAN AF BRENNUNNI

Landsliðsþjálfari kvenna, Sigurður Ragnar Eyjólfsson, eyðir áramótunum með fjölskyldunni og einn af föstum liðum gamlárskvölds er að fara á brennu. „Við höfum verið að fara út á Geirsnef eða á brennu hér í Salahverfi í Kópavogi því litlu dóttir minni finnst voða gaman að fara. Annars er þetta frekar hefðbundið, góður matur, áramótaskaupið og flugeldar. Ég er reyndar ekki mjög stórtækur í þeim en hef gaman af því að horfa á hina. Svo er oft gripið í spil. Fyrir mér er þetta fjölskyldukvöld og nýt ég þess að eyða tíma með fjölskyldunni," segir Sigurður.

ALDREI NEIN HÓFSEMI Á GAMLÁRSKVÖLD

„Við í Ásatrúarfélaginu reynum að halda upp á allt sem hægt er að hald upp á og áramótin eru partur af því," segir Hilmar Örn Hilmarsson allherjargoði sem fer, og hefur farið, á áramótabrennu á Álftanesinu á gamlárskvöld síðan hann fluttist þangað. „Jólin hjá ásatrúarfólki eru lengri en hjá öðrum, við byrjum á sólstöðunum og endum svo í janúar og áramótin eru hluti af þeim."

„Ég held upp á áramótin eins og aðrir landsmenn, á yfirgenglegan hátt," segir Hilmar Örn og hlær. „Það hefur aldrei verið sýnd nein hófsemi á gamlárskvöld enda engin ástæða til þess."

● KEPPT UM BESTU SÝNINGUNA

Keppni í flugeldasýningum er haldin í þónokkrum löndum. Virtasta flugeldakeppnin er Montréal-flugeldahátíðin sem er haldin árlega í Montréal í Kanada.

Önnur stórkostleg keppni kallast Le Festival d'Art Pyrotechnique og er haldin hvert sumar í Côte d'Azur í Frakklandi.

„The World Pyro Olympics" er einnig árviss keppni framleiðenda flugelda í heiminum. Hún er haldin í Manila á Filippseyjum og er ein stærsta og lengsta flugeldakeppni heims.

Framhald af forsíðu

„Hann ráðlagði mér að fara að æfa líkamsrækt en það má kannski segja að ég hafi fyrst endurheimt fyrri lífsorku og gleði þegar ég fór að æfa spinning," segir Arndís, sem hafði litla sem enga reynslu af líkamsrækt og íþróttum en fann samstundis á sér mun eftir að hún lagði út á þá braut. „Enda var ég brátt farin að verja miklum hluta frítíma míns, kannski einum of, í líkamsrækt og fjallgöngur," segir hún og hlær dátt og bætir við að henni hafi svo tekist að smita fjölskylduna, bónda og þrjú börn, af dellunni.

Svo góða takta sýndi Arndís að eftir því var tekið á líkamsræktarstöðinni þar sem hún æfði og ekki leið á löngu þar til henni bauðst starf. „Rekstrarstjórinn bað mig um að taka að mér spinning-kennslu. Ég sagði þvert nei í fyrstu, treysti mér bara ekki að standa frammi fyrir hópi af fólki og gefa skipanir," rifjar hún upp. Arndís lét þó að lokum tilleiðast og gekk svo ljómandi vel að innan skamms var hún farin að starfa sem fullgiltur spinning-kennari og kennir nú í Lillestrøm Arena í Lillestrøm tvisvar til þrisvar í viku. „Og ég dýrka alveg starfið mitt og líður dásamlega úti!"

Fjölskyldan er nú stödd hérlendis þar sem hún ætlar að slaka á í faðmi vina og vandamanna fram yfir áramót. Slökun er þó kannski ekki rétta orðið þar sem Arndís ætlar að kenna spinning í World Class meðan hún er á landinu. „Ég hafði samband og bauð fram krafta mína og þeim leist svo vel á að ég verð með opna spinning-tíma í dag og á fimmtudag klukkan 18 og í fyrramálið klukkan 6.30. Þetta verður svolítið öðruvísi en Íslendingar eiga að venjast en mjög skemmtilegt," segir Arndís og minnir fólk á að mæta í góðum skóbúnaði.

roald@frettabladid.is

Heilsufar á veturna

Sum heilsufarsvandamál eru algengari en önnur yfir vetrartímann. Þau sem liggja í augum uppi eru kvef og flensa. Fleiri vágestir geta þó bankað upp á.

Þekkt heilsufarsvandamál er tengjast vetri hér á norðlægum slóðum eru skammdegisþunglyndi og kvefpestir. Kuldi getur einnig reynst hjartveikum skaðlegur og aukið hættuna á hjartaáfalli, samkvæmt niðurstöðum rannsóknar er birt var í British Medical Journal fyrir nokkrum mánuðum.

Rannsóknin, sem var bresk, leiddi í ljós að þegar hitastig fellur aukast líkurnar á hjartaáfalli. Þannig aukast líkurnar á hjartaáfalli um tvö prósent fyrir hverja gráðu sem hitastigið fellur niður.

Hins vegar geta allar öfgar í hitastigi og breytingar, hvort sem er upp eða niður, hækkað blóðþrýstinginn og þrengt að eðlilegu blóðflæði í æðum.

- jma

Bresk rannsókn hefur leitt í ljós að líkur á hjartafalli aukast þegar hitastig fellur.

Viltu ná kjörþyngd og komast í form?

Innritun hafin á TT-námskeið í síma 581 3730

Námskeið hefjast 9. janúar

TT námskeiðin okkar sívinsælu, frá toppi til táar, miðast við að veita konum leiðsögn um lífshætti sem skila árangri. Þau byggjast á áralangri reynslu og fela í sér leiðbeiningar um mataræði, líkamsbeitingu, fundi, vigtun og mælingar.

TT námskeiðin standa yfir í sex vikur. Þrjá tíma í viku er stunduð markviss líkamsrækt sem eflir þol og styrk og tekur mið af einstaklingsbundinni getu. Vigtað er í hverjum tíma og mælingar gerðar þrisvar á tímabilinu. Fundur er haldinn einu sinni í viku. Við veitum persónulega þjónustu í notalegu umhverfi þar sem algjör trúnaður ríkir.

TT tímar í boði:			
6:15	A	mánu-, miðviku- og föstudagar	
7:20	C	mánu-, miðviku- og föstudagar	
10:15	D	mánu-, miðviku- og föstudagar	Barnapössun
12:05	F	mánu-, miðviku- og föstudagar	Barnapössun
14:20	G	mánu-, miðviku- og föstudagar	
16:40	H	mánu-, miðviku- og föstudagar	Barnapössun
17:40	I	mánu- og þriðjud, fimmtud 18:25	Barnapössun
18:40	J	mánud, - miðvikud 19:25 og lau 8:30	
18:25	TT3	Mánu- og miðvikud - (16-25 ára)	

NÁMSKEIÐUM FYLGIR FRJÁLS MÆTING Í TÆKJASAL

Fundur fyrir alla flokka sunnudaginn 9. janúar kl. 17:00

Velkomin í okkar hóp!

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

ÁRAMÓT

Gamlársdagur er síðasti dagur almanaksársins á gregoríska tímatalinu. Á gamlárskvöldi er minnst hins liðna árs og litið fram til þess nýja.

Svört og gyllt gríma. 2.300 krónur, Föndurlist í Mörkinni.

Einföld gríma. 990 krónur. Hókus Pókus Laugavegi

Íburðarmikil svansgríma með fjöðrum og tilheyrandi. 3.500 krónur, Hókus Pókus Laugavegi.

Nýju ári fagnað með lúðrablæstri

Áramótapartíið nær nýjum hæðum með flottu skrauti, grímum, höttum og blístrum. Skreytingar sem lífga upp á áramótapartíið fást á nokkrum stöðum. Hér má sjá hluta af því sem er í boði í þremur þeirra.



Áramótaknöll. 200 kr. stk. Partýbúðin Faxafeni.

Lúðrar og blástursflautur. 50 kr. stk. Partýbúðin Faxafeni

Gylltur nýárshattur 200 krónur. Partýbúðin Faxafeni.

Púkahattur með pallíettum. 1.990 krónur, Hókus Pókus Laugavegi.

Flöskusprengjur eru ómissandi. 50 krónur stk. Hókus Pókus Laugavegi.

Eingöngu tertur!

Kaupið tímanlega því undanfarin ár höfum við þurft að loka daginn fyrir gamlársdag! Allt seldist upp...

BOMBA.IS

STÆRSTU

flugeldatertur landsins!

Víkurhvarfi 6

Kópavogi!

Bombur sem bæta geð!

Kóngurinn verður á staðnum!

Opnunartímar:

Þriðjudagur	28.des 10-22
Miðvikudagur	29.des 10-22
Fimmtudagur	30.des 10-22
Gamlársdagur	31.des 10-16

ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

BÍLAR & FARATÆKI

bílaborg.is

Til sölu Atvinnuhúsnæði á krókháls 12 C.A 120 FM Verð 26.000.000. Ákv. Lán 14.000.000. Rnr.132620 Uppl síma 517-1111 eða 696-1001. www.bilaborg.is

Bílaborg
Stórhöfða 26, 112 Reykjavík
Sími: 517 1111
http://www.bilaborg.is

STÓRA BÍLASALAN

Nissan Double Cab DIESEL Árgerð 07/2006, ekinn 114þ.km, bsk, góður bíll! Er á staðnum. Ástandsskoðun til. Frábært verð aðeins 1.590.000kr! Raðnúmer 151238. Nánari upplýsingar á www.stora.is.

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
Myndeftirlit á plani
http://www.stora.is

100 bílar.is

Skráið bílinn frítt hjá okkur!!, Vegna góðrar sölu vantar okkur allar gerðir bíla á skrá, Komdu á staðinn, sendu okkur skráningar á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999, 100bílar.is,

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Bílar til sölu

Hyundai Accord 1.400 árg. ‚00 ek. 99 þús. 5 manna. Ásett v. 490 þús. Tilboð 390 þús. S. 773 8078 & 893 7249.

Til sölu WV Polo árg. ‚98 beinsk. 3ja dyra ek. 147 þús nýsk. Góð vetrardekk. Verð 275 þús. Möguleiki á greiðsluskiptingu á greiðslukorti Uppl. s. 868 2352.

Til sölu wv golf árg 06 beinskiptur vél 1,6 ekinn aðeins 42 þúsund km litur dökkblár álfelgur heilsársdekk toppbíll. Verð 1570 þús. Möguleiki á greiðsluskiptingu á greiðslukorti. uppl. 868 2352 .

Hyundai Accent. árg.'99. Grár, ssk. Ekinn 192.þús. Sk' 11. Geislaspilari. Traustur bíll. Verð. 210. þús. Sími. 696 8153.

0-250 þús.

Að morgni 15 des var 4 Iroc dekkjum 39,5" á 15" felgum stolið frá Suðurhellu 6 Hafn. Fundarlaun: Sími 897-1420

250-499 þús.

Galloper ‚99. Ek. 152þús, nýleg tímareim. sk.2011. 2,5 tti. Verð 450þús. Uppl. í s. 659 3459

Vento árg. ‚97 ek. 179þús, 5 gíra, sk. ‚11 Verð 250þús Uppl. í s. 659 3459.

Bílar óskast

Vantar bíl, 0-200 staðgr.
Vantar bíl á verðinu 0-200. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarnast lagfæringar. Sími 857 9326.

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 25-250þús, má þarfnast lagfæringa. Uppl. s. 615 1810.

Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Lyftarar

Innfluttir notaðir TOYOTA rafmagnslyftarar 1,0-2,5 T. Gámagengir. Lyftihæð allt að 4,7 mtr. Til afgreiðslu strax. Orkuver ehf. Smiðjuvegi 11 Kópavogi. s. 534 34 35 myndir á: www.orkuver.is

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing
Allt sem þú þarft...

Bílaþjónusta

Flutningar, partý, hóp
Höfum sendibíla, 9 og 14 manna bíla til leigu sem og allar aðrar helstu gerðir bifreiða. Sendibíll 6.900,- dagurinn. 9 manna 16.000,- dagurinn. 14 manna 29.900,- dagurinn. Ótakmarkaður kílómetrafjöldi og tryggingar innifaldar. Cheap Jeep, 562-6555, www.cheapjeep.is.

Varahlutir

NET-PARTAR

486 4499
486 4477
www.netpartar.is

Bílapartasala
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

BILAPARTAR.IS
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

VW, Skoda, Audi, varahlutir og viðgerðir S: 534 1045
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

Partabilar.is 770-6400 Lónsbraut 6 Haf.
Erum að rífa bmw525d 02 lanos 98-02 carvan97 neon01 mondeo98 jeep grand 00 kia sportage 99 mazda323 96 m.benz e 1980 almera 99 terrano 01 vectra 99 twingo 99 felisia97 swift 05-2010 xl7 05yaris 05 vw lt 35 98 kango 99 primera diesel 99 fiesta 98.balleno 99 caddy 02 Kaupum bíla í niðurrif eða uppgerðar.

Renault traffic árg'06 , VW Fox árg'06, Fiet Pundo árg'07, Honda Crv árg'00, Nissan Patrol árg'96, VW Caddy árg'00-08, Skoda Octavia árg'98-08, Mercedez Benz árg'05 og margir fleiri bílar. Partahúsið S. 555 6666

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Hringbraut.is Varahlutasala
Eigum til notaða bílavarahluti. MMC, VW, Skoda, Toyota, Peugeot, Honda, Renault ofl . hringbraut.is S.420-1200

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Húsaviðhald

VIÐHALD fasteignaviðgerðir

Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir • málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raflagnir • flísalagnir.

Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu. • Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

VIÐHALD fasteignaviðgerðir

Jólatilboð
Gefðu þér og baðherberginu jólagjöf

Ódýr endurnýjun á baðherbergi með öllu allt að 6m², gólfflöti

Nýjum flísum á gólf og veggi, innréttingu,spegli með ljósi, wc og sturtubotni, sturtuklefa,blöndunartækjum og full máluð loft.

Allt innifalið rif og förgun á gamla baðherberginu

Aðeins kr. 500.000. og 60.000 kr. endurgreiðsla frá skatti samtals 440.000 kr. nýtt bað 6 dagar í vinnslu.

Fáðu uppl. S. 567 6699
kristjan@vidhald.is

Tölvur

tölvuhjálp!
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.000 kr. án VSK
Ókeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588-9590
Vesturvör 32a, Kópavogi

Nudd

2 fyrir 1 tilboð
En skrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, fótaðagerðir, slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf. Uppl. - pantanir s. 611 6078. Gjafabréf. JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

Gott nudd - good massage. S. 857 4850 & 844 0329.

Nudd í boði. S. 844 0253.

Spádómar

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla
með leiðsögn að handan
562 8211

Spásími 908 6060
Tarot, miðlun, trúnaður, draumar.

Hvað viltu vita.
Opið frá 12-23 S. 894 9228
Steinunn visa/euro

Önnur þjónusta

All fullt í Partýbúðinni:
Stútfull búð af flottum vörum fyrir áramótin; Óáfeng verðlaunavín frá Napa Valley í Californíu; Chardonnay, Cabernet Sauvignon, Merlot og Brut Cuvee. Hattar og kórónur í hundraðatali og nú getur þú hannað þinn eigin hatt með þínum íslenska texta. Áramótavörubarinn þar sem þú færð blásturtúpur, lúðra og knöll í stykkjatali, - t.d. 30 cm knöll á 200 kall! Opið 10-22 alla vikuna og til 17 á gamlaársdag. Partýbúðin, Faxafeni 11, s. 534-0534.

Limo.is
Pöntunarsími 868-9800

LIMO.IS
Stæðsta limosía landsins, tekur allt að 15 farþega. Uppl. í síma 868 9800 eða kíktu á limo.is

Páskaferð til Jerúsalem og Landsins helga 15. til 26. apríl nk. Örfá sæti laus. Verð nálægt 3000US$. Nánari upplýsingar í síma 8980359 eða borgtor.kjaernestedqgmail.com

KEYPT & SELT

Til sölu

ÞVOTTAVÉLAR
Til sölu notaðar þvottavélar, þurrkarar og ísskápar. Tökum bilaðar vélar uppí. Varahlutir á góðu verði. Opið alla daga 12:00 - 17:00 Síðumúla 37 Kjallara, 108 Rvk 847 5545.

Óskast keypt

Kaupi gull !

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.

Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

Bílar til sölu

567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN WWW.NYJA.IS
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK

PORSCHE CAYENNE S. Árgerð 2007, ekinn 63 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. **Verð 9.950.000. hlaðinn aukahlutum**

M.BENZ ML 270CDI. Árgerð 2000, ekinn 189 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. **Verð 1.790.000. 2.eigendur**

TOYOTA AVENSIS S/D EXE. Árgerð 2007, ekinn 33 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. **Verð 3.330.000.**

SUBARU IMPREZA WAGON GX 4WD. Árgerð 2007, ekinn 39 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. **Verð 2.150.000.**

VW POLO. Árgerð 2010, ekinn 23 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. **Verð 2.100.000.**

Nyja.is • S. 567 2277

Tilkynningar

Dregið hefur verið í símahappdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra.

Vinningar komu á eftirtalin númer:
Toyota i.Q 1.0 að verðmæti kr 2,440.000 kom á miða nr. 68013

Toyota Yaris Terra 1.0 að verðmæti kr. 2,760.000 hver bifreið komu á miða númer : 2129 31103 53408 63778 68196 76284

Toyota Aygo 1,0 VVT-i að verðmæti kr 2,450.000 hver bifreið komu á miða númer: 17112 41961 54131 84298 97945 99509

Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra þakkar landsmönnum veittan stuðning og óskar vinningshöfum til hamingju.

Handhafar vinningsmiða framvísi þeim á skrifstofu félagsins að Háaleitisbraut 13, Reykjavík, sími 535-0900.

Byrjað verður að afhenda vinninga 5. janúar 2011.

STYRKTARFÉLAG LAMAÐRA OG FATLAÐRA

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

Til bygginga

MÓTAPLÖTUR
Í STÆRÐUNUM 50 X 250 cm OG 50 X 300 cm
KVARNIR
SALA LEIGA
Tunguháls 15
Sími: 564 6070
www.kvarnir.is

Verslun

bathmate:is
Bathmate hefur nú fengið læknisfræðilega vottun og er með CE vottun sem lækningatæki.
Meiri stinning, kraftur og lengri limur ásamt tip top reðurheilsu!
TUNGUHJÓLIÐ
Besta uppfinning síðan hjólið var fundið upp! Tunguhjólið er fyrir konur sem kunna að meta gott kynlíf, einar, eða með ástmanni sínum!
Skoðaðu úrvalið á FLESHLIGHT.IS og allar pantanir afgreiddar samdægurs!

15-40% afsláttur af öllum vörum út desember. Emilía, Bláu húsin Faxafeni s: 588-9925 emilia.is

HEILSA

Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

TANTRA MASSAGE
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Kennsla

The Academy of Colour and Style

Viltu verða stílisti?
The Academy of Colour and Style býður upp á nám í bæði fatastíl & litgreiningu og innanhússtílistanámi. Nánari upplýsingar í síma 533-5101. www.utlit.is

HÚSNÆÐI

Leigumiðlanir

Leiguliðar ehf
Fossaleyni 16
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 87.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440

Húsnæði í boði

GÓÐ GISTING Í MIÐBÆNUM
Dags, viku og mánaðarleiga.
GISTIHÚSIÐ EGILSBORG

sími 896 4661

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

Til leigu stúdíó íbúð í Árbæ fyrir ungan karlmann. Leiga 50 þús á mán. Uppl í s. 892 5601 & 567 2606

Room for rent. One - two person. 101 RVK. Shower, kitchen, washing-room included. Close to Bonus. S. 696 5900.

Room for rent/ herbergi til leigu á svæði 105. Þvottav., internet ofl. Uppl. s. 695 1918.

Góð 3 herb íbúð í raðh/220. Sérinngangur og garður. Reglusemi áskilin. Gott verð fyrir gott fólk. Uppl. í S. 898 9636.

Til leigu 3ja herb., 52fm kjíbúð í Mosgerði, Rvík. 70 þús/mán. Uppl. í s. 5533970/8633215

101 - 107
Room. With all. S. 860 0360.

Stúdíóíbúð
Nýuppgerð 20 fm. stúdioíbúð, Dugguvogi. Þvottavél, þurrkari og internet fylgir. Verð frá 55 þ. S. 824 6692.

ROOM F/RENT w/FURNITURE IN 108 RVK.NEAR KRINGLAN AND 109 / 111 BREIÐHOLT 8973611

Til leigu hæð 93 fm í einbh í Vesturbæ 3ja herb m húsgögn fyrrih árs 2011 Upplýs 8411778/8680594

Húsnæði óskast

Reglusöm og snyrtileg 28 ára stelpa í vinnu óskar eftir herb/lítilli íbúð til leigu á sv. 105/108/101/103. S. 8462516.

Geymsluhúsnæði

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggis-myndavélar. S. 555 3464.

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

ATVINNA

Atvinna í boði

Jói Fel

Smurbrauðsdeild
Óskum eftir að ráða manneskju í smurbrauðsdeild. Vinnutími 5-14 og önnur hvor helgi. Íslensku kunnátta skilyrði. Framtíðarstarf.
Upplýsingar gefur Linda í s. 863 7579 eða á unnur@joifel.is

Vélstjóri / Vélavörður
Vélstjóri með 500 hö réttindi eða VV réttindi óskast á vb.Blíðu sem ræ frá Snæfellsnesi. Uppl. Í s. 618-9844 og 893-5458.

Atvinna óskast

Vélstjóri er með 1000 hp réttindi Óskar eftir plássi á sjó. Uppl. í s. 895 0474.

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

Allt milli himins og jarðar
Viltu gefa? . . . Ekki henda!
★
Sækjum ef óskað er
símar: 561 1000 661 6996
Nytjamarkaður Samhjálpar
Stangarhylur 3
110 Reykjavík
Opið alla daga kl. 13 – 18 nema laugard.og sunnud.

Einkamál

Spjalldömur 908 5500
Erum við meira enn áður.

SÍMAÞJÓNUSTUR

Stefnumót
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
Spjall
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
Gay spjall
535 9988 (kreditkort)
Sögur
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
Spjalldömur
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

Gerðu góðverk í dag
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt.
Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

Allt sem þú þarft...

SIGRÍÐUR THORLACIUS Fer ásamt Bógómíl Font fyrir fríðum flokki jólagesta á Café Rosenberg í kvöld.

Jólagestir á Rosenberg

Jólagestir G.Ó. með Sigríði Thorlacius og Bogomil Font í broddi fylkingar efna til tónleika á Café Rosenberg klukkan 21 í kvöld.

Auk Sigríðar og Bogomils verða jólagestir kvöldsins nokkrir af helstu hjartaknúsurum þjóðarinnar, en hverjir það eru er ekki gefið upp að svo stöddu.

Norsk-íslenskt landslið hljóðfæraleikara skipar stórsveit kvöldsins, en í henni eru þeir Davíð Þór Jónsson, Daníel Friðrik Böðvarsson, G.Ó. – Guðmundur Óskar Guðmundsson, Magnús Tryggvason Elíassen og Hjörtur Ingvi Jóhannsson.

Aðgangseyrir er 1.500 krónur og verða miðar seldir við innganginn. **- fsb**

ÓÐUR TIL ELLÝJAR Guðrún Gunnarsdóttir ferðaðist um landsbyggðina árið 2003 og flutti lög Ellýjar Vilhjálms. Upptaka af tónleikunum hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin.

Lögin hennar Ellýjar

Söngkonan ástsæla, Ellý Vilhjálms hefði orðið 75 ára í dag, 28. desember. Af því tilefni verður söngkonan Guðrún Gunnars með tónleika í Salnum í kvöld þar sem hún flytur lögin hennar Ellýjar en Guðrún gaf út plötu fyrir nokkrum árum með upptöku af tónleikunum Óður til Ellýjar þar sem Guðrún söng mörg af hennar vinsælustu lögum.

Um þessar mundir kemur einnig út veglegt safn með lögum í flutningi Ellýjar Vilhjálms en Guðrún hafði umsjón með lagavali safnsins. Tónleikarnir í Salnum hefjast klukkan 20. **- jma**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

Vegagerð í 100 ár

Nýverið var því fagnað að 100 ár eru liðin frá því að formleg vegagerð hófst í Borgarnesi með komu brúarsmiðsins Guðjóns Bachmann. Af því tilefni gaf Vegagerð ríkisins Borgarbyggð líkan af Hvítárbrú, en brúin er löngu orðin eitt af kennileitum Borgarness. Líkanið smíðaði Erling M. Andersen og er það í hlutföllunum 1:42.

Á vef Skessuhorns kemur fram að vilji sé innan sveitarfélagsins til að koma á fót samgöngusafni í Borgarnesi og yrði líkaninu búið gott heimili þar. Þangað til mun líkanið standa í Safnahúsinu.

Ekki er vitað með vissu hvenær vegagerð hófst á Íslandi með formlegum hætti, en auðvitað hafa íbúar lagt vegarslóða frá því að land var numið. Vegagerðin var formlega stofnuð 1917, og mætti því leiða líkur að því að Borgnesingar hafi manna fyrstir lagst í vegagerð hér á landi að því er segir á vef Skessuhorns. **- tg**

HVÍTÁRBRÚIN Vegagerðin hefur heitið því að halda brúnni við um ókomin ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

krossgáta



LÁRÉTT
2. kviður, **6.** úr hófi, **8.** hár, **9.** skarð, **11.** ryk, **12.** þrykk, **14.** hégómi, **16.** sjó, **17.** traust, **18.** fiskur, **20.** tímaeining, **21.** veikja.

LÓÐRÉTT
1. rusl, **3.** tvíhljóði, **4.** planta, **5.** angan, **7.** skuggi, **10.** forað, **13.** nytsemi, **15.** ruddi, **16.** andi, **19.** í röð.

LAUSN
LÁRÉTT: **2.** mæði, **6.** of, **8.** ull, **9.** rof, **11.** im, **12.** prent, **14.** snobb, **16.** sæ, **17.** trú, **18.** áll, **20.** ár, **21.** lama.
LÓÐRÉTT: **1.** sorp, **3.** au, **4.** gljóbrá, **5.** ilm, **7.** forsæla, **10.** fen, **13.** not, **15.** búri, **16.** sál, **19.** lm.

Gordjöss

BAKÞANKAR sr. Sigurðar Árna Þórðarsonar

Diskóeyjan heillar. Hinn ljóðlipri baggalútur Bragi Valdimar Skúlason gerði þá kostulega plötu og Páll Óskar syngur lagið nr. 13: „Ég er flottur, ég er frægur, ég er kandís kandífloss.“ Textinn heldur áfram í sjálfumglöðum gír: „…sjáið bara þennan búk, instant klassík… Ég er fagur, ég er fríður, ég er glamúr gúmmelað.“

BÖRNIN syngja með innlifun og þeir eldri muldra með: „Það geta' ekki allir verið gordjöss.
Það geta' ekki allir verið töff.
Það geta' ekki allir orðið fabjúlöss eins og ég.
Það geta' ekki allir verið gordjöss.
Það geta' ekki allir meikað' það eins og ég.“ Textinn er kannski sem plástur eða samfélagsterapía fyrir þjóð, sem hefur lent í hruni og krassað. Flott þrátt fyrir fárið, fabulöss þrátt fyrir fjármálaóreiðuna, instant klassík, já alla vega í hagfræðibókum heimsins!

MEIKAÐ og glamúr. Ég fór að hlusta og greina. Textinn er orð þess sem bara er upptekinn af sjálfum sér, boðskapur sem rímar við sjálfhyggju, sem leiddi til hruns enda er textinn fluttur af „vonda kallinum“ í fönkóperu Diskóeyjunnar. Dregin er upp mynd yfirborðsmennsku og sjálfselsku. Þetta er mannsýn sýndarhyggju og efnisdýrkunar, sem er andstæða boðskapar aðventu og jóla. Sá sem segir sjálfan sig svo flottan, dúndur, diskó og mikið í sig lagt – er andstæða jólabarnsins. Jesús Kristur kom í heim, sem var fjarri því að vera dúndur diskó og sóttist ekki eftir frægð heldur að lífga.

HIN kristna saga er túlkunarsaga um inntak fremur en um atburði. Hún er um þig, merkingu og gildi. Líf og boðskapur Jesú er fyrirmynd og sýnikennsla um lífið sjálft. Við þurfum ekki handbók um aðferð til að lifa heldur persónu, sem er vinur okkar og fylgdarmaður, leiðtogi og þjónn – þann sem útdeilir lífi og eflir aðra.

DISKÓEYJAN nr. 13 túlkar hamingjuskerta yfirborðsmennsku þeirra sem bara taka en gefa ekki. Diskóeyjan vakti spurningar um eðli jóla og okkur og Jesú Krist. Menn lifa ekki af sjálfum sér og í krafti eigin gloríu. Það er enginn fallegur og stórkostlegur bara af sjálfum sér. Það er Guð sem er gordjöss og sáldrar gæðum til allra. Jólaljóð fjórða guðspjallsins orðar þetta svo: „Í upphafi var Orðið og Orðið var hjá Guði og Orðið var Guð. Hann var í upphafi hjá Guði. Í honum var líf – ljós mannanna.“ Það er sá sem er gordjöss og gefur jólafílinginn.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

ÚTSALA ÁRSINS

0% VEXTIR • ALLAR TÖLVUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI

50% AFSLÁTTUR
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF YFIR 1000 TÖLVUVÖRUM

RISA FLUGELDAPAKKI
FYLGIR ÖLLUM PACKARD BELL FARTÖLVUM
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

GLÆSILEGUR 4BLS BÆKLINGUR

ÚTSALA ÁRSINS

ÞRIÐJUDAG	10:00 - 19:00
MIÐVIKUDAG	10:00 - 19:00
FIMMTUDAG	10:00 - 19:00
GAMLÁRSDAG	9:00 - 12:00

LOKAÐ 1-2 JAN 2010
OPNUM AFTUR 3. JAN KL 10:00

TÖLVUTEK

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

Tilboð gilda dagana 27-31 desember eða meðan birgðir endast • Öll verð eru afsláttarverð birt með fyrirvara um villur

PÚÐURTUNNAN SPRENGD Á ROSENBERG Hljómsveitin Varsjárbandalagið heldur tónleika á Café Rosenberg fimmtudagskvöldið 30. desember. Gestur tónleikanna er Greta Salóme Stefánsdóttir fiðluleikari. Á dagskrá tónleikanna verða lög úr ýmsum áttum, meðal annars tónlist frá Austur-Evrópu ásamt frumsömdum lögum. Tónleikarnir hefjast klukkan 22 en í tilkynningu frá sveitinni segir að allt afgangspúður ársins verði notað á tónleikunum.

Bækur ★★★

Ég sé ekkert svona gleraugnalaus
Óskar Magnússon

Sögur af körlum

Óskar Magnússon er fundvís á langa og nokkuð undirfurðulega titla. Fyrsta smásagnasafn hans hét Borðaði ég kvöldmat í gær og nú er komið út nýtt smásagnasafn sem nefnist Ég sé ekkert svona gleraugnalaus.
Á forsíðu bókarinnar er tilvitnun í lesanda eins og er orðinn plagsiður hjá íslenskum útgefendum. Þar gefur Einar Kárason bókinni bestu meðmæli. Það er ekki laust við að maður fái á tilfinninguna að þar klappi meistarinn lærisveini sínum á kollinn í viðurkenningarskyni. Sögur Óskars minna töluvert á smásögur Einars Kárasonar. Það er ekki sagt sögunum eða höfundi þeirra til lasts. Óskar fer vel með þessi áhrif, sögurnar eru hnyttnar og ágætlega heppnaðar og stíllinn er fumlaus, blátt áfram og hressilegur.
Flestar sögurnar í þessari bók eru karlasögur, ekki grobbsögur, heldur írónískar og ísmeygilegar sögur um karla sem ráða misvel við þau hlutverk sem lífið hefur skipað þeim í. Flestar eru sögurnar fyndnar, einstaka saga, eins og t.d. síðasta sagan „Fína kvöldið“, fara alveg yfir í groddakímni. En léttleikinn og gassagangurinn á yfirborðinu segir ekki alla söguna. Sögur Óskars afhjúpa veikleika persónanna, karlarnir í sögum hans eru oft fremur breyskir, jafnvel svolítið barnalegir. Stundum gerir það lítið til og sýnir jafnvel umhverfi þeirra í nýju ljósi, eins og í hreinræktaðri gamansögu af búralegum tamningamanni á frumsýningu í Þjóðleikhúsinu sem opnar bókina. Aðrar sagnanna virðast gamansamar á yfirborðinu en gefa í skyn að í yfirborðsmennsku karlanna og ábyrgðarleysi leynist fræ óhamingju og óheilinda. Þótt karlar séu í aðalhlutverki í öllum sögunum eru þær ekki alveg kvenmannslausar en konurnar eru einlitari persónur í sögum Óskars. Þær birtast sem eiginkonur, ýmist harðstjórar eða umburðarlyndar og elskulegar, eða tálkvendi. Undantekning frá þessu er lengsta sagan í bókinni og sú áhrifamesta, „Aferíka“. Þar segir frá hópi vina sem hittast á búgarði eins þeirra í Afríku til að skjóta dýr, éta, drekka og sletta úr klaufunum á fyrirsjáanlega ósmekklegan hátt fyrir hóp af vestrænum karlmönnum. Sú saga tekur að minnsta kosti einn óvæntan snúning á væntingar lesandans og endirinn er óvæntur þótt ég sé raunar ekki alveg sannfærður um að þar hafi höfundur valið rétta leið.

Jón Yngvi Jóhannsson

Niðurstaða: Vel skrifaðar smásögur um karla í margvíslegum og misalvarlegum kreppum

Jólahappdrætti
Krabbameins-
félagsins
Útdráttur
24. desember 2010
Vinningar
Birt án ábyrgðar
Citroën C3 SX 1,6 HDi, 2.990.000 kr.
38462 | 122429
Greiðsla upp í bifreið eða íbúð, 1.000.000 kr.
56109
Úttekt hjá ferðaskrifstofu eða verslun, 200.000 kr.

3077	24324	61597	70648	81606	97199	126669
10429	30381	61985	75430	89549	116756	130581
23437	49314	69112	78079	92735	117683	

Úttekt hjá ferðaskrifstofu eða verslun, 100.000 kr.

398	29200	48170	67384	81994	105345	135625
1798	30137	49015	68343	82130	107573	136114
2896	30271	49905	68393	82543	108831	137215
4358	30509	50118	68410	83119	112430	137293
7944	30587	52096	69235	84370	113641	137674
9400	30733	52776	70618	87290	114987	138493
9816	31386	53090	70723	88866	115768	140398
11180	31532	53121	72978	89072	116437	141482
12720	32993	53166	73691	89158	118201	142430
13044	34374	54774	74098	89992	118468	143049
13045	37400	56367	74475	92568	120121	144400
13686	37790	56771	74589	94790	120643	145305
16641	37974	57051	75243	95652	122668	145312
17115	39534	58732	75405	96834	123718	145347
17774	42486	60692	75604	97359	125095	
18044	42931	61121	76136	99214	128060	
22789	43338	61387	79179	100908	128239	
23462	44448	62558	79470	101012	128272	
26877	47536	64095	80442	102272	131291	
27843	47567	66617	80517	102875	133948	

Krabbameinsfélagið þakkar landsmönnum veittan stuðning.

Handhafar vinningsmiða framvísi þeim á skrifstofu Krabbameinsfélagsins að Skógarhlíð 8, sími 540 1900.

Byrjað verður að greiða út vinninga þann 17. janúar nk.

Krabbameinsfélagið
www.krabb.is

HARPA Í Háskólabíói er hljómburðurinn svo afleitur að ekki er hægt að njóta leiks Sinfóníunnar nema í fremri helmingi salarins, helst fyrir miðju. Vonandi verður hljómburðurinn í Hörpu ekki bara betri, heldur miklu betri, skrifar Jónas Sen.

ÞEGAR STJARNA Á EKKI VIÐ

JÓNAS SEN fer yfir tónlistarárið

Þótt margt hafi verið flott í tónlistarlífinu á árinu tekur maður fyrst og fremst eftir því sem er frumlegt. Oft skortir hugmyndaauðgi í framsetningu klassískrar tónlistar.

Síðustu tónleikar Kammermúsíkklúbbsins sem ég skrifaði um voru til fyrirmyndar að þessu leyti. Tónleikagestum var boðið upp á alveg nýja útgáfu af Goldbergtilbrigðum Bachs. Sem heppnuðust svona ljómandi vel. Þarna var þekkt tónsmíð, sem venjulega er spiluð á píanó eða sembal, flutt af strengjatríói. Og maður sá hana í alveg nýju ljósi.

Tónleikar Sinfóníunnar hafa líka margir verið stórglæsilegir á árinu, þrátt fyrir að hafa ekki alltaf verið mjög frumlegir. Á Listahátíð söng einsöng með hljómsveitinni sá klassíski söngvari sem hefur unnið hvað glæstustu sigrana erlendis. Það er Kristinn Sigmundsson. Kristinn er frábær söngvari, röddin á tónleikunum var mögnuð og túlkunin sannfærandi.

Garðar Cortes stjórnaði tónleikunum með Kristni, en venjulega hefur Rumon Gamba stjórnað. Hann hætti sem aðalstjórnandi í vor. Ég er hálf feginn að það er enginn fastur stjórnandi núna. Í haust hefur dagskráin einmitt verið óvanalega spennandi. Verkin eru kunnugleg en samt veit maður aldrei á hverju er von. Það eru alltaf nýir stjórnendur!

Stór tímamót fram undan

Harpa, tónlistarhúsið langþráða, verður opnuð á næsta ári. Sinfónían hefur þurft að dúsa í Háskólabíói í allt of langan tíma. Í Háskólabíói er hljómburðurinn svo afleitur að ekki er hægt að njóta leiks Sinfóníunnar nema í fremri helmingi salarins, helst fyrir miðju. Vonandi verður hljómburðurinn í Hörpu ekki bara betri, heldur miklu betri.

Það verða stór tímamót þegar Sinfónían flytur inn í Hörpu. En það voru líka ákveðin tímamót í ár, því hljómsveitin varð sextug í mars. Ég verð að viðurkenna að ég sé pínulítið eftir grein sem ég skrifaði um afmælistónleikana. Á tónleikunum var frumflutt tónsmíð eftir Hafliða Hallgrímsson sem heitir Norðurdjúp. Mér fannst verkið leiðinlegt og líkti því við allt of langa ræðu um IceSave. Eftir á að hyggja var það óheppileg líking. Ekkert er eins leiðinlegt og IceSave. Verk Hafliða var í sjálfu sér ágætt, haganlega sett saman og framvindan sannfærandi. Það var bara dálítið þunglyndislegt og átti einhvern veginn ekki við í afmælisveislu.

Ég er samt mjög hrifinn af Hafliða sem tónskáldi. Passían eftir

> Listin er í eðli sínu margþætt, jafnvel óræð, enda fjallar tónlistin oft um það sem ekki er hægt að koma orðum að. Með því að gefa tónlist stjörnur er verið að segja að hægt sé skilgreina tónlist með örfáum orðum, setja hana í glas með merkimiða á.

hann er eitt besta verk íslenskra tónbókmennta. Og Örsögur, sem komu út á geisladiski í vetur, eru einfaldlega frábærar. Þetta eru sögur úr Sovétríkjunum sálugu. Þær eru fyndnar en samt er í þeim óhugnanlegur undirtónn sem Hafliði kemur til skila á meistaralegan hátt.

Geisladiskar og tónleikar eru auðvitað ekki einu hliðarnar á tónlistarmenningunni. Nokkrir frábærir tónlistarþættir eru á RÚV. Þeir hafa svo sannarlega auðgað tónlistina að undanförnu. Útsendingarnar frá Sinfóníutónleikum eru óaðfinnanlegar. Og í sérstöku uppáhaldi hjá mér eru tónlistarþættir Höllu Steinunnar Stefánsdóttur, Girni, grúsk og gloríur. Þeir fjalla um gamla meistara og gömul tónverk, og hvernig þau hljómuðu þegar þau heyrðust fyrst. Þetta eru merkilega líflegir og fróðlegir þættir. Þeir fengju fimm stjörnur ef ég mætti ráða.

Stjörnustríð

En talandi um það, þarf alltaf að gefa stjörnur? Stjörnurnar eru vissulega þægilegar – lesandinn sér strax niðurstöðu gagnrýnandans. Gallinn er sá að stundum er ekki hægt að komast að slíkri niðurstöðu.

Listin er í eðli sínu margþætt, jafnvel óræð, enda fjallar tónlistin oft um það sem ekki er hægt að koma orðum að. Með því að gefa tónlist stjörnur er verið að segja að hægt sé skilgreina tónlist með örfáum orðum, setja hana í glas með merkimiða á. Vissulega er sumt einfaldlega gott og sumt er frábært. En annað er flóknara og það passar illa að gefa því stjörnur.

Í dómi sem ég skrifaði um ævistarf Kristjáns Jóhannssonar, upptökur sem spanna allan hans feril, gaf ég bara eina stjörnu. Dómurinn hefur valdið nokkru fjaðrafoki. Dylgjað hefur verið um mig að ég hafi skrifað dóminn af rætni. Sem er ekki rétt. Ég vil benda lesendum á að skrifa „Kristjan Johannsson review“ í Google. Sjáið t.d. dóm í New York Times frá 24. febrúar 1997. Dómarnir eru margir fleiri og frá mismunandi tímabilum, og niðurstaðan er yfirleitt sú sama. Kristján hefur öfluga rödd, en hann er hrjúfur og einhæfur túlkandi. Þannig virðist hann alltaf hafa verið.

Mér er algerlega fyrirmunað að vera óheiðarlegur í skrifum. En til að vera fyllilega sanngjarn þá get ég fallist á að tónninn í grein minni hafi verið óþarflega hörkulegur. Og það voru sennilega mistök að gefa plötunni bara eina stjörnu. Heilt æviverk verður ekki afgreitt með einni stjörnu, og ekki heldur með fimm stjörnum. Í þessu tilviki hefði verið betra að hreinlega sleppa stjörnugjöfinni.

Kannski væri ekki svo galið að fella alveg niður stjörnugjöfina í listgagnrýni á árinu sem nú er að ganga í garð.

„Þessi leiksýning hefur allt sem þarf til að skapa vel heppnað og eftirminnilegt leikverk.“

I.Þ., Mbl.

„Framúrskarandi leikur... Mjög vönduð sýning á allan hátt“

- L.L., RÚV

„Þetta var geggjuð flott sýning, eins og gelgjan sagði. Og hvað viljið þið meira?“

B.S., pressan.is

„Critics choice“

Time Out, London

FAUST

AUKASÝNINGAR Á ÍSLANDI VEGNA FJÖLDA ÁSKORANA!

fim. 6/1 kl. 20 – fös. 14/1 kl. 22 – sun. 16/1 kl. 20 – fim. 20/1 kl. 20

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX

Hætti fyrir fullu Borgarleikhúsi í vor.
Sýnt 35 sinnum fyrir fullu húsi í Young Vic leikhúsinu í London.

VesturPort

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is

Borgarleikhúsið

Filton/SÍA

60 ára aldursmunur er á Playboykóngnum Hugh Hefner og tilvonandi eiginkonu hans, Crystal Harris, en skötuhjúin trúlofuðu sig á dögunum eftir tveggja ára samband. Hefner er 84 ára en Harris aðeins 24 ára.

Natalie Portman ófrísk og trúlofuð

Það er allt að gerast hjá Natalie Portman þessa dagana en nýjustu fregnir herma að stúlkan sé nýbúin að trúlofa sig og beri barn undir belti. Kærasti leikkonunnar er danshöfundurinn Benjamin Millepied en Portman kynntist honum við gerð nýjustu kvikmyndar hennar, The Black Swan. Myndin hefur fengið frábærar viðtökur ytra og því ljóst að það stefnir í frábært ár hjá hinni undurfögru Portman.

HÓPURINN HANS BALTA

Baltasar Kormákur heldur utan til Hollywood í næsta mánuði þegar tökur á Contraband hefjast í New Orleans. Hundrað manna tökulið verður að störfum í rúma tvo mánuði og varla verður þverfótað fyrir stjörnum.

Contraband er án nokkurs vafa eitt stærsta verkefni sem íslenskur kvikmyndaleikstjóri hefur tekið að sér. Talið er fjárhagsáætlunin hljóði upp á 30 milljónir dollara eða 3,5 milljarða íslenskra króna. Til samanburðar má nefna að það kostar rúmar 200 milljónir að framleiða íslenska kvikmynd. Myndin er framleidd undir merkjum Universal og Working Title Project en aðalstjarnan, Mark Wahlberg, sýndi myndinni strax áhuga. Þótt Wahlberg hafi yfirleitt verið talin ein af stóru stjörnunum í Hollywood þá gæti árið 2011 reynst honum ansi happadrjúgt því hann er framleiðandi kvikmyndarinnar The Fighter og er tilnefndur til Golden Globe-verðlauna fyrir hana; bæði sem leikari og framleiðandi.

Baltasar hefur einnig klófest mexíkóska leikarann Diego Luna sem lék á móti Sean Penn í hinni margrómuðu Milk og er ein af stærstu kvikmyndastjörnum Mexíkó. Þá hefur einnig verið staðfest að Lucas Haas leiki í myndinni en hann ættu margir að muna eftir sem strákunum í Harrison Ford-tryllinum Witness. Haas hefur verið viðloðandi kvikmyndaborgina og sást síðast í kvikmyndinni Inception sem margir hafa spáð góðu gengi á Óskarsverðlaunahátíðinni. Þá hefur írska hörkutólið David O'Hara einnig samþykkt að leika í myndinni en hann er kannski þekktastur fyrir að leika einn af hrottum Jacks Nicholson í The Departed og slyngan stríðsmann í Mel Gibson-kvikmyndinni Braveheart. Þá er rétt að halda því til haga að Giovanni Ribisi leikur hlutverk Jóhannesar Hauks úr upprunalegu myndinni, Caleb Landry Jones er Jörundur Ragnarsson og Ben Foster mun endurtaka leik Ingvars. E Sigurðssonar upp á enska vísu.

Baltasar hefur einnig verið að leggja lokahönd á tæknilegu atriðin og hefur fengið til liðs við sig einn heitasta kvikmyndatökumanninn í bransanum í dag. Sá heitir Barry Akroyd og var tilnefndur til Óskarsverðlauna í fyrra fyrir kvikmyndatökuna í The Hurt Locker sem var ansi sigursæl á síðustu Óskarshátíð. **freyrgigja@frettabladid.is**

ÞÉTTUR HÓPUR

Leikhópurinn sem **Baltasar Kormákur** hefur komið upp í kringum kvikmyndina Contraband þykir feiknasterkur. Mexíkóska stórstjarnan **Diego Luna** leikur stórt hlutverk í myndinni sem og **Lucas Haas**, strákurinn úr Witness, sem síðast sást í Inception. Þá hefur einnig verið gengið frá ráðningu á írska hörkutólinu **David O'Hara** en fyrir eru þau Mark Wahlberg og **Kate Beckinsale,** Giovanni Ribisi og Ben Foster.

Á rúlluskautum á diskókvöldi

„Ég datt aldrei á hausinn en ég var ansi oft mjög nálægt því," segir plötusnúðurinn Margeir Ingólfsson sem hélt sitt fyrsta diskókvöld í fimm ár á skemmtistaðnum Austur á annan í jólum.

Hann og Jón Atli Helgason, sem skipulagði viðburðinn með honum, tóku á móti gestum á rúlluskautum í stuttbuxum og hlýrabolum við mjög góðar undirtektir viðstaddra. „Við vorum búnir að plana með smá fyrirvara að gera þetta. Svo fékk ég bara skautana í gær [í fyrradag] og þetta var í fyrsta skipti sem ég hef stigið í skauta á ævinni. Það var ákveðin skemmtun fólgin í því að sjá mig spreyta mig á þeim," segir Margeir og hlær. „Þetta var mun erfiðara en ég bjóst við en þetta var skemmtilegt. Maður á víst alltaf að skauta ljósahringinn sem diskókúlan gerir. Við náðum því alveg og öðrum trixum líka, þar á meðal „high five" þegar við fórum fram hjá hvor öðrum."

Diskókvöldið gekk vel, húsið var troðfullt og stemningin góð. Urður Hákonardóttir, fyrrum söngkona Gus Gus, steig óvænt upp á svið og söng diskóslagarann Don´t Leave Me This Way. „Hún er algjör diskódíva og leysti þetta með miklum glæsibrag," segir Margeir. Aðspurður hvort annað diskókvöld verði haldið að ári segir hann: „Það verður að koma í ljós, þetta var alla vega eitt „kombakk" en það er aldrei að vita." **- fb**

Á FLEYGIFERÐ
Margeir (til vinstri) og Jón Atli á fleygiferð á rúlluskautunum.

58·12345

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S

MIÐSTÆRÐ Á 1.000 KR.

MEÐ 3 ÁLEGGSTEGUNDUM

EF ÞÚ SÆKIR

dominos.is

stefánsson & stefánsson

BESTA PLATAN Win Butler og félagar í Arcade Fire eiga plötu ársins hjá HMV í annað sinn á þessum áratug. NORDICPHOTOS/AFP

The Suburbs best í Bretlandi

Plata ársins í Bretlandi er The Suburbs með Arcade Fire samkvæmt samantekt HMV. The National hafnaði í öðru sæti og LCD Soundsystem í því þriðja.

The Suburbs með kanadísku hljómsveitinni Arcade Fire er plata ársins samkvæmt árlegri samantekt bresku verslunarkeðjunnar HMV.

Þetta er í annað sinn sem Arcade á plötu ársins í könnuninni. Síðast náði fyrsta plata sveitarinnar, Funeral, toppnum árið 2005. „Í fyrsta sinn sem ég hlustaði á The Suburbs vissi ég að það yrðu ekki margar betri plötur gefnar út á þessu ári," sagði framkvæmdastjóri HMV. Könnunin er byggð á árslistum breskra tónlistartímarita, dagblaða, vefsíðna og fleiri fjölmiðla í Bretlandi.

Liðsmenn Arcade Fire voru að vonum ánægðir með árangurinn og fullir þakklætis: „Það er frábært að komast á toppinn hjá HMV í annað sinn á þessum áratug. Þetta er mikill heiður. Takk fyrir," sögðu þeir í yfirlýsingu sinni.

TÍU BESTU PLÖTURNAR 2010

1. **Arcade Fire** - The Suburbs
2. **The National** - High Violet
3. **LCD Soundsystem** - This Is Happening
4. **Beach House** - Teen Dream
5. **Janelle Monae** - The ArchAndroid
6. **Vampire Weekend** - Contra
7. **Yeasayer** - Odd Blood
8. **Gorillaz** - Plastic Beach
9. **Caribou** - Swim
10. **Ariel Pink** - Before Today

Í öðru sæti lenti bandaríska sveitin The National með sína fimmtu hljóðversplötu, High Violet, og í því þriðja varð platan This Is Happening með danssveitinni LCD Soundsystem. Í fjórða sæti lenti bandaríska dúóið Beach House og í því fimmta R&B-söngkonan Janelle Monae.

Þetta er tíunda árið í röð sem HMV útnefnir plötu ársins. Á síðasta ári sigraði hljómsveitin Animal Collective með plötuna Merriweather Post Pavilion.

freyr@frettabladid.is

Tónlist ★★★

Draumskógur

Valgerður Guðnadóttir

Þekkileg söngvaraplata

Valgerður Guðnadóttir vakti fyrst athygli þegar hún söng hlutverk Maríu Magdalenu í Jesús Christ Superstar í Verzló 1994. Síðan hefur hún verið iðin við kolann, numið söng og sungið stór hlutverk í fjölmörgum leikhúsverkum, þ.á m. Söngvaseið.

Draumskógur er hennar fyrsta sólóplata og hún er að mörgu leyti vel heppnuð. Á plötunni eru ellefu sígild popplög, íslensk og erlend, í nýjum útsetningum. Þetta eru allt fallegar söngmelódíur. Þarna eru til dæmis Orfeus og Evridís Megasar, Ský á himni eftir Spilverkið, Kate Bush-lagið The Man With The Child In His Eyes með íslenskum texta og Draumaprinsinn eftir Magnús Eiríksson.

Lögin eru útsett fyrir strengjasveit, píanó, kassagítar, slagverk og þverflautu. Útsetningarnar, sem eru í höndum Þorvaldar Bjarna og Vignis Snæs, eru smekklegar og gefa rödd Valgerðar mikið pláss. Söngurinn er hér í aðalhlutverki, sem kemur vel út, enda Valgerður fyrsta flokks söngkona. Á heildina litið notaleg plata, fín til að slá á fimbulkuldann og jólastressið. **Trausti Júlíusson**

Niðurstaða: Notalegt popp.

BT Áramótabomba BT músarinnar !!

sjónvörp og fartölvur

LG **32" LCD 320** 1366x768 HD Ready

SAMSUNG **LCD C535** - 1920x1080p Full HD

SAMSUNG **42" Plasma C455** - 1024x768 HD Ready

LG **42" LCD 650** 1920x1080 Full HD

LG **47" LCD 650** 1920x1080 Full HD

.59.999

5.000 kr. afsláttur ef keypt er með sjónvarpi

SAMSUNG **HT-C350 5.1 heimabíó** 330W rms.

bombu-tilboð !!!

"einnig fullar búðir af sýningartækjum á klikkuðu verði"

Acer 15.6" 5734-4386
Intel Pentium T4500
2GB DDR3 - 250GB

.79.999
áður 89.999

Packard Bell EasyNote TM81
15.6" LED - AMD Athlon II X2 P320
4GB DDR3 - 320GB

.107.999
áður 114.999

Acer 15.6" 5542-304G
AMD Athlon II X2 processor M300
4GB DDR3 - 320GB

.114.999
áður 129.999

kíktu til okkar - við klárum dæmið !!

Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánuða

BT Skeifan - BT Glerártorg - S: 550-4444 - www.bt.is

16 DAGAR

ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ hefur sex sinnum endað meðal átta efstu á HM í handbolta allt síðan að liðið náði þangað fyrst með því að verða í 6. sæti á HM í Vestur-Þýskalandi 1961. Ísland hefur hins vegar aldrei náð því að verða meðal átta efstu á tveimur heimsmeistarakeppnum í röð. Ísland endaði í 8. sæti á HM 2007 en var ekki með fyrir tveimur árum.

SKORAÐI TVÖ Arnór Atlason í leik með AG. MYND/AG

Danska bikarkeppnin:

Þrjú Íslendingalið í úrslitum

HANDBOLTI Úrslitin í bikarkeppnum karla og kvenna fara fram í Danmörku í dag. Í kvennaflokki eigast við Team Tvis Holstebro og Viborg en með fyrrnefnda liðinu leikur landsliðskonan Rut Jónsdóttir.

AG og Árhus eigast við í karlaflokki en þessi lið unnu sínar viðureignir í undanúrslitum í gær. AG mætti Skjern í æsispennandi leik sem þurfti að framlengja. Reyndar var Skjern með fjögurra marka forystu, 24-20, þegar sex mínútur voru til leiksloka en stórskyttan Mikkel Hansen og markvörðurinn Kasper Hvidt sáu til þess að AG náði að jafna og vinna svo í framlengingunni, 27-26.

Arnór Atlason skoraði tvö mörk fyrir AG í leiknum en Snorri Steinn Guðjónsson var ekki á meðal markaskorara. Ingimundur Ingimundarson leikur með Árhus en var ekki með sínum mönnum í gær. **- esá**

Gísli Kristjánsson:

Sá grófasti í Danmörku

HANDBOLTI Gísli Kristjánsson, leikmaður FIF í dönsku úrvalsdeildinni, er sá sem þykir grófasti leikmaður deildarinnar samkvæmt úttekt hbold.dk. Gísli hefur 23 sinnum fengið tveggja mínútna brottvísun í leikjum sínum en þó aldrei rauða spjaldið.

Næstir á listanum eru þrír leikmenn með fimmtán brottvísanir hver og hefur Gísli því nokkra yfirburði í þessum efnum. Gísli hefur sloppið við brottvísun í aðeins tveimur leikjum af sautján til þessa.

FIF er í neðsta sæti dönsku úrvalsdeildarinnar með þrjú stig eftir sautján leiki og er fjórum stigum frá öruggu sæti. Gísli skoraði 39 mörk fyrir liðið á fyrri hluta tímabilsins en deildin er nú komin í frí vegna HM í Svíþjóð. - esá

ÞRÍR MARKASKORARAR Cesc Fabregas, til hægri, og Theo Walcott, leikmenn Arsenal fagna marki þess fyrrnefnda í gær. Branislav Ivanovic liggur eftir en hann skoraði mark Chelsea í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

Langþráður sigur Arsenal

Arsene Wenger var sigurvegari gærkvöldsins eftir 3-1 sigur Arsenal á Englandsmeisturum Chelsea sem fatast enn flugið. Eftir fimm bikarlaus ár hjá Arsenal virðist loksins vera betri tíð í vændum en liðið yfirsteig stóra hindrun í gær.

FÓTBOLTI Arsenal komst upp í annað sæti ensku úrvalsdeildarinnar í gær með 3-1 sigri á Englands- og bikarmeisturum Chelsea á heimavelli. Um gríðarlega mikilvægan sigur var að ræða þar sem Arsenal hafði ekki tekist að vinna annað hvort Chelsea eða Manchester United í síðustu ellefu tilraunum sínum – þar af voru tíu tapleikir. Í dag verður að teljast að þessi tvö lið eru helstu keppinautar Arsenal um titilinn, ásamt ef til vill Manchester City sem er nú fallið niður í þriðja sæti deildarinnar.

Arsenal vann síðast titil vorið 2005 er liðið varð tvöfaldur meistari á Englandi. Stuðningsmenn félagsins hafa mátt vera þolinmóðir síðustu ár á meðan Arsene Wenger knattspyrnustjóri hefur byggt upp nýtt lið. Sú vinna er kannski að fara að skila árangri nú en liðið hafði þó nokkra yfirburði gegn Chelsea í gær.

Alex Song kom Arsenal yfir með laglegu skoti úr vítateignum í lok fyrri hálfleiksins. Skömmu áður hafði Samir Nasri átt lúmskt skot að marki sem Petr Cech, markvörður Chlelsea, varði með miklum tilþrifum.

Snemma í þeim síðari gerði Arsenal svo nánast út um leikinn með tveimur mörkum.

Fyrst lagði Theo Walcott upp mark fyrir Cesc Fabregas á 51. mínútu og aðeins tveimur mínútum síðar skiptust þeir á hlutverkum – Fabregas gaf sendingu inn fyrir vörn Chelsea á Walcott sem skoraði með góðu skoti.

Á 57. mínútu náði Branislav Ivanovic að skalla í mark heimamanna fyrirgjöf Didier Drogba en nær komust meistararnir ekki. Þeir hafa nú aðeins fengið sex stig af 24 mögulegum í síðustu átta leikjum sínum. Chelsea byrjaði glæsilega í haust en hefur mátt þola hvert áfallið á fætur öðru undanfarnar vikur. Frank Lampard var í byrjunarliði Chelsea í gær í fyrsta sinn síðan í ágúst en það breytti litlu.

Arsenal yfirsteig sálfræðilega hindrun í gær og sýndi að það getur unnið hvaða lið sem er. Liðið hefur oftar en ekki sýnt lipra takta á vellinum en ekki unnið allra mikilvægustu leiki sína. Ef til vill var sigurinn í gær fyrsta skrefið í átt til betri vegar fyrir Wenger og lærisveina hans.

Í gær sýndi liðið allavega að það er talsvert í það spunnið. Það eina sem vantaði var að halda markinu hreinu en þess fyrir utan voru yfirburðirnir gegn Chelsea augljósir.

Það er ef til vill farið að hitna undir Carlo Ancelotti sem náði svo góðum árangri með Chelsea á síðasta tímabili. Nú reynir á þolinmæði Roman Abramovic, eiganda félagsins, sem mun sjálfsagt ekki líða það að sjá lið sitt í frjálsu falli í ensku úrvalsdeildinni. Chelsea er nú sex stigum frá United á toppnum. eirikur@frettabladid.is

FIMM MÖRK Ásbjörn Friðriksson hefur staðið sig vel með FH í vetur og skoraði fimm mörk í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Deildarbikarkeppni karla:

FH-ingar fóru illa með Fram

HANDBOLTI FH tryggði sér sæti í úrslitaleik deildarbikarkeppni karla með öruggum sigri á Fram í undanúrslitum í gær, 40-31.

FH náði undirtökunum í fyrri hálfleik og var leikurinn aldrei spennandi í þeim síðari eins og úrslit leiksins bera með sér.

Hinn ungi Halldór Guðjónsson fór á kostum í liði FH í gær og skoraði tíu mörk. Ólafur Guðmundsson skoraði átta. Andri Berg Haraldsson skoraði sjö mörk fyrir Fram en ungir leikmenn í báðum liðum fengu tækifæri í gær.

Akureyri og Haukar áttust við í hinni undanúrslitaviðureigninni en leiknum var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun. - esá

Rúrik Gíslason:

Sagður á óskalista Stuttgart

FÓTBOLTI Rúrik Gíslason er í fjölmiðlum í Stuttgart í Þýskalandi orðaður við knattspyrnulið bæjarins. Fredi Bobic, fyrrverandi landsliðsmaður Þjóðverja, er yfirmaður knattspyrnumála hjá félaginu og hefur fylgst grannt með Rúrik síðan OB vann Stuttgart, 2-1, í Evrópudeild UEFA í haust. Rúrik gekk í raðir OB í fyrra og er hluti af U-21 landsliði Íslands sem keppir á EM í Danmörku næsta sumar auk þess sem hann er fastamaður í A-landsliði Íslands.

RÚRIK GÍSLASON

Segir í fréttinni að Ásgeir Sigurvinsson, sem varð á sínum tíma meistari með Stuttgart, hafi mælt með Rúrik en hann telur hann ekki hæfileikaminni en Gylfa Þór Sigurðsson sem slegið hefur í gegn með Hoffenheim í þýsku úrvalsdeildinni. **- esá**

SpinningFit
Ketilbjöllur
CrossFit
WorldClass ICELAND

Úrslitin í deildarbikarkeppni HSÍ fara fram í kvöld:

Enn mætast Fram og Valur

HANDBOLTI Undanúrslit í deildarbikarkeppnum karla og kvenna fóru fram í íþróttahúsinu í Strandgötu í Hafnarfirði í gær. Í úrslitum í kvennaflokki munu eigast við í kvöld lið Fram og Vals eftir að bæði lið unnu heldur nauma sigra í sínum undanúrslitaviðureignum.

Valur vann Stjörnuna, 29-27, eftir að hafa verið með undirtökin nánast allan leikinn. Stjarnan fékk þó nokkrum sinnum tækifæri til að jafna metin undir lokin en allt kom fyrir ekki.

Hrafnhildur Skúladóttir skoraði sjö mörk fyrir Val en markahæstar hjá Stjörnunni voru Hanna G. Stefánsdóttir og Jóna Margrét Ragnarsdóttir með átta mörk hvor.

Framarar máttu þakka fyrir að hafa unnið fjögurra marka sigur á Fylki, 29-25. Fylkisstúlkur byrjuðu mjög vel í leiknum og komust í 6-2 og voru með forystuna í hálfleik, 13-12. Framarar reyndust þó sterkari þegar mest á reyndi og náðu að sigla fram úr á lokakaflanum.

MARKAHÆST Karen Knútsdóttir skoraði sjö mörk fyrir Fram í sigri liðsins gegn Fylki í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Þetta hrökk ekki í gang hjá okkur fyrr en það voru 10-15 mínútur eftir af leiknum," sagði Sigurbjörg Jóhannsdóttir, leikmaður Fram. „Við byrjuðum ekki nógu vel. Við vorum að komast í ágæt færi en byrjuðum ekki að nýta þau almennilega fyrr en undir lok leiksins. Það var gott að vinna leikinn en manni leið ekki vel lengst af í leiknum."

Sigurbjörg segir að leikmenn hafi verið lengi í gang. „Það tók smá tíma. Liðin hafa verið í langri pásu vegna EM og jólin voru líka aðeins að sitja í manni. Það var því nokkuð mikið um mistök í báðum leikjum."

Henni líst vel á að mæta Val í úrslitunum en þessi tvö lið hafa barist um alla titlana sem í boði eru að undanförnu. „Þetta eru alltaf hörkuleikir gegn Val og mjög skemmtilegir. Það verður mikið barist," sagði Sigurbjörg. **- esá**

SPORT
besta sætið

vodafone · Arion banki

HM
Í HANDBOLTA
HEFST 13. JANÚAR

SWEDEN 2011

ÁFRAM ÍSLAND!

ALLIR LEIKIR ÍSLANDS SÝNDIR Í HD!	
13. jan.	Opnunarleikur mótsins
14. jan.	Ísland – Ungverjaland
15. jan.	Ísland – Brasilía
17. jan.	Ísland – Japan
18. jan.	Ísland – Austurríki
20. jan.	Ísland – Noregur
22.–25. jan.	Leikið í milliriðlum
28. jan.	Undanúrslitaleikir
30. jan.	Úrslitaleikur um bronsverðlaunin
30. jan.	Úrslitaleikur um heimsmeistaratitilinn

ÍSLAND Á HM Á STÖÐ 2 SPORT

Eftirvæntingin hefur aldrei verið meiri enda verða yfir 30 leikir í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport. Umfjöllun í umsjón Þorsteins Joð verður betri og ítarlegri en nokkru sinni. Áhorfendur heima í stofu geta tekið þátt í umræðunni í gegnum Facebook. Tryggðu þér áskrift og misstu ekki af þessum stórviðburði í janúar!

> **Kevin Spacey**

„Að fara í vinnuna á hverjum degi er nákvæmlega eins og ég vonaðist til að það yrði.“

Kevin Spacey leikur félagsfræðikennara sem gefur ungum strák skólaverkefni sem á eftir að fá fólk úr öllum áttum til að fylgjast með, í kvikmyndinni Pay it Forward sem er á Stöð 2 Bíó í kvöld kl. 20.10.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR VAR EINU SINNI HÁLF SKOTIN Í NONNA

Sætu bræðurnir snúa aftur

Milli jóla og nýárs sýnir Sjónvarpið þættina um Nonna og Manna í leikstjórn Ágústs Guðmundssonar. Þættirnir eru komnir til ára sinna enda frumsýndir árið 1988. Þeir standa þó algerlega fyrir sínu, sérstaklega þar sem þeir vekja góðar minningar æskuáranna.

Ég var ellefu ára þegar Nonna og Manna-æðið gekk yfir bæði Ísland og Þýskaland. Var því akkúrat á réttum aldri til að heillast af þeim bræðrum sem leiknir voru af Garðari Thór Cortes og Einari Erni Einarssyni.

Ég var alls ekki ein um það enda heyrðust iðulega sögur af því þegar þeir félagar komust í hann krappan í útlöndum, umkringdir ástaróðum ungmeyjum.

Stúlkur voru þó ekki þær einu sem sátu límdar við skjáinn. Þættirnir heilluðu einnig foreldrana, ömmur, afa og knáa drengi. Ísbjarnaatriðið var til að mynda mjög vinsælt hjá mínum yngri bróður sem horfði á þann þátt síendurtekið þar til vídeóspólan var orðin gauðrispuð.

Þættirnir voru teknir upp á ensku en talsettir voru á íslensku. Það er vissulega hálf kjánalegt á köflum en kemur þó varla að sök enda leikararnir allra þjóða kvikindi, allt frá Íslendingum og Þjóðverjum til Spánverja og Frakka. Nú er að sjá hvort þættirnir falla í jafn ljúfan farveg hjá þjóðinni og þeir gerðu fyrir 22 árum.



SJÓNVARPIÐ

17.05 Brautarholtskirkja á Kjalarnesi
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Paddi og Steinn í fjársjóðsleit
18.00 Nonni og Manni (3:6)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 WikiLeaks - Með lekann að vopni Á tæpu ári hefur WikiLeaks breyst úr því að vera fremur dularfull vefsíða í það að vera meiri háttar hreyfiafl í samtímasögunni með því að birta leyniskjöl um stríðsglæpi, spillingu og pólitískt leynimakk.
20.35 Kastljós
21.05 Strákarnir okkar (1:6) Í tilefni af 80 ára afmæli Ríkisútvarpsins verður í þessari þáttaröð leitað að besta handboltaliði Íslands frá upphafi. Að lokum veljum við svo uppáhalds „Strákana okkar“ með hjálp þjóðarinnar.
22.00 Tíufréttir
22.10 Veðurfréttir
22.20 Dauðir rísa (2:12) (Waking the Dead VI) Breskur sakamálaflokkur um Peter Boyd og félaga hans.
23.15 Aðþrengdar eiginkonur (Desperate Housewives) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. (e)
00.00 Kastljós (e)
00.25 Fréttir
00.35 Dagskrárlok

BÍÓ

06.45 Pay It Forward
08.45 My Girl
10.25 The Muppet Christmas Carol
12.00 Harry Potter and the Half-Blood Prince
14.30 My Girl
16.10 Harry Potter and the Half-Blood Prince
18.40 The Muppet Christmas Carol
20.10 Pay It Forward
22.10 Dumb and Dumber
00.00 Trapped in Paradise
02.00 Proof
04.00 Dumb and Dumber
06.00 The Proposal

STÖÐ 2

07.00 Strumparnir
07.25 Bratz
07.50 Íkornastrákurinn
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Doctors
10.15 Extreme Makeover. Home Edition (1:25)
11.50 Monk (13:16)
12.35 Nágrannar
13.00 Frasier (16:24)
13.25 Eldsnöggt með Jóa Fel (9:9)
14.00 Iron Giant
15.25 Barnatími Stöðvar 2
16.40 Strumparnir
17.05 Bold and the Beautiful
17.30 Nágrannar
17.58 The Simpsons (16:22)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Two and a Half Men (1:24)
19.45 How I Met Your Mother (10:22)
20.10 Modern Family (5:24) Modern Family fjallar um líf þriggja ólíkra nútímafjölskyldna, hefðbundinnar fimm manna fjölskyldu, samkynhneigðra manna sem eru nýbúnir að ættleiða dóttur og svo pars af ólíkum uppruna þar sem eldri maður hefur yngt upp og náð í suður-ameríska fegurðardís.
20.40 Two and a Half Men (9:22)
21.05 Chuck (7:19) Chuck Bartowski er mættur í þriðja sinn hér í hörku skemmtilegum og hröðum spennuþáttum.
21.55 Burn Notice (3:16) Þriðja serían af þessum frábæru spennuþáttum þar sem hasarinn og húmorinn er linnulaus.
22.40 The Green Mile Áhrifamikil stórmynd með Toms Hanks í aðalhlutverki ásamt Michael Clarke Duncan.
01.45 Gossip Girl (7:22)
02.35 Hawthorne (4:10)
03.20 Medium (13:22)
04.05 Nip/Tuck (12:19)
04.50 Iron Giant

SPORT *besta sætið*

18.00 Barcelona - Man. Utd. 25.11. 1998 Leikir Barcelona og Manchester United eru alltaf stórskemmtilegir.
19.45 Wendy's Three Tour Challenge Útsending frá skemmtilegu golfmóti þar sem þrjú lið mætast.
21.00 Wendy's Three Tour Challenge
22.05 Joe Louis - Max Schmeling Joe Louis er einn frægasti þungavigtarmeistari boxsögunnar. Ferill hans er um margt einstakur en Louis var þó ekki ósigrandi. Hann tapaði frekar óvænt fyrir Þjóðverjanum Max Schmeling árið 1936 og tók ósigurinn mjög nærri sér. Tveimur árum síðar fékk Louis tækifæri til að koma fram hefndum en þá voru nasistar orðnir mjög áhrifamiklir. Schmeling var fulltrúi Hitlers og stuðningsmanna hans sem trúðu á yfirburði hvíta kynstofnsins.
23.00 Main Event Sýnt frá World Series of Poker 2010 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
23.50 European Poker Tour 6 - Pokers

SPORT 2 *enski boltinn*

07.00 Arsenal - Chelsea
11.15 Premier League Review 2010/11
12.10 Coventry - QPR Bein útsending frá Íslendingaslag Coventry City og Queens Park Rangers í ensku B-deildinni (Championship). Aron Einar Gunnarsson leikur með Coventry en Heiðar Helguson leikur með QPR.
14.20 Ensku mörkin 2010/11 Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
14.50 Tottenham - Newcastle Bein útsending frá leik Tottenham og Newcastle í ensku úrvalsdeildinni.
17.15 West Ham - Everton Bein útsending frá leik West Ham og Everton í ensku úrvalsdeildinni.
19.20 Premier League World 2010/11
19.50 Birmingham - Man. Utd. Bein útsending frá leik Birmingham City og Manchester United í ensku úrvalsdeildinni.
22.00 Man. City - Aston Villa
23.45 Stoke - Fulham

SKJÁR EINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Rachael Ray (e)
09.30 Pepsi MAX tónlist
15.10 90210 (8:22) (e)
16.20 Rachael Ray
17.00 Dr. Phil
17.45 Parenthood (12:13) (e)
18.30 America's Funniest Home Videos (23:50) (e)
18.55 Real Hustle (7:20)
19.20 Rules of Engagement (13:13) (e)
19.45 Whose Line is it Anyway? (9:39)
20.10 Survivor (4:16)
21.00 How To Look Good Naked
21.50 Seven Ages of Drinking Skemmtilegur þáttur þar sem breska sjónvarpskonan Cherry Healey kynnir sér drykkju sjö kvenna á misjöfnum aldri, allt frá unglingum til eldri borgara.
22.45 Hæ Gosi (4:6) (e) Íslensk gamanþáttarröð sem fékk frábærar viðtökur í sumar.
23.15 Jay Leno
00.00 CSI: New York (21:23) (e) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York.
00.50 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

09.20 Golfing World (59:70)
10.10 Ryder Cup 2010 (4:4)
16.20 European Tour - Highlights 2011 (2:45)
17.10 Golfing World (60:70)
18.00 Ryder Cup Official Film 2010 Upprifjun á Ryder-bikarnum árið 2010.
19.15 World Golf Championship 2010 (1:4) Fjórða og síðasta mótið í heimsmótaröðinni fer fram í Sheshan í Kína.
23.15 PGA Tour Yearbooks (7:10)
00.00 ESPN America
00.05 Golfing World (60:70)
00.55 The Open Championship Official Film 2010
06.00 ESPN America

EXTRA

19.10 American Dad (5:20)
19.35 The Doctors
20.15 Gossip Girl (17:22)
21.00 Fréttir Stöðvar 2
21.25 Ísland í dag
21.50 Glee (7:22) Önnur gamanþáttaröðin um metnaðarfullu menntaskólanemana sem halda áfram að keppast við að vinna söngkeppnir á landsvísu.
22.35 Undercovers (4:13) Skemmtilegir spennuþættir um Bloom-hjónin sem eru fyrrverandi CIA-njósnarar og reka nú litla veisluþjónustu í Los Angeles.
23.20 The Deep End (3:6) Áhrifaríkt þáttaröð um fimm unga og ákafa lögfræðinga og þeirra baráttu í að ná árangri á virtri lögfræðistofu.
00.05 Gossip Girl (17:22)
00.50 American Dad (5:20) Fimmta teiknimyndaserían um Stan og fjölskyldu hans frá höfundum Family Guy.
01.15 The Doctors Frábærir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar, sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum, veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.
01.55 Sjáðu Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru.
02.25 Fréttir Stöðvar 2
03.15 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

N4

18:15 Að norðan Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf
19.00 Fróðleiksmolinn

ÍNN

20.00 Hrafnaþing
21.00 Svartar tungur
21.30 Svartar tungur
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó	**FM 90,9** Gullbylgjan	**FM 93,5** Rás 1	**FM 96,3** FM Suðurland	**FM 97,7** X-ið	**FM 99,4** Útvarp Saga	**FM 102,9** Lindin
FM 90,1 Rás 2	**FM 91,9** Kaninn	**FM 95,7** FM957	**FM 96,7** Létt Bylgjan	**FM 98,9** Bylgjan	**FM 102,2** Útvarp Latibær	**FM 105,5** Útvarp Boðun

Í KVÖLD

STÖÐ 2 SPORT KL. 19.50
Birmingham - Man. Utd.

Bein útsending frá leik Birmingham City og Manchester United í ensku úrvalsdeildinni. United er enn taplaust og stefnir á að vera í toppsæti deildarinnar um áramót en Birmingham þarf nauðsynlega á stigum að halda í botnbaráttunni. Síðast þegar liðin mættust á St. Andrews í Birmingham skildu þau jöfn, 1-1.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Eyðieyjan **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Á sviði Samkomuhússins **14.03** Hendingar **15.03** Útvarpssagan **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Gleðileg jól elsku amma og afi **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Jólaminningar **21.20** Trió **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Útvarpsraddir **23.15** Rökkurganga í Glaumbæ **00.05** Næturtónar

BBC entertainment

12.50 Dancing with the Stars **13.30** Deal or No Deal **14.10** Comedy Countdown 2010 **14.40** Comedy Countdown 2010 **15.10** Comedy Countdown 2010 **15.40** Comedy Countdown 2010 **16.10** Vicar of Dibley **16.40** Lark Rise to Candleford **17.30** The Weakest Link **18.20** Deal or No Deal **18.55** Deal or No Deal **19.30** Comedy Countdown 2010 **20.00** Comedy Countdown 2010 **20.30** Comedy Countdown 2010 **21.00** Comedy Countdown 2010 **21.30** The Jonathan Ross Show **22.20** EastEnders **22.50** The Weakest Link

DR 1

11.00 Aftenshowet - Kongehuset 2010 **11.30** Merlin **12.15** Fillmore **12.40** Inspector Morse **14.25** Karate Kid II **16.15** Pocahontas 2 **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **18.30** Aftenshowet - Kongehuset 2010 **19.00** Spise med Price **20.00** TV Avisen **20.25** SportNyt **20.30** Charlie's Angels **22.05** Taggart **23.45** Inspector Morse **01.30** Inspector Morse **03.10** Godnat

NRK 1

12.40 Folkets vinterfilm **13.00** Vamp og KORK **14.00** NRK nyheter **14.10** Et orkester blir til **14.55** Hoppuka **16.00** NRK nyheter **16.10** OL i Oslo 1952 - glimt fra Filmavisen **16.40** Glimt av Norge **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Oddasat - nyheter på samisk **17.05** Oliver Twist**17.35** Verdens beste SFO **18.00** Dagsrevyen **18.30** Julenotter **18.45** Rock til fjells **19.15** Huset på prærien **20.15** Tilbake til Cranford **21.45** Extra-trekning **21.55** Losning julenotter **22.00** Kveldsnytt **22.15** Pappa kom hem **23.30** En dristig drøm **00.20** Opptur

SVT 1

12.05 En sång om glädje **12.55** Trädgårdsvandring med drottning Sonja **13.25** Flottans glada gossar **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Av nöd eller lust **16.25** The Seventies **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Hur ska det gå för Pettersson? **18.20** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** OS-krönikan **20.00** Tillbaka till Cranford **21.30** Churchill - ära och nederlag **23.05** Kinas mat **23.35** Långholmen **00.00** Ishockey. Junior-VM

NÝTT

Rjúfðu smitleiðina!

Einfalt hreinlæti getur stuðlað að því að vernda þig og fjölskyldu þína gegn hættulegum sýklum og veirum.

*Notaðu **Dettol bakteríudrepandi Hand Sanitizer Gel** til þess að drepa sýkla og veirur (þ.m.t. H1N1) og halda höndunum hreinum án þess að nota vatn og sápu.*

*Rjúfðu smitleiðina með því að nota **Dettol sótthreinsiúða** til þess að sótthreinsa reglulega yfirborðsfleti sem hendurnar komast í snertingu við.*

*Þvoðu þér vandlega og reglubundið um hendur með **Dettol bakteríudrepandi handsápu** til þess að koma í veg fyrir að hættulegar örveirur geti dreift sér.*

FÆST AÐEINS Í APÓTEKUM

Dettol verndar

FORSÍÐA | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

FÁÐU FÍNA OG FRÆGA FÓLKIÐ Í HEIMSÓKN

Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Úrval afþreyingar, frétta og myndskeiða í margfalt betri upplausn en áður og með góðu aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á nýjum Vísi.

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

visir.is

BESTI BITINN Í BÆNUM

„Það myndi vera beygla með sólosti og kaffi á Kaffitári. Ég fer þangað nánast á hverjum degi.“

Eygló Hilmarsdóttir, leikkona í Gauragangi.

Hætti ekki fyrr en Dan kemur til Dalvíkur

„Við ætlum að fá hann til að koma – við erum að spá í næstu fiskidaga. Þá eru flestir hérna. Ég trúi ekki öðru en að margir hafi áhuga á að hlusta á hann,“ segir Björn Snorrason, framkvæmdastjóri Dalpay og varamaður í bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær þá hefur nafni Dalvíkur verið dreift í 60 milljónir farsíma um allan heim. Þó ekki með snjöllu markaðsbragði, heldur sem nafn á svokallaðri Java-sýndarvél sem er innbyggð í Android-farsímastýrikerfinu frá Google. Hugbúnaðarverkfræðingurinn Dan Bornstein skrifaði Dalvik Java-sýndarvélina, en hann hefur mikinn áhuga á bænum og hefur komið þangað einu sinni. Björn hefur áhuga á að fá hann aftur til Dalvíkur til að halda fyrirlestur.

„Hann hefur verið með fyrirlestra um Android og við ætluðum að fá hann til að vera með strípaða útgáfu á mannamáli,“ segir Björn, sem á einnig sæti í atvinnumálanefnd sveitarfélagsins.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær hefur Bornstein mikinn áhuga á að heimsækja Dalvík á ný. Hann er einnig liðtækur plötusnúður þannig að Björn veltir fyrir sér hvort hann slái upp balli í leiðinni. Fyrsta skrefið væri þó að fá hann til bæjarins á ný. „Ég hætti ekki fyrr en hann kemur,“ segir Björn að lokum. **- afb**

DAN TIL DALVÍKUR Björn Snorrason hefur mikinn áhuga á að fá Dan Bornstein til Dalvíkur að flytja fyrirlestur um Android-símastýrikerfið. Bornstein ber ábyrgð á Dalvik Java-sýndarvélinni sem er innbyggð í kerfið.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Kvikmyndin Brim fær góða dóma í bandaríska kvikmyndatímaritinu Film Quarterly sem er með bækistöðvar sínar í Kaliforníu. Gagnrýnandi tímaritsins fór á Alþjóðlega kvikmyndahátíð í Reykjavík, RIFF, í haust og þótti honum Brim í leikstjórn **Árna Ásgeirssonar** besta íslenska mynd hátíðarinnar. „Brim er heillandi drama sem gerist um borð í fiskibáti. Erfiðleika áhafnarmeðlimanna tengir maður óumflýjanlega við efnahagsástandið í landinu. Þetta er vel leikin mynd og þrátt fyrir að vera byggð á leikriti tryggir örugg leikstjórn Ásgeirsson að verkið gengur upp á hvíta tjaldinu.“

Einn af hápunktum árshátíðarinnar var þegar Erpur Eyvindarson og **Friðrik Dór** mættu á svæðið og tóku lagið.

Enn og aftur þurftu Eyjamenn að gjalda fyrir óhagstæð skilyrði í Landeyjahöfn á sunnudag. **Ingó** og Veðurguðirnir áttu að koma fram á dansleik í Vestmannaeyjum, en komust hvorki lönd né strönd þar sem ferð Herjólfs var felld niður og ekki var flogið þennan dag. Var þetta í annað skipti á árinu sem veðurguðirnir koma í veg fyrir að Veðurguðirnir leiki fyrir dansi í Eyjum. Eyjamenn dóu þó ekki ráðalausir, því hljómsveitin Tríkot hljóp í skarðið og bjargaði þannig dansþyrstum eyjarskeggjum. **- fb, hdm, afb**

Árshátíð Hamborgarafabrikkunnar var haldin á annan í jólum. Simmi og Jói buðu starfsfólki sínu upp á nautasteikur úr eldhúsi staðarins og stóð gleðin lengi fram eftir.



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og iPad!

ÍÞRÓTTIR Á ÞÍNUM HEIMAVELLI
Má bjóða ykkur meiri Vísi?
Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.
Meiri Vísir.
VÍSIR.IS

Í HEIMSÓKN Árni Hjörvar er í stuttri heimsókn á Íslandi, en heldur til Bretlands 5. janúar og fer á fullt með hljómsveit sinni The Vaccines. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ÁRNI HJÖRVAR: VIÐ VERÐUM BARA AÐ GERA OKKAR BESTA

Býr sig undir spennandi ár í breska tónlistarbransanum

„Næsta ár lofar mjög góðu. Ég hlakka mikið til að komast út aftur og byrja,“ segir Árni Hjörvar Árnason, bassaleikari bresku hljómsveitarinnar The Vaccines.

Árni flutti til Bretlands fyrir þremur árum, en The Vaccines var stofnuð í ár. Hljómsveitin hefur vakið talsverða athygli í Bretlandi þrátt fyrir að hafa aðeins sent frá sér eina smáskífu, Wreckin' Bar (Ra Ra Ra)/Blow it Up, sem náði 157. sæti breska smáskífulistans. Fyrirhuguð er útgáfa á laginu Post Break-Up Sex í janúar og fyrsta breiðskífan er væntanleg í mars. Árni segir gríðarlega vinnu fram undan.

„Öll þessi athygli kemur gífurlega snemma og setur okkur í svolítið skrítna stöðu. Við erum ekki lengur að stjórna því sem er að gerast og þurfum að setja í fimmta gír til að viðhalda athyglinni,“ segir Árni og bætir við að þrátt fyrir að fjölmiðlaathyglin sé jákvæð fylgi henni falskar væntingar. „Allt í einu þurfum við að standast væntingar annarra í staðinn fyrir að standast aðeins okkar eigin. Þetta er tvíeggjað sverð.“

Árni var liðtækur í tónlistarbransanum á Íslandi áður en hann flutti til Bretlands og lék meðal annars á bassa með hljómsveitunum Kimono og Future Future. Hann játar að gríðarlegur munur sé á bransanum hér heima og því sem hann er að upplifa erlendis, en The Vaccines er á mála hjá Columbia-útgáfurisanum.

„Þetta er merkilegt. Breskur tónlistariðnaður er kallaður *iðnaður* af ástæðu – það eru hundruð manna sem vinna að einstökum verkefnum. Við gætum aldrei náð þessari athygli sem við höfum fengið ef það væri ekki fyrir hjálp frá ótrúlegasta fólki,“ segir hann. „Manni finnst að þetta eigi að gerast svo náttúrulega, en svo lítur maður bak við tjöldin og sér að það hefur aldrei gerst.“

Árið 2011 fer vel af stað hjá Árna og félögum í The Vaccines. Hljómsveitin er bókuð á tónleika þangað til í október, hún verður ein af hljómsveitunum á sérstakri NME-verðlaunatónleikaferð í febrúar og er tilnefnd sem besta nýja hljómsveitin af sjónvarpsstöðinni MTV. Þrátt fyrir mikla athygli úr ýmsum áttum segir Árni þá félaga einbeita sér að því að halda sér á jörðinni og standast eigin væntingar.

„Það er bara svolítið erfitt vegna þess að fólk kemur ekki endilega að sjá okkur vegna þess að það hefur heyrt góða hluti og langar að sjá hvort við séum góð hljómsveit – fólk er að spá í hvort við séum í besta hljómsveit í heimi eða ekki,“ segir Árni. „Það er erfitt fyrir unga hljómsveit að standast þær væntingar.

En ef við ætlum að vera fastir í því þyrftum við sífellt að bregðast sjálfum okkur og það er ekki hægt að vinna þannig. Við verðum bara að gera okkar besta.“

atlifannar@frettabladid.is

Vilja Airwaves-hátíð í Hörpu

„Við erum að skoða þetta á fullu. Ef allt heppnast viljum við fara þarna inn,“ segir Grímur Atlason, skipuleggjandi tónlistarhátíðarinnar Iceland Airwaves. Svo gæti farið að hátíðin verði að hluta til haldin í nýja tónlistarhúsinu Hörpu á næsta ári. Þar með myndi Harpa bætast í hóp tónleikastaða á borð við Nasa, Listasafn Reykjavíkur, Iðnó og Sódómu Reykjavík sem hafa hingað til hýst Airwaves.

Að sögn Gríms verður ákveðið á nýju ári hvort Harpan verði næsti viðkomustaður hátíðarinnar. „Við fórum þangað og skoðuðum. Salirnir komu dálítið á óvart. Þeir eru dálítið flottir, sérstaklega hliðarsalirnir. Þeir eru mjög stórir og góðir og gætu gert lukku,“ segir hann. Salirnir taka annars vegar 1.500 manns standandi og hins vegar rúmlega 1.000 manns og því um stór rými að ræða sem gætu nýst Grími og aðstoðarfólki hans vel. „Við verðum kannski ekki þarna klukkan þrjú um nóttina en með þessu væri hægt að fjölga aðeins áhorfendum, sem er mikilvægt fyrir okkur rekstrarlega séð.“

Forsvarsmenn Hörpunnar vilja að sem flestar tónlistarstefnur fái að njóta sín í húsinu, þar á meðal popp- og rokktónlist, og yrði koma Airwaves-hátíðarinnar þangað því til að undirstrika þann vilja.

Spurður hvers konar flytjendur myndu fá að spreyta sig í Hörpunni segir Grímur ekkert ákveðið um það. Sænska söngkonan Robyn, sem söng í Listasafni Reykjavíkur í haust, hefði þó vel getað sómt sér þar að hans mati. „Það hefði verið gaman að hafa hana í aðeins stærri húsi.“ **- fb**

GRÍMUR ATLASON Grímur vonast til að Airwaves-hátíðin verði haldin í Hörpunni á næsta ári.

ENDUM AFMÆLISÁRIÐ MEÐ BRJÁLUÐUM BOMBUM!

Kauptu sjónvarp og fáðu bardagatertu í kaupbæti!*

Risaterta að verðm. 27.990 fylgir

50PK950N

Verð 399.995 kr.

50" LG Full HD Plasma 600Hz

- Glæsilegt 50 tommu Full HD 600Hz Plasma sjónvarp með þunnum sjónvarpsramma
- 1920x1080 punkta upplausn • Stafrænn móttakari • 4 x HDMI • THX
- DivX HD afspilun af USB 2.0 • spilar MKV skrár

Risaterta að verðm. 27.990 fylgir

42LD750N

Verð 229.995 kr.

42" LG Full HD LCD 200Hz

- Glæsilegt 42 tommu Full HD LCD sjónvarp • 200 Hz • 1920x1080 punkta upplausn 3 x HDMI • LAN, 2 x USB 2.0 • WiFi • DLNA og DivX HD afspilun af USB 2.0 • spilar MKV skrár

Risaterta að verðm. 27.990 fylgir

42PJ650N

Verð 179.995 kr.

42" LG HD Ready Plasma

- 42 tommu HD-Ready Plasma sjónvarp með afar þunnum sjónvarpsramma • 1366x768 punkta upplausn • 600 Hz. Stafrænn móttakari • USB tengi • 2 x HDMI • DivX HD afspilun af USB 2.0
- spilar MKV skrár

Risaterta að verðm. 27.990 fylgir

TX-P50S20E

Verð 289.995 kr.

50" Panasonic Full HD Plasma 600Hz

- 50 tommu Plasma sjónvarp með frábærum myndgæðum • 1920x1080 punkta upplausn
- 600Hz tækni • V-Real Pro 4 myndúrvinnslu

*Gildir einungis með völdum tækjum og á meðan birgðir endast. Tilboðinu lýkur 31.12 2010.

FLUGELDAMARKAÐIR BJÖRGUNARSVEITANNA

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

BJÖRGUNARSVEITIN ÁRSÆLL

25 ára

Hátækni

1985 - 2010

Opið: virka daga 9.30–18.00. Gamlársdag 9.30–12.00.

Verslun Ármúla 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 103238

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

VÍSIR.IS
Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Afmælissöngurinn sunginn fyrir prestinn

Séra Gunnar Sigurjónsson, prestur í Digraneskirkju, varð fimmtugur á aðfangadag jóla. Hann þjónaði til altaris í aftansöngnum á aðfangadagskvöld. Í upphafi messunnar var nafni prestsins varpað upp á vegg og sagt að hann væri fimmtugur. Kirkjukórinn hóf því næst að syngja afmælissönginn. Bæði prestinum og kirkjugestum virtist bregða nokkuð í brún við þetta uppátæki kórsins.

Fína fólkið skemmtir sér

Undirbúningur stendur nú yfir fyrir árlega nýársveislu veitingamannsins Andrésar Péturs Rúnarssonar. Veislan hefur verið haldin um árabil og var í fyrra á Hótel Borg. Veislustjóri í ár verður háðfuglinn **Sólmundur Hólm Sólmundarson** sem getið hefur sér gott orð fyrir að herma eftir fólki á borð við Pálma Gunnarsson, Gylfa Ægisson og gestum úr sjónvarpsþættinum Hringekjunni. Hápunktur kvöldsins verður þó væntanlega þegar **Nonni kjuði** og félagar í hljómsveitinni Diktu stíga á svið og skemmta prúðbúnum gestum Andrésar Péturs.

- hdm

Mest lesið VÍSIR.IS

1. Lítur út fyrir að Ísland sé hinn fullkomni staður fyrir glæpi"
2. Íslensk fjölskylda hélt jól með Obama
3. Hjón á sjötugsaldri klemmdu þjófinn í glugganum
4. Þjófarnir elska Facebook
5. Einbýlishúsið tekið af Jóhannesi í Bónus